


skoðun 22

SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Allt




STEFNUMÓT VIÐ VÍSINDAMENN
Allir velkomnir í Háskólabíó
kl. 17-22 föstudaginn 23. september!
Láttu sjá þig!
Vísinda Vaka
rannís

# FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur
22. september 2011
221. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA
2001 - 2011
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011



**Flytur Deluxe í heild**
*Nýdönsk fagnar 20 ára útgáfuafmæli Deluxe.*
tímamót 34

**Útsendingum fjölgar**
*Háskólabíó sýnir beint frá uppfærslu Royal Opera House á óperunni Faust.*
fólk 66



**Tvö töpuð stig**
*Íslensku stelpurnar náðu aðeins jafntefli gegn Belgum í undankeppni Evrópumótsins í gær.*
sport 58

**veðrið í dag**




**BJART** eða bjart með köflum sunnanlands en minnkandi væta um landið norðanvert. Fremur hægur vindur og hiti á bilinu 5 til 13 stig, mildast sunnan til.
VEÐUR 4



**HUGFANGNIR FERÐAMENN VIÐ GULLFOSS** Töluvert var um ferðafólk við Gullfoss í gær þegar Sigríðarstígur var formlega opnaður en einnig hefur aðgengi ferðamanna við fossinn verið bætt. Stígurinn er lagður til minningar um Sigríði í Brattholti og baráttu hennar fyrir verndun Gullfoss snemma á síðustu öld.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Icesave er á leiðinni fyrir EFTA-dómstól

**Tvö hundruð milljarðar kunna að verða greiddir úr þrotabúi Landsbankans inn á Icesave-reikninga á næstu mánuðum. ESA mun engu að síður fara með málið fyrir EFTA-dómstólinn. Kröfur á Íslendinga gætu aukist um 475 milljarða þar.**

**EFNAHAGSMÁL** ESA, eftirlitsstofnun EFTA, mun ekki bíða eftir uppgjöri þrotabús Landsbankans heldur fara með Icesave-málið fyrir EFTA-dómstólinn, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Trygve Mellvang-Berg, upplýsingafulltrúi ESA, vildi ekki tjá sig um málsmeðferðina við Fréttablaðið. Hann staðfesti þó að stofnunin hefði gefið íslenskum stjórnvöldum frest til mánaðamóta til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra, hefur sagt að endurheimtur úr búi bankans hafi efnisleg áhrif í málinu.

ESA lítur ekki þannig á málið, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Stofnunin telur að íslensk stjórnvöld beri ábyrgð á greiðslu lágmarkstryggingar, rúmlega 20 þúsund evra á hvern innstæðueiganda. Íslensk stjórnvöld hafi lýst því yfir að fé fáist upp í lágmarkstryggingarnar og þeirra sé að greiða það fé. Þegar það verði gert verði fallið frá dómsmálinu.

**200** milljarðar verða mögulega greiddir úr þrotabúi Landsbankans inn á Icesave á næstunni.

Lárus Blöndal, hæstaréttarlögmaður sem átti sæti í samninganefnd Íslands í viðræðum við Breta og Hollendinga, segir að greiðslur úr þrotabúi Landsbankans hefjist væntanlega í næsta mánuði, staðfesti Hæstiréttur dóm héraðsdóms um gildi neyðarlaganna. Gert er ráð fyrir að dómur gangi á næstu vikum.

Verði þetta niðurstaða Hæstaréttar má gera ráð fyrir að greiddir verði út um 400 milljarðar til forgangskröfuhafa og af þeim gangi um 200 milljarðar til greiðslu á lágmarksinnistæðum vegna Icesave. Eftir standa þá um 475 milljarðar af fjárhæð lágmarkstryggingarinnar.

Lárus segir að verði skoðun ESA staðfest, um að Íslendingum hafi borið að tryggja lágmarksinnstæður á Icesave-reikningum, muni Bretar og Hollendingar væntanlega krefjast vaxta á þá fjárhæð sem þeir greiddu út á árinu 2008, eins og þeir hafi gert til þessa. Upphaflegu Icesave-samningarnir gerðu ráð fyrir 5,55 prósenta vöxtum, en síðari samningar 2,57 prósenta vöxtum.

Lárus tekur fram að um vangaveltur um óorðna hluti sé að ræða, en ef dómstóllinn komist að þeirri niðurstöðu að um mismunun hafi verið að ræða sé mögulegt að Bretar og Hollendingar geri þá kröfu að Íslendingum hafi borið að tryggja allar innstæður að fullu eins og gert var í íslenskum útibúum Landsbankans en ekki einungis lágmarkstrygginguna, eða 1.150 milljarða í stað 675 milljarða. Þá yrði vaxtakrafa þeirra væntanlega af þeirri upphæð. **- kóp**

Framboð og eftirspurn ræður:

## Sæðisbanki vill ekki rauðhærða

**DANMÖRK** Danski sæðisbankinn Cyros er farinn að vísa frá rauðhærðum körlum sem vilja selja sæði. Forstjóri bankans, Ole Schou, segir að þeim sem vilja selja sæði hafi fjölgað gríðarlega undanfarin ár og þess vegna sé nú einkum farið að vísa þeim rauðhærðu frá þar sem þeir séu of margir miðað við eftirspurn.

Sæði úr rauðhærðum er þó enn vinsælt á Írlandi, að sögn forstjóra sæðisbankans sem selur gjafasæði til yfir 65 landa.

Enn er mikil eftirspurn eftir sæði úr körlum með dökkt hár og brún augu, einkum í S-Evrópu. **- ibs**

Gráða & feta
ostateningar í olíu
HVÍTA HÚSIÐ/SÍA




BÓKA LAGERSALA
RISAlagersala Forlagsins er á Fiskislóð 39
Opið til kl. 21.00 í kvöld!
FORLAGIÐ
www.forlagid.is
allt að 90% afsláttur
Yfir 1000 titlar



## SPURNING DAGSINS



*Gunnar, er ekki flóafriður fyrir þessum hvalaskoðunarbátum?*

„Það er nægur friður fyrir skoðunarbátum rétt utar í flóanum þar sem hrefnan liggur.“

Gunnar Bergmann Jónsson, formaður hrefnuveiðimanna, segir hvalaskoðunarfyrirtæki fæla hrefnur burt úr Faxaflóa með stöðugu áreiti.

Ríkisstuðningur við landbúnað hefur minnkað mjög:

# Ísland nálægt toppnum

**EFNAHAGSMÁL** Stuðningur hins opinbera við landbúnað í aðildarríkjum OECD hefur minnkað verulega á síðustu árum.

Alls greiddu OECD-ríkin 172 milljarða evra, eða 30.000 milljarða króna, til framleiðenda í landbúnaði á árinu 2010 og nam þessi stuðningur 18 prósentum af heildartekjum framleiðenda að meðaltali.

Ríkisstuðningur við landbúnað er samt sem áður afar misjafn milli OECD-ríkjanna. Hann er mestur í Noregi, þar sem hann er 60 prósent, Sviss, Japan og hér á Íslandi, en minnstur er hann á Nýja-Sjálandi, eða aðeins eitt prósent.

Þetta kemur fram í nýrri skýrslu frá alþjóðlegu Efnahagssamvinnu- og framfarastofnuninni, OECD.

Í skýrslunni segir að hér á landi hafi stuðningur við landbúnaðarframleiðslu minnkað um 30 prósentustig frá árunum 1986-88 til áranna 2006-2008. Hlutfallið hélt áfram að lækka frá 2008 til 2010 úr 52 prósentum niður í 45 prósent. **- gb**

## Þróun ríkisstuðnings við landbúnað

Hlutfall af heildartekjum landbúnaðar




Dæmd á skilorð fyrir smygl:

# Kona var tekin með 98 hasseiningar innvortis

**DÓMSMÁL Kona á fimmtugsaldri var í gær dæmd í þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir hasssmygl hingað til lands.**

**Konan, sem er af erlendu bergi brotin, flutti á síðasta ári frá Marokkó og hingað til lands, gegnum London, rúm 339 grömm af hassi, sem hún faldi í samtals 98 einingum í líkama sínum. Hluta efnisins ætlaði hún til söludreifingar.**

**Konan játaði brot sitt. Hún hefur ekki sætt refsingu áður svo vitað sé.** **- jss**



**HINGAÐ OG EKKI LENGRA** Annar þeirra sem reyndi að flýja eftir árekstur í gær handtekinn af lögreglu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Annarlegir á stolnum bíl:

# Reyndu að flýja eftir árekstur

**LÖGREGLUMÁL** Tveir menn um hálfþrítugt voru eltir uppi í gær þegar þeir reyndu að flýja eftir að bíll sem þeir voru á lenti á kyrrstæðum bíl við N1 í Fossvogi á sjötta tímanum í gær. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni voru mennirnir tveir á stolnum bíl af Plymouth-gerð og báðir í annarlegu ástandi og ökuréttindalausir. Þeir eru svokallaðir góðkunningjar lögreglunnar og gistu fangageymslur í nótt. Svo vill til að þeir eiga ýmis óuppgerð mál sem nú verða tekin til skoðunar. **- gar**



**HRINGBRAUT** Samkvæmt tillögu sem nú er til skoðunar hjá skipulagsyfirvöldum borgarinnar yrði nafni Hringbrautar vestur af Melatorgi breytt í Þórbergsstræti. FRÉTTABLAÐIÐ/SAMSETT MYND

# Vill að Hringbrautin verði Þórbergsstræti

**Borgarbúi sem kveðst vera skyggnigáfumaður segir Þórberg Þórðarson heitinn vilja að nafni Hringbrautar verði breytt í Þórbergsstræti. Hugmyndin góð segir Þórbergssérfræðingur sem efast þó um að skáldið vilji vegtyllur eftir dauðann.**

**SKIPULAGSMÁL** „Þannig er mál með vexti að ég er með bón til þín að handan,“ segir í bréfi til Jóns Gnarr borgarstjóra frá manni sem kveðst vera „skyggnigáfumaður“ og leggur til að nafni Hringbrautar vestan Melatorgs verði breytt í Þórbergsstræti.

Bréfritarinn kveðst hafa verið að ganga framhjá þar sem Þórbergur Þórðarson skáld bjó á Hringbraut þegar honum barst bæn um að nafni götunnar yrði breytt í Þórbergsstræti. Þórbergur, sem lést árið 1974, hafði í lifanda lífi mikinn áhuga á veröldinni eftir jarðlífið.

„Ég hef verið í beinu sambandi við Þórberg og hugsað þetta. Eins og við höfum verið að vinna saman þá væri hugmyndin sú frá hringtorginu tæki gatan nafnið Þórbergsstræti,“ útskýrir skyggnigáfumaðurinn og bendir á að borgarstjórinn sé einmitt opinn fyrir breytingum á götuheitum. „Ég vona að þú takir vel í þessa hugmynd hjá okkur félögunum,“ undirstrikar hann.

Borgarstjóri sendi erindið til skipulagsstjóra. „Mér líst vel á að nefna götur eftir fólki og að nota heitin stræti og götur. En ég er hikandi við að breyta nafni gamalgróinnar götu eins og Hringbrautarinnar,“ segir Hjálmar Sveinsson, varaformaður skipulagsráðs.

Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir, sem skrifaði BA-ritgerð um Þórberg og vinnur nú að útgáfu bókar um sendibréf til Þórbergs, segir að sér lítist afar vel á hugmyndina um nafnabreytinguna.

„Mér finnst þetta mjög góð hugmynd og ég styð hana. Bæði bjó Þórbergur á Hringbraut 45 og gekk mikið á hverjum einasta degi og jafnvel oft á dag um þessar götur. Ef það á að hampa einhverjum eftir dauðann þá finnst mér mjög viðeigandi að það sé Þórbergur – og nafnið er fallegt líka,“ segir Þórunn sem aðspurð kveður Þórberg aldrei hafa gefið andaheiminn upp á bátinn.

„Mér finnst það hins vegar ekki líkt Þórbergi að vilja einhverjar vegtyllur eftir dauðann og trúi því nú eiginlega ekki að hann sé að nota tímann þarna hinumegin til þess að reyna að fá einhverjar götur nefndar í höfuðið á sér. Ég held að Þórbergur sé kominn lengra og sé að stússa í einhverju öðru – hann er að minnsta kosti ekki að hugsa um götuheiti í Reykjavík,“ segir Þórunn Hrefna.

**gar@frettabladid.is**

Sex slösuðust í Kömbunum:

# Klippa þurfti mann út úr bíl

**SLYS** Einn slasaðist alvarlega í bílslysi efst í Kömbunum um fimmleytið í gærdag. Ekki er þó talið að hann sé í lífshættu.

Tveir bílar rákust þar saman og er talið að annar þeirra hafi verið að fara inn á veginn af bílastæði sem liggur að útsýnispalli sem þar er.

Einn maður var í öðrum bílnum og fimm í hinum. Allir sex voru fluttir á spítala, en fimm voru með minni háttar meiðsl.

Beita þurfti klippum til að ná þeim sem slasaðist mest út úr bílnum. **- jhh**

Samstöðudagur í dag:

# Samstaða sýnd við sendiráðið

**FÉLAGSMÁL Félagið Ísland-Palestína stendur í dag fyrir samstöðudegi til stuðnings við umsókn Palestínumanna um að land þeirra verði viðurkennt sem sjálfstætt ríki á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.**

**Komið verður saman fyrir utan sendiráð Bandaríkjanna við Laufásveg í Reykjavík klukkan fimm síðdegis. Þar ætlar hópurinn að hvetja til þess að greiða atkvæði með sjálfstæði Palestínuríkis, þrátt fyrir yfirlýsingar um að beita neitunarvaldi í öryggisráðinu.**

**Elva Björk Barkardóttir, laganemi við friðarháskóla Sameinuðu þjóðanna, tekur til máls á fundinum og ræðir ástandið.** **- gb**

## VIÐSKIPTI

### Hermann nýr forstjóri Sjóvár

Hermann Björnsson hefur verið ráðinn forstjóri Sjóvár. Hann tekur við starfinu af Lárusi Ásgeirssyni. Hermann er lögfræðingur að mennt og starfaði áður sem framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Arion banka.






Ný skýrsla Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um fjármálastöðugleika birt í gær:

# Fjármálakerfið aftur á hættusvæði

**WASHINGTON, FRÉTTABLAÐIÐ** Stöðugleiki fjármálastofnana heims hefur minnkað verulega á síðustu mánuðum vegna ýmissa áfalla. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) um fjármálastöðugleika sem kynnt var í gær. José Vinal, framkvæmdastjóri hjá AGS, sagði fjármálakerfið aftur komið á hættusvæði á blaðamannafundi í höfuðstöðvum sjóðsins í gær. Þá kallaði hann eftir víðtækum aðgerðum til stuðnings við efnahagsbatann á Vesturlöndum.

„Nokkur áföll hafa skekið alþjóðlega fjármálakerfið að undanförnu. Komið hafa fram skýr merki um að hægst hafi á hagvexti á Vesturlöndum, titringur hefur verið á mörkuðum á evrusvæðinu auk þess sem lánshæfismat Bandaríkjanna var lækkað,“ sagði Vinal og bætti við: „Hægur hagvöxtur, brothættir efnahagsreikningar fjármálastofnana og ríkja og veik stjórnmál hafa þar að auki dregið úr trausti á mörkuðum og er óhætt að tala um krísu í því samhengi.“

Í skýrslunni er fjallað nokkuð um pólitíska óvissu bæði í Evrópu og Bandaríkjunum. Þar segir að ýmislegt hafi verið gert til að takast á við vandræði evrusvæðisins. Hins vegar hafi reynst erfitt að sætta sjónarmið bæði innan og milli ríkja um framtíðarstefnumörkun í evrusamstarfinu sem hafi staðið í vegi fyrir varanlegri lausn. Um Bandaríkin segir í skýrslunni að áhyggjur hafi magnast verulega af getu stjórnmálamanna þar í landi til að komast að niðurstöðu um hvernig ná skuli jafnvægi í ríkisfjármálum landsins.

Loks er í skýrslunni kallað eftir hraustlegum viðbrögðum frá stjórnvöldum víða um heim til að bregðast við stöðunni sem upp er komin. „Leiðin að sjálfbærum efnahagsbata er þrengri en áður en hefur þó ekki horfið. Við þurfum hins vegar að bregðast við núna, af krafti og í alþjóðlegu samráði,“ sagði Vinal á blaðamannafundinum í gær. **- mþl**



**FRÁ FUNDI AGS** AGS kallar í nýrri skýrslu eftir hraustlegum viðbrögðum til varnar brothættum efnahagsbata á Vesturlöndum. NORDICPHOTOS/AFP


Kringlan
Miðnætur SPRENGJA
Verslanir opnar til miðnættis.
Glæsileg tilboð og frábær skemmtiatriði.
14-22 Tape-Art listamenn að störfum (á bíógangi)
17-24 „Baðaðu þig í sviðsljósinu“ og þú gætir unnið gjafakort!
17-24 DJ Bensol spilar
17-19 Kaffi frá Kaffitári og konfekt frá Nóa Siríusi
17-22 Förðunarráðgjöf og kynning á snyrtivörum
18-22.30 Lifandi brass jazz hér og þar
20.00 Sigríður Thorlacius syngur
20.00 Breakdans (á bíógangi)
20.30 Valdimar og Bogomil Font
20.30-21 Sýningarhópur SalsaIceland fer dansandi um húsið
21.00 Tískusýning – haust og vetrartískan
21.30 Viltu læra salsa? SalsaIceland kenna grunnsporið
22.00 Of Monsters and Men troða upp
22.30 Jón Jónsson tekur lagið
24.00 Miðnætursýningar í Kringlubíói (2 fyrir 1)
Skráðu þig á póstlistann okkar og þú gætir unnið 100.000 kr. gjafakort!
facebook.com/kringlan.is
Aðeins þennan eina dag
20–50% afsláttur
Kynntu þér frábær tilboð frá yfir 100 verslunum í auglýsingu aftar í blaðinu!
www.kringlan.is

## GENGIÐ 21.09.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 116,58 | 117,14 |
| Sterlingspund | 182,64 | 183,52 |
| Evra | 159,26 | 160,16 |
| Dönsk króna | 21,381 | 21,507 |
| Norsk króna | 20,52 | 20,64 |
| Sænsk króna | 17,503 | 17,605 |
| Japanskt jen | 1,527 | 1,536 |
| SDR | 182,99 | 184,09 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
215,1126

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Gríska stjórnin boðar skyndiniðurskurð til viðbótar fyrri aðhaldsaðgerðum:

# Eftirlaun lækka, skattar hækka

**GRIKKLAND, AP** Gríska stjórnin tilkynnti í gær um meiri niðurskurð, sem ráðist verður í á næstunni til þess að fullnægja skilyrðum Evrópusambandsins og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Almenningur í Grikklandi var fyrir orðinn harla þreyttur á aðhaldsaðgerðum stjórnarinnar, sem hafa haft í för með sér lægri tekjur, meiri skatta, minni bætur og meira atvinnuleysi.

Stjórninni hafði engu að síður ekki tekist að sýna fram á að fyrri aðhaldsaðgerðir myndu duga til þess að greiða næstu afborganir af skuldasúpu landsins, þrátt fyrir veglega fjárhagsaðstoð frá ESB og AGS.

Nýju sparnaðaráformin ganga út á að eftirlaun umfram ákveðna lágmarksupphæð verða almennt lækkuð um 20 prósent, en eftirlaunaþegar sem eru yngri en 55 ára missa 40 prósent af eftirlaunum sínum.

Þá missa 10 þúsund ríkisstarfsmenn vinnuna fyrir árslok til viðbótar þeim 20 þúsund sem þegar hafa verið reknir. Auk þess verða skattleysismörk lækkuð um ríflega þriðjung. - gb



**MÓTMÆLI Í AÞENU** Opinberir starfsmenn í Grikklandi eru engan veginn ánægðir með loforð stjórnarinnar. NORDICPHOTOS/AFP

350 milljónir barna í vanda:

# Sár skortur á menntuðu fólki

**SAMFÉLAGSMÁL** Að minnsta kosti 350 milljónir barna í heiminum hitta aldrei heilbrigðisstarfsmann um ævina. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Barnaheilla – Save the Children.

Þjóðarleiðtogar komu saman á allsherjarþingi SÞ í New York í gær og ræddu meðal annars skort á heilbrigðisstarfsmönnum í heiminum. Börn frá Nígeríu, Eþíópíu og Líberíu eru fimm sinnum líklegri til að deyja fyrir fimm ára afmæli sitt en börn í löndum þar sem nóg er af heilbrigðisstarfsmönnum. - sv



**MIKHAÍL KHODORKOVSKI** Fyrrverandi framkvæmdastjóri Yukos situr í fangelsi. NORDICPHOTOS/AFP

Réttarhöld voru ósanngjörn:

# Rússneska ríkið braut á Yukos

**RÚSSLAND, AP** Mannréttindadómstóll Evrópu komst að þeirri niðurstöðu að málaferli rússneska ríkisins gegn olíufyrirtækinu Yukos stæðust ekki ákvæði mannréttindasáttmála Evrópu. Fyrirtækið, sem var lagt niður árið 2003, hefði hvorki fengið sanngjarna málsmeðferð né sanngjarnan dóm.

Dómstóllinn taldi sig þó engar forsendur hafa til að kveða upp þann úrskurð, að pólitískar hvatir hefðu legið að baki málaferlunum.

Dómstóllinn frestaði því að kveða upp úrskurð um skaðabótakröfu upp á 11.000 milljarða króna á hendur rússneska ríkinu. Þetta er stærsta bótakrafa, sem dómstóllinn hefur þurft að taka afstöðu til í hálfrar aldar sögu hans. - gb

# Sjö ára fangelsi fyrir mjög gróft barnaníð

**Miðaldra Vestmannaeyingur hefur verið dæmdur í sjö ára fangelsi fyrir gróf kynferðisbrot gegn þremur ungum stúlkum. Myndaði sjálfan sig nauðga einni þeirra. Maðurinn sagðist hjá geðlækni haldinn klámfíkn en ekki barnagirnd.**

**DÓMSMÁL** Karlmaður frá Vestmannaeyjum, 47 ára að aldri, hefur verið dæmdur í Héraðsdómi Suðurlands í sjö ára fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn þremur stúlkum, sem voru börn að aldri þegar athæfið átti sér stað. Þá var maðurinn dæmdur til að greiða þeim samtals 4,2 milljónir króna í miskabætur.

Upphaf málsins var 31. maí á síðasta ári þegar móðir eins fórnarlambsins kærði manninn til lögreglu fyrir kynferðisbrot gegn dóttur sinni. Maðurinn var handtekinn, en sleppt tveimur klukkustundum síðar.

Lögregla lagði hald á tölvubúnað heima hjá honum. Þar reyndist vera gífurlegt magn af ljósmyndum og hreyfimyndum, sem sýndu mjög grófa kynferðislega misnotkun á börnum og jafnvel börn í kynferðisathöfnum með dýrum.

Voru ljósmyndirnar rúmlega 8.500 talsins og hreyfimyndirnar 662, samtals 64 klukkustundir að lengd. Síðast en ekki síst hafði maðurinn tekið hreyfimyndir og ljósmyndir af ítrekuðum ódæðisverkum sínum, þar á meðal nauðgun, gagnvart stúlkunni þegar hún var á aldrinum sjö til átta ára.

Hann hafði komist í tæri við barnið á þeim tíma sem hann var í sambandi við móður þess, um árabil. Maðurinn var einnig sakfelldur fyrir brot gegn vinkonu litlu stúlkunnar, sem hann hafði brotið á þegar hún fékk að gista heima hjá vinkonu sinni.

Við rannsókn málsins lét maðurinn þau orð falla að hann hefði fengið „svona í andlitið áður frá móður þriðju stúlkunnar,“ sem hann bjó með um hríð. Hafði lögreglan í kjölfarið samband við þá síðastnefndu sem staðfesti að maðurinn hefði brotið gegn sér þegar hún var tíu til ellefu ára. Hafi hann síðar rétt sér 2.000 krónur og sagt „fyrirgefðu“.

Maðurinn var látinn gangast undir geðrannsókn og mat geðlæknir hann „örugglega“ sakhæfan. Geðlæknirinn kvað hann gera lítið úr barnahneigð sinni og vilja meina að hún sé ekki til staðar, hins vegar hafi hann viðurkennt klámfíkn sína. Dómurinn sagði hann ekki eiga sér neinar málsbætur.

jss@frettabladid.is



**BRAUT GEGN STÚLKUM** Karlmaðurinn var dæmdur fyrir kynferðisbrot gegn þremur stúlkum í Héraðsdómi Suðurlands. NORDICPHOTOS/GETTY

## Ljósið í augum stúlkunnar slokknað

Umsjónarkennari og stuðningskennari þeirrar stúlku sem maðurinn braut grófast gegn lýstu líðan hennar fyrir dómi:

„Hún hafi sýnt einkenni hrikalegrar vanlíðunar og lýsti vitnið því svo að ljósið í augum stúkunnar hafi slokknað. Þá hafi stúlkan dregið sig undir borð og ruggað sér, en engin leið hafi verið að ná sambandi við hana. Þá hafi stúlkan verið hrædd við að ganga ákveðnar götur.“

Stúlkan hafi breyst úr því „… að vera hrókur alls fagnaðar, nokkuð vinsæl og örugg með sig í það að einangra sig frá öðrum, fara undir borð, stúlkunni hefði liðið illa og ekki mátt koma við hana.“ Stúlkan hafi horfið inn í sjálfa sig að mati vitnisins.

Nýjar vindmyllur árið 2012:

# Framleiða 4% danskrar orku

**ORKUMÁL Norræni fjárfestingarbankinn og danska orkufyrirtækið DONG Energy hafa samið um lán að upphæð 240 milljónir evra. Með því mun fyrirtækið fjármagna byggingu 111 vindmylla úti fyrir ströndum Danmerkur.**

**Hver vindmylla um sig framleiðir 3,6 megavött og saman munu myllurnar 111 sjá meira en 400 þúsund dönskum heimilum fyrir orku. Það samsvarar fjórum prósentum af orkuþörf Danmerkur.**

**Vindmyllurnar verða staðsettar úti fyrir eyjunni Anholt í Kattegat.** - kóp

Verð á innlendu efni hækkar:

# Byggingarvísitala hækkar

**EFNAHAGSMÁL** Vísitala byggingarkostnaðar um miðjan september hækkaði um 111,3 stig, sem er 0,7 prósenta hækkun frá fyrra mánuði. Verð á innlendu efni hækkaði um 2,1 prósent á sama tíma. Þetta kemur fram í tölum frá Hagstofu Íslands. Vísitalan hefur hækkað um 8,1 prósent á síðustu tólf mánuðum.

Verð á innfluttu efni lækkaði milli mánaða um 0,6 prósent, en verð fyrir vélar, flutning og orkunotkun hækkaði samtals um 0,8 prósent. Vísitalan gildir í október. - kóp

## LÖGREGLUMÁL

### Hundur beit konu

Kona var bitin af hundi í miðborg Reykjavíkur í fyrrakvöld. Konan hugðist klappa hundinum, sem var tjóðraður við staur á einkalóð, en hann brást við með því að bíta hana.

### Ók dópuð með barn sitt

Kona um þrítugt var stöðvuð við akstur á höfuðborgarsvæðinu í fyrradag. Hún var undir áhrifum fíkniefna. Með í för var barnið hennar. Konan var handtekin og barnaverndaryfirvöld upplýst um málið.

## HAFNARFJÖRÐUR

### Vilja gögn um Hjallastefnu

Fræðsluráð Hafnarfjarðar hefur ítrekað að gögn þurfi að berast frá mennta- og menningarmálaráðuneyti vegna starfsleyfis Barnaskóla Hjallastefnunnar og vill jafnframt svör um framkvæmd samræmdra prófa vegna nemenda í fjórða bekk skólans þar sem ekki komi fram á skóladagatali hvenær þau eigi að fara fram.


ÓKEYPIS KYNNINGARTÍMAR Í KVÖLD!

Komdu í hóp með þeim sem ná árangri.
Kynningartímar í kvöld.

Reykjavík: Ármúli 11, 3. hæð.
Fullorðnir kl. 20:00 | Ungt fólk 16–25 ára kl. 19:00

Akureyri: Greifinn, 2. hæð.
Fullorðnir kl. 20:00 | Ungt fólk 13–20 ára kl. 18:00

DALE CARNEGIE® ÞJÁLFUN
Ármúla 11, 108 Reykjavík
Sími: 555 7080 ı Fax 555 7081
www.dale.is


## VEÐURSPÁ



Ingibjörg Karlsdóttir veðurfréttamaður

**SKIN EÐA SKÚRIR** verða á landinu í dag. Úrkoman verður að mestu bundin við landið norðanvert og fer minnkandi þegar á daginn líður. Bjartast verður austan til en vestanlands verður skýjað með köflum. Síðdegis á morgun bætir í vind og fer að rigna sunnan til.




**Á MORGUN** Síðdegis verður vaxandi vindur og úrkoma sunnanlands.

**LAUGARDAGUR** Strekkingur eða allhvasst um tíma.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 27° |
| Basel | 27° |
| Berlín | 17° |
| Billund | 14° |
| Frankfurt | 19° |
| Friedrichshafen | 20° |
| Gautaborg | 15° |
| Kaupmannahöfn | 15° |
| Las Palmas | 26° |
| London | 18° |
| Mallorca | 28° |
| New York | 26° |
| Orlando | 31° |
| Ósló | 15° |
| París | 19° |
| San Francisco | 23° |
| Stokkhólmur | 15° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Sigríður Hallgrímsdóttir sigridurh@frettabladid.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir sigurlaug@365.is, Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Guðný Gunnlaugsdóttir gunny@365.is, KYNNINGARSTJÓRI: Einar Skúlason einar.skulason@365.is


Frystikistur
20% afsláttur
Frigor
5 ára ábyrgð
67.920
84.900
248 ltr.
ORKUNÝTING B
Frystikista
TM 300.
H-85cm.B-92cm.D-60cm.
Frystirými 248 ltr.
1805487
Höggborvél
Skil 6280,
550 W, 110 fylgihlutir
5158850
SKIL
5.995
9.995
Verkfæri
20-70% afsláttur
Laufsuga/blásari IKRA
2500W 45 ltr. poki.
5083654
8.495
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR
ÚTSALA ÁRSINS!
Við bætum enn fleiri vörum við útsöluna!
Útimálning og viðarvörn
25% afsláttur
JOTUN
Mur
damixa
Damixa blöndunartæki
15-50% afsláttur
OSRAM
Sparperur og Glóperur
25% afsláttur
Softshell
Jakki, dömu/herra.
5863572-8/5863606-10
Tilboð!
10 stk Rósir
1.499 kr.
Skjólveggir
20-30% afsláttur
Fatnaður
20-60% afsláttur
4.990
7.990
4.990
8.390
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR
*LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR
ÚTSALA gildir ekki af vörum merktum
" Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar".
enda er það lægsta verð sem við bjóðum á hverjum tíma.
blómaval
HÚSASMIÐJAN

## KJÖRKASSINN



*Telur þú hættu stafa af landnámi nýrra skordýrategunda á Íslandi?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 70% |
| NEI | 30% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Á að banna hrefnuveiðar á Faxaflóa?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Félagsráðgjafar hjá Reykjavíkurborg fara fram á 38 prósenta launahækkun:

# Allt stefnir í allsherjarverkfall á mánudag

**KJARAMÁL** Félagsráðgjafar funduðu með fulltrúum frá Reykjavíkurborg hjá Ríkissáttasemjara í gær. Fundinum lauk upp úr hádegi án árangurs og er annar boðaður klukkan tvö í dag.

Félagsráðgjafar fara fram á 38 prósenta launahækkun. Fyrir fundinn, sem hófst klukkan 10.30 í gærmorgun, var ákveðið að taka ekki tilboði borgarinnar, sem hljóðaði upp á 10 prósenta hækkun. Allt stefnir því í allsherjarverkfall á mánudag.

Félagsráðgjafar sem starfa hjá Reykjavíkurborg eru 108 talsins. Þeir starfa flestir hjá þjónustumiðstöðvum borgarinnar, barnavernd og á skrifstofu velferðarsviðs. Ljóst þykir að verkfall muni raska starfsemi á þeim stöðum verulega.

Edda Ólafsdóttir, félagsráðgjafi hjá þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða, segir verkfallið munu hafa miklar afleiðingar fyrir marga og þá helst undirmálsfólkið í samfélaginu.

„Við erum að berjast fyrir jafnrétti innan borgarinnar og erum langeygar eftir kjarabótum og að starf okkar verði metið til jafns við aðrar starfsstéttir," segir Edda. „Fyrir um fimm árum var ákveðið að fara í starfsmat hjá borginni og þar var okkur sagt að þar væri möguleikinn á að hækka í launum. Það hefur ekki gerst."

Edda bendir á að til samanburðar megi geta þess að samkvæmt kjarakönnun frá árinu 2010 voru verkfræðingar hjá Reykjavíkurborg með 499 þúsund krónur að meðaltali í föst mánaðarlaun og tæknifræðingar með 465 þúsund krónur. Ofan á það bættist svo yfirvinna.

Til viðmiðunar megi taka dæmi af heildarlaunum 55 ára félagsráðgjafa með 20 ára starfsreynslu sem voru í febrúar í fyrra 357 þúsund krónur og séu enn þá óbreytt. **- sv**



**REYKJAVÍKURBORG** Félagsráðgjafar Reykjavíkurborgar eru 108 talsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


# NÚ GETUR ÞÚ GERT GÓÐ KAUP

**Við bjóðum síðustu A-húsin á frábæru verði. Komdu og ræddu við sölumenn okkar og gerðu góð kaup.**

## A-LINER EXPEDITION

| Tæknilýsing | |
|---|---|
| Eigin þyngd | 952 kg |
| Heildarþyngd | 1588 kg |
| Lengd | 549 m |
| Breidd | 213 m |




## A-LINER CLASSIC

| Tæknilýsing | |
|---|---|
| Eigin þyngd | 694 kg |
| Heildarþyngd | 907 kg |
| Lengd | 458 cm |
| Breidd | 198 cm |




REYKJAVÍK
Fiskislóð 1 • Sími 580 8500
mán.–fös. 10–18 • lau. 10–16
ellingsen.is

Ellingsen – FULLT HÚS ÆVINTÝRA

PIPAR\TBWA • SÍA




**SKÁLHOLTSKIRKJA** Verið er að endurbyggja nýja Þorláksbúð á rústum þeirra gömlu. Deilt er um staðarvalið fyrir nýbygginguna. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Vilja að ekkert skyggi á kirkjuna í Skálholti

**Erfingjar Harðar Bjarnasonar sem teiknaði Skálholtskirkju telja endurbyggingu Þorláksbúðar við hlið kirkjunnar skyggja á verk Harðar. Árni Johnsen segir erfingjana vart eiga að ráða um aldur og ævi hvað gert sé í Skálholti.**

**FRAMKVÆMDIR** Afkomendur Harðar Bjarnasonar, fyrrum húsameistara ríkisins og hönnuður Skálholtskirkju, eru ósáttir við gerð svonefndrar Þorláksbúðar í nágrenni kirkjunnar og segja ekkert samráð hafa verið haft við sig vegna málsins.

Veggir að Þorláksbúð hafa verið hlaðnir ofan á fornum tóftum, en framkvæmdir hafa staðið frá því í fyrrasumar. Enn á eftir að setja upp tréverk fyrir framhlið og þak, en til stendur að ljúka þeim framkvæmdum í næstu viku.

Skálholtskirkja var vígð 1963, en börn Harðar, Ágústa og Hörður, eru nú að honum liðnum handhafar höfundarréttar kirkjubyggingarinnar. Ágústa segir í samtali við Fréttablaðið að ekkert samráð hafi verið haft við hana og bróður hennar. Þau vilji alls ekki að Þorláksbúð rísi á þessum stað þar sem um tilfinningamál sé að ræða og nýbyggingin muni skaða ásýnd kirkjunnar.

„Faðir okkar og Sveinbjörn heitinn biskup voru prímus mótorar í byggingu kirkjunnar. Þeir hefðu viljað að umhverfi hennar fengi að halda sér og ekkert myndi skyggja á kirkjuna," sagði Ágústa. „Við höfum ekkert á móti því að Þorláksbúð verði byggð, en þá mætti byggja hana annars staðar á svæðinu."

Vegna þessa ósættis var málið tekið upp í kirkjuráði og var fjallað um það á fundi í gær. Talsmenn kirkjunnar vildu ekki tjá sig um málið eða afgreiðslu þess eftir fundinn. Kristján Valur Ingólfsson, nývígður vígslubiskup í Skálholti, sagði í viðtali við Stöð 2 fyrir nokkru að hann væri þeirrar skoðunar að bíða ætti með að taka ákvörðun um framhaldið þar til að öll óvissa um hvort farið hafi verið eftir reglum væri úr sögunni.

„Þetta er ansi seint í rassinn gripið," segir Árni Johnsen, sem er einn af forvígismönnum verkefnisins. „Staðsetningin er einfaldlega á rústum gömlu Þorláksbúðarinnar. Staðarvalið var ákveðið með deiliskipulagi árið 1996 og þá bárust engin andmæli. Þetta var allt unnið faglega en það er augsýnilega búið að egna þetta fólk upp á lokastigi framkvæmdarinnar. Smíðinni lýkur í næstu viku."

Árni kvaðst ekki vilja tjá sig um hugsanlegan rétt erfingja hönnuðar Skálholtskirkju. „En það getur varla verið að þeim hafi verið ætlað að ráða um aldur og ævi að ráða því hvað verður gert í Skálholti," segir Árni sem kveður nýja húsið vera lítið og fallegt. „Við teljum að þegar þetta er komið í höfn vildu allir Lilju kveðið hafa."

**thorgils@frettabladid.is**
**gar@frettabladid.is**

Aflaverðmæti nam tæpum 70 milljörðum á fyrri helmingi ársins:

# Verðmæti afla eykst á milli ára

**SJÁVARÚTVEGUR** Aflaverðmæti íslenskra fiskiskipa nam 69,7 milljörðum króna fyrstu sex mánuði ársins. Það er aukning um 1,3 milljarða króna frá sama tíma í fyrra, eða um 1,9 prósent á milli ára. Þetta kemur fram í tölum frá Hagstofu Íslands.

Botnfiskur er enn sem fyrr verðmætasti aflinn, nam alls 48,4 milljörðum króna, en verðmæti hans dróst þó engu að síður saman um 4,4 prósent. Verðmæti uppsjávarafla jókst um 20,4 prósent, nam 13,3 milljörðum króna á fyrstu sex mánuðum ársins.

Alls skapaði vinnsla innanlands 33,3 milljarða króna og jókst verðmætið þar um fimmtán prósent. Verðmæti útflutnings í gámum dróst hins vegar saman um 40 prósent frá sama tíma og í fyrra. **- kóp**



# RISA TAX FREE DAGAR

## ALVÖRU KJARABÓT!

Mesta vöruúrvalið* á betra verði!

fimmtudag, föstudag, laugardag, sunnudag og mánudag

### ALLT Í EINNI FERÐ...

SNYRTIVÖRUR...FATNAÐUR...SKÓR...LEIKFÖNG...
BÚSÁHÖLD...GARN...RÚMFÖT... HANDKLÆÐI...
KERTI...SERVÍETTUR

### ...ÁN VIRÐISAUKASKATTS

DAGANA 22. - 26. SEPTEMBER

*Mesta úrvalið af snyrtivörum!**

*Fatnaður og skór á alla fjölskylduna!*



*Búsáhöld fyrir heimilið!*

*Leikföng fyrir káta krakka!*

# TAX FREE DAGAR

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.

* Samkvæmt markaðsrannsókn Capacent júní 2009, 2008 og 2006

Tilboðin gilda út mánudaginn 26. september 2011.

24 Hagkaup
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
Eiðistorg & Akureyri

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# Stafganga Nýtt námskeið

**Kennsla 24. september kl. 09.00-11.00**
**Stafganga í boði á eftirtöldum tímum.**
Þrið kl.16.30, fim kl.09.30 og laug. kl.10.00
Verð kr. 6.500 kennsla
(kennsla + 4 tímar)
Verð kr. 3.900
(5 tíma kort fyrir þá sem hafa lært stafgöngu áður)



HEILSUBORG
Faxafeni 14 www.heilsuborg.is

Skráning í s: 560-1010 eða á mottaka@heilsuborg.is



**20%** afsláttur af Vitabiotics vítamínum í Lyfjum & heilsu

afslátturinn gildir til 30. september 2011




**VITABIOTICS VÍTAMÍNLÍNAN**
fæst í öllum verslunum Lyfja & heilsu

Finndu það vítamín sem hentar þér og þú færð öll næringarefni sem þú þarfnast.

Kynntu þér vítamínin nánar á Vitabiotics síðunni á Facebook.

VITABIOTICS
WHERE NATURE MEETS SCIENCE

Lyf & heilsa
við hlustum!



FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN

# ÍÞRÓTTIR Á ÞÍNUM HEIMAVELLI

m.visir.is
Fáðu Vísi í símann!

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval.
Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir.

vísir




**FRÉTTASKÝRING:** Sjálfstæðisáform Palestínumanna

# Obama reynir að stöðva umsókn Palestínuríkis

**Bandaríkjaforseti vill að Ísraelar og Palestínumenn haldi áfram samningaviðræðum. Beiti Bandaríkjamenn neitunarvaldi sínu í öryggisráði gæti það magnað tortryggni gagnvart þeim í arabaheiminum, sem þó er veruleg fyrir.**

Barack Obama Bandaríkjaforseti segist sannfærður um að friður takist ekki nema með samkomulagi Ísraela og Palestínumanna. Að því marki sé ekki hægt að stytta sér leið.

„Friður fæst ekki með yfirlýsingum og ályktunum á vettvangi Sameinuðu þjóðanna – ef það væri svo einfalt þá væri búið að gera það,“ sagði hann í ræðu sinni á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í gær.

Obama hefur hvatt Palestínumenn til að hætta við að sækja um viðurkenningu Sameinuðu þjóðanna á sjálfstæði Palestínuríkis. Hann sagðist þeirrar skoðunar að Palestínumenn eigi að fá sitt eigið ríki, en þó með því skilyrði að Palestínumenn viðurkenni Ísrael og öryggi Ísraels sé tryggt.

Afstaða Bandaríkjanna kemur ekki á óvart, enda hafa þeir lýst því yfir að þeir muni beita neitunarvaldi í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna berist umsókn Palestínumanna um sjálfstæði þangað.

Bandaríkjastjórn vill þó umfram allt forðast að þurfa að beita neitunarvaldi gegn Palestínumönnum, enda myndi það magnast enn frekar tortryggni og andúð íbúa í arabaheiminum gagnvart Bandaríkjunum.

Tímasetningin er líka slæm fyrir Obama, sem á fullt í fangi með harðvítugar deilur innanlands og getur því varla beitt sér að ráði á alþjóðavettvangi fyrr en næsta haust þegar kosningar í Bandaríkjunum verða afstaðnar.

Einmitt þessi veikleiki Bandaríkjanna getur hins vegar hentað Palestínumönnum vel, því erfiðara verður að standa á móti kröfum þeirra þegar Bandaríkin spyrna ekki fast á móti.

Ísraelar eru sömuleiðis veikir fyrir þessa stundina, nú þegar ólga og uppreisnarandi er víðast hvar í arabaríkjunum með þeim afleiðingum meðal annars, að ráðamenn arabaríkjanna gætu veigrað sér við að sýna Ísraelum linkind. Samskipti Ísraelsstjórnar við Egyptaland, sem áratugum saman hefur verið einn helsti bandamaður Ísraels í arabaheiminum, eru í uppnámi eftir að Hosni Mubarak var steypt af stóli. Og samskiptin við Tyrkland, sem eins og Egyptaland hefur reynt að koma mjög til móts við Ísrael, eru nánast að engu orðin út af árás Ísraelshers á skipalest, sem siglt var frá Tyrklandi í áttina að Gasaströnd á síðasta ári til að vekja athygli á einangrun íbúanna þar.




> Friður fæst ekki með yfirlýsingum og ályktunum á vettvangi Sameinuðu þjóðanna – ef það væri svo einfalt þá væri búið að gera það.
>
> **BARACK OBAMA**
> FORSETI BANDARÍKJANNA

Palestínumenn hafa þó jafnan sagt tímasetninguna ráðast af því að nú í september rennur út sá frestur sem Bandaríkin, Rússland, Evrópusambandið og Sameinuðu þjóðirnar höfðu veitt Ísraelum og Palestínumönnum til að komast að samkomulagi um tveggja ríkja lausn.

Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti stakk síðan upp á því, í ræðu sinni á allsherjarþinginu í gær, að enn á ný verði Palestínumönnum og Ísraelum gefinn tímarammi: Innan mánaðar skuli hefja viðræður, hálft ár verði tekið í að komast að niðurstöðu um landamæri og öryggismál, en endanlegum samningum verði lokið á einu ári.



**FÁNUM FLAGGAÐ Í BETLEHEM** Spenna ríkir meðal Palestínumanna, sem komu saman í gær víða á herteknu svæðunum. NORDICPHOTOS/AFP


**Guðsteinn Bjarnason**
gudsteinn@frettabladid.is




## Umsókn Palestínumanna og hugsanleg afdrif hennar

Mahmoud Abbas, forseti Palestínustjórnar, ætla á föstudaginn að afhenda Ban Ki Moon, framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, formlega ósk um að Sameinuðu þjóðirnar viðurkenni sjálfstæði Palestínuríkis.

Samkvæmt reglum Sameinuðu þjóðanna mun Ban Ki Moon leggja þessa umsókn fram í öryggisráði samtakanna, þar sem níu af fimmtán aðildarríkjum þess þurfa að veita samþykki sitt. Fimm þessara fimmtán ríkja hafa þó neitunarvald og Bandaríkin, sem eru eitt þeirra, hafa sagst ætla að beita neitunarvaldi sínu í þessu máli.

Fari svo að Bandaríkin beiti neitunarvaldi sínu í öryggisráðinu, eða ef Abbas ákveður að draga umsókn sína til baka, þá getur hann engu að síður leitað til allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna. Þar nægir einfaldur meirihluti til þess að veita Palestínu áheyrnaraðild, sem er sama staða og Páfagarður hefur og Sviss hafði allt til ársins 2002.

Frelsissamtök Palestínu, PLO, hafa reyndar fyrir hönd Palestínumanna haft áheyrnaraðild á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna síðan 1988. en þá lýsti Jasser Arafat, leiðtogi PLO, einhliða yfir stofnun sjálfstæðs ríkis Palestínu.

Áheyrnaraðild Palestínuríkis að allsherjarþinginu myndi þó veita Palestínumönnum mun veigameiri réttindi, meðal annars til þess að ræða og taka afstöðu til mála og ályktana á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, án þess þó að mega greiða atkvæði um mikilvæg mál.

# Ekki missa af þessu!

## Einstakt tækifæri til að eignast nýlegan bíl á frábæru verði!

Verðdæmi:

**Nissan Qashqai**
árgerð 2011
kostar nýr kr. 5.440.000



~~Viðmiðunarverð kr. 5.090.000~~
**Okkar verð kr. 4.590.000**

**Suzuki Grand Vitara SS**
árgerð 2011
kostar nýr kr. 5.290.000



~~Viðmiðunarverð kr. 4.890.000~~
**Okkar verð kr. 4.390.000**

**Toyota Corolla Verso, 7 manna**
árgerð 2008



~~Viðmiðunarverð kr. 2.590.000~~
**Okkar verð kr. 2.190.000**

ergo

býður uppá **80%** fjármögnun til kaupa á árgerðum 2009–2011

**Eftirtaldir bílar verða seldir:**

Suzuki Swift, Toyota Corolla, Toyota Corolla Verso, Suzuki Grand Vitara, Nissan Qashqai, Nissan X-Trail, Ford Fiesta Diesel, Ford Transit, Landrover Defender, Subaru Forrester Diesel

**Allir bílarnir eru í mjög góðu ástandi.**

Allir bílarnir verða til sýnis og sölu í höfuðstöðvum okkar að Smiðjuvegi 1, Kópavogi, sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| fimmtudaginn | 22. september, | kl. 10.00–19.00 |
| föstudaginn | 23. september, | kl. 10.00–19.00 |
| laugardaginn | 24. september, | kl. 10.00–17.00 |
| sunnudaginn | 25. september, | kl. 12.00–17.00 |

Verðdæmi:

**Suzuki Swift**
árgerð 2008



~~Viðmiðunarverð kr. 1.890.000~~
**Okkar verð kr. 1.590.000**

**Nissan X-Trail**
árgerð 2011
kostar nýr kr. 6.240.000



~~Viðmiðunarverð kr. 5.890.000~~
**Okkar verð kr. 5.290.000**

**Ford Transit, 9 manna**
árgerð 2008



~~Viðmiðunarverð kr. 3.690.000~~
**Okkar verð kr. 3.190.000**

ÁTAK
CAR RENTAL
Síðan 1979




Átak bílaleiga - Smiðuvegi 1 - Kópavogi - Sími 554 6040 - www.atak.is

Án kjarasamninga í tæplega 300 daga og krefjast leiðréttingar launa sinna:

# Lögreglumenn þreyttir á ofríki

**KJARAMÁL** „Lögreglumenn eru þreyttir á ofríki því sem þeim er sýnt og skilningsleysi gagnvart neikvæðri launaþróun þeirra.“

Svo segir í ályktun félagsfundar Lögreglufélags Reykjavíkur sem var samþykkt í fyrradag.

Lögreglumenn krefjast leiðréttingu launa sinna miðað við launaþróun annarra stétta síðastliðin tíu ár og segjast eiga betra skilið frá ríkinu.

Lögreglumenn hafa verið án kjarasamninga í tæpa 300 daga. Nú í annað sinn hefur kjaramálum lögreglu verið vísað í gerðardóm meðan aðrar stéttir hafa náð fram samningum við viðsemjendur sína.

„Lögreglumenn geta ekki beitt verkfallsvopni í kjarabaráttu sinni líkt og aðrar stéttir hafa beitt með viðunandi árangri,“ benda lögreglumenn á. „Vegna vopnlausrar baráttu okkar virðist ríkið ekki leggja mikla áherslu á að semja við lögreglumenn sem verða nú í annað sinn að lúta dómi gerðardóms í sinni kjarabaráttu.“

Þeir benda enn fremur á að rekstur lögregluembættanna sé að stærstum hluta laun lögreglumanna. Ríkisvaldið setji síendurteknar kvaðir um niðurskurð til reksturs þeirra, sem þýði fækkun lögreglumanna og lækkun launa þeirra sem eftir standa. **- jss**



**LÖGREGLUMENN** Segjast eiga betra skilið frá ríkinu.

Nýsköpun í opinberum rekstri:

## Vilja tilnefningar til verðlauna

**STJÓRNSÝSLA Frestur forstöðumanna ríkisstofnana til að skila tilnefningum til verðlauna fyrir nýsköpun í opinberum rekstri rennur út 1. október næstkomandi. Með verðlaununum er ætlunin að draga athygli að nýsköpun og þróunarverkefnum í starfsemi hins opinbera og stuðla að nýsköpun þar.**

**Fjármálaráðuneytið stendur fyrir veitingu verðlaunanna í samvinnu við Félag forstöðumanna ríkisstofnana, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og fleiri. - bj**



**UPPÁKLÆDDUR** Pissustyttan fræga í Brussel klædd í félagsbúning vélhjóla- og slökkviliðsmanna í tilefni þess að tíu ár eru liðin frá hryðjuverkunum 11. september. NORDICPHOTOS/AFP



**VÁBOÐAR Í NOREGI** Forstjóri norska fjármálaeftirlitsins segir ýmis teikn á lofti um að fasteignabóla sé að myndast þar í landi. NORDICPHOTOS/AFP

Fasteignamarkaður í Noregi:

## Sjá merki um bólumyndun

**NOREGUR Fasteignamarkaðurinn í Noregi er farinn að bera með sér mörg merki ofþenslu. Í frétt Dagens Næringsliv kemur fram að húsnæðisverð hefur hækkað um 9,4 prósent síðustu tólf mánuði og skuldsetning hefur aukist mikið, þrátt fyrir ýmsar ráðstafanir þarlendra yfirvalda.**

**Haft er eftir Morten Baltzersen, nýráðnum forstjóra norska fjármálaeftirlitsins, að hann geti ekki fullyrt að fasteignabóla sé að myndast.**

**„En því lengur sem þessi þróun heldur áfram, þeim mun meiri áhætta er á bólumyndun.“ - bj**

Námsstyrkir í boði:

## Einstæðir foreldrar sæki um

**SAMFÉLAGSMÁL** Félag einstæðra foreldra úthlutar í næsta mánuði námsstyrkjum fyrir haustönn þessa árs, en umsóknarfrestur rennur út hinn 30. september.

Í tilkynningu frá félaginu segir að hlutverk námssjóðsins sé að hvetja og styrkja einstæða foreldra til náms. Eru félagsmenn í námi því hvattir til að sækja um. Umsóknareyðublöð má finna á vef félagsins en nánari upplýsingar má fá á skrifstofu félagsins að Vesturgötu 5 í Reykjavík. **- þj**

# Kærir VR fyrir brot á jafnréttislögum

**Kærunefnd jafnréttismála hefur borist kæra vegna afsláttarherferðar VR. Jafnréttisstofu hafa borist tvær ábendingar og segir lögfræðingur herferðina á gráu svæði. Fjarstæðukennt að málið stangist á við lög, segir formaður VR.**

**JAFNRÉTTISMÁL** Kærunefnd jafnréttismála barst í gær formleg kæra vegna auglýsingaherferðar VR. Kærandinn er Hallur Reynisson, starfsmaður Hagkaupa á Akureyri, og segir hann í kærunni að VR og á annan tug verslana sem hafa veitt konum 10 prósenta afslátt undanfarið til að vekja athygli á launamun kynjanna, séu að mismuna landsmönnum eftir kyni. Þá hefur Jafnréttisstofu einnig borist tvær ábendingar frá körlum varðandi afsláttarherferðina.

Hallur segist vera mikill jafnréttissinni og kynbundinn launamunur í samfélaginu sé óásættanlegur.

„Ég tel þó sýnt að það halli ekki á annað kynið í verði eða þjónustu þeirra fyrirtækja sem taka þátt í þessum aðgerðum, þ.e.a.s. ekki fyrr en með þeim aðgerðum að láta karla greiða hærra verð en konur,“ segir Hallur í kærunni.

Ingibjörg Elíasdóttir, lögfræðingur hjá Jafnréttisstofu, segir aðgerðir VR og verslananna vera á gráu svæði og segir að þær geti stangast á við jafnréttislög. Hún bendir á að jákvæð hugsun liggi þó að baki afsláttarherferðinni og að því leytinu til nái hún markmiði sínu; að vekja athygli á málinu.

Leyfilegt sé að beita sértækum aðgerðum til að jafna stöðu þess kyns sem halli á á ákveðnum sviðum. „En ég er efins um að þessi leið fallist undir sértæka aðgerð, því í eðli sínu er hún það ótengd launaákvörðunum,“ segir Ingibjörg. „Laun eru ekki álög eða yfirnáttúrulegt fyrirbæri, eins og má skilja af auglýsingaherferð VR. Ákvarðanir eru teknar af launagreiðendum sem ákveða að greiða konum lægri laun en körlum. Það er það sem þarf að takast á við.“

Stefán Einar Stefánsson, formaður VR, segir það fjarstæðukennt að afsláttarherferðin stangist á við lög.

„Það kemur mér mjög á óvart að Hallur hafi ekki lagt fram kæru fram að þessum tíma vegna þess misréttis sem viðgengst alla daga gagnvart konum í landinu,“ segir Stefán. „Ef hann væri samkvæmur sjálfum sér þá hefði hann verið búinn að því.“

Stefán segir herferðina eins konar gjörning til vitundarvakningar. „Við erum ekki að hvetja til afsláttar til að leiðrétta muninn beint, heldur óbeint. Enda er afslátturinn svo lítill að hann skiptir næstum engu máli,“ segir hann og bendir á að alls kyns dæmi um afslátt og ólík tilboð til kynjanna séu fyrir hendi og nefnir þar kvenna- og karlakvöld og kynjaskiptar líkamsræktarstöðvar. Í yfirlýsingu sem Hagkaup sendi frá sér í gær segir að það sé stefna fyrirtækisins að greiða sömu laun fyrir sömu vinnu. Þá sé Hagkaup stolt af því að styðja átak VR gegn kynjabundnum launamun. **sunna@frettabladid.is**

**Auglýsing VR**




**AFLÉTTUM ÁLÖGUNUM** Lögfræðingur Jafnréttisstofu segir auglýsingu VR gefa til kynna að kynbundinn launamunur sé eitthvað af yfirnáttúrulegum toga, en ekki af mannavöldum. MYND/VR

> Ég er efins um að þessi leið fallist undir sértæka aðgerð, því í eðli sínu er hún það ótengd launaákvörðunum.
>
> **INGIBJÖRG ELÍASDÓTTIR** LÖGFRÆÐINGUR JAFNRÉTTISSTOFU



**EGILSSTAÐIR** Nóg af hæfu fólki og lausu húsnæði.

Nóg af fólki og húsnæði:

## Vilja opinber störf á Hérað

**ATVINNUMÁL** Bæjarráð Fljótsdalshéraðs segir mikla möguleika til að taka við starfsemi opinberra stofnana á Egilsstöðum. Þar sé gott skrifstofuhúsnæði og framboð á fólki með fjölbreytta menntun og starfsreynslu. Opinberum störfum hafi fækkað á Austurlandi. „Mikilvægt er til að byggð þróist eðlilega að fjölbreytni starfa sé sem mest,“ segir bæjarráðið og bendir á að miðað við upplýsingar í fjölmiðlum sé mikið álag á starfsfólki hjá Umboðsmanni skuldara og Íbúðalánasjóði. Fljótsdalshérað sé reiðubúið til að starfa fljótt og vel að flutningi opinbera starfa austur. „Starfsemi af þessu tagi gæti farið af stað innan örfárra vikna frá því að ákvörðun er tekin.“ **- gar**

Ákærður fyrir ránstilraun:

## Með hníf og vildi peninga

**DÓMSMÁL Ríkissaksóknari hefur ákært tæplega þrítugan karlmann fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir tilraun til ráns.**

**Manninum er gefið að sök að hafa laugardaginn 15. maí 2010 farið vopnaður hnífi og með andlit sitt hulið inn í verslunina Mini Market í Drafnarfelli 2, ógnað þar afgreiðslustúlku með hnífnum og skipað henni að afhenda sér peninga. Maðurinn hvarf á braut þegar afgreiðslustúlkan hljóp frá og kallaði á annan starfsmann. - jss**

Jón Ásgeir Jóhannesson hefur stefnt Birni Bjarnasyni:

# Krefur Björn um milljón

**DÓMSMÁL** Jón Ásgeir Jóhannesson athafnamaður hefur stefnt Birni Bjarnasyni, fyrrverandi dómsmálaráðherra, fyrir dóm vegna meiðyrða. Hann krefur Björn um milljón króna í miskabætur og 300 þúsund krónur að auki til að kosta birtingu dómsins í dagblaði.

Birni var afhent stefnan í fyrradag. Honum er gert að mæta við þingfestingu málsins í Héraðsdóm Reykjavíkur 4. október.

Málið snýst um bók Björns, Rosabaug yfir Íslandi, sem fjallaði um Baugsmálið og áhrif þess á íslenskt samfélag.

Jón Ásgeir telur að Björn fari á þremur stöðum í bókinni rangt með staðreyndir svo varði við meiðyrðalöggjöfina. Hann hafi verið sagður ákærður í ákæruliðum sem sneru aðeins að öðrum, sakfelldur fyrir ákærulið sem hann var sýknaður af og dæmdur fyrir fjárdrátt, þegar raunin sé að hann hafi aðeins verið dæmdur fyrir bókhaldsbrot.



**JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON**

„Stefnandi vill ekki una því að fyrrverandi dómsmálaráðherra, löglærður maður, skrifi bók og fari rangt með staðreyndir í umfjöllun um svo viðkvæmt mál sem Baugsmálið er,“ segir í stefnunni.

Björn birti leiðréttingu á vef sínum og í Morgunblaðinu í sumar eftir að hafa fengið bréf frá lögmanni Jóns Ásgeirs. Í stefnunni er leiðréttingin sögð hafa verið í skötulíki. Þá hafi krafa um að bókin yrði innkölluð verið hunsuð. **- sh**

Ráðherra breyti lögum:

## Vilja selja kökur til fjáröflunar

**MATVÆLI** Stjórn Slysavarnafélagsins Landsbjargar tekur undir áskorun Kvenfélagasambands Íslands um að ráðherra sjávarútvegs- og landbúnaðarmála breyti matvælalögum sem koma í veg fyrir sölu á heimabakstri í fjáröflunarskyni og í þágu góðgerðamála.

Í lögum um matvæli frá 1995 segir að öll matvælafyrirtæki þurfi að hafa starfsleyfi.

Í reglugerð nr. 506 frá 2010 segir meðal annars að matvælafyrirtæki megi ekki vera í íbúð, að því er Sigurður Örn Hansson, forstöðumaður matvælaöryggis og neytendamála hjá Matvælastofnun, greinir frá.

„Framleiðsla og dreifing matvæla er jafnframt háð leyfi heilbrigðisnefndar.“ **- ibs**




# nettó
Kræsingar & kostakjör



**KJÚKINGUR**
HEILL
**699** kr/kg
áður 849 kr/kg

# SLÁTURTÍÐIN HEFST!



**LIFRARPYLSA**
2 STK. FROSIN
ÓSOÐIN
**698** kr/pk.
áður 829 kr/pk.
GOÐI



**BLÓÐMÖR**
2 STK. FROSIN
ÓSOÐIN
**648** kr/pk.
áður 795 kr/pk.
GOÐI



**SVÍNAHNAKKASNEIÐAR**
**SVÍNALÆRISSTEIK**
FERSK
40% afsláttur
**1.199** kr/kg
áður 1.998 kr/kg



**SLÁTUR 3 STK.**
FROSIÐ
**3.989** kr/kg
áður 4.898 kr/kg



**KJÚKLINGABRINGUR**
OKKAR
**1.998** kr/kg
áður 2.295 kr/kg



**SPERGILKÁL**
ÍSLENSKT
50% afsláttur
**199** kr/kg
áður 399 kr/kg



**LIFUR**
FERSK
25% afsláttur
**299** kr/kg
áður 398 kr/kg
KJÖTSEL



**RISA-SMÁKÖKUR**
**HAFRA/SÚKKULAÐI**
BAKAÐ Á STAÐNUM*
50% afsláttur
**99** kr/stk.
áður 198 kr/stk.
*GILDIR EKKI UM NETTÓ SALAVEGI



**COCA-COLA**
6X330ML
33% afsláttur
**395** kr/pk.
áður 589 kr/pk.

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**
Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær - Borgarnes

**Tilboðin gilda 22. - 25. sept.**
eða meðan birgðir endast

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
markhonnun.is

# neytendur
hagur heimilanna

**1.480 KRÓNUR** var meðalverðið á kílói af lifrarkæfu í ágúst síðastliðnum samkvæmt mælingu Hagstofu Íslands. Kílóverðið var 1.261 að meðaltali árið 2009 og 1.092 árið 2007.

■ Matvæli

## Sjávarskyr með þara, aðalbláberjum og blómahunangi

Ný íslensk skyrafurð verður kynnt á Sjávarútvegssýningunni í Kópavogi næstkomandi laugardag kl. 13 til 15. Skyrið inniheldur þara af tegundinni Marínkjarni úr Breiðafirði, lífræna mjólk frá Biobú, íslensk aðalbláber og lífrænt blómahunang. Enginn viðbættur sykur né aukaefni eru í skyrinu. Jón Trausti Kárason og Kjartan Trauner hafa þróað skyrið í samvinnu við Matís en það sigraði í íslensku Ecotrophelia-keppninni. Skyrið mun þess vegna keppa í evrópsku Ecotrophelia-keppninni í október þar sem valin verður vænlegasta og vistvænsta nýsköpunarhugmyndin á matvælasviði árið 2011.




■ Vátryggingar

## Háar fjárhæðir geta sparast sé leitað tilboða í tryggingar

Neytendasamtökin mæla með því að leitað sé tilboða hjá fleiri en einu tryggingafélagi þegar komið er að endurnýjun vátrygginga. Á heimasíðu samtakanna er bent á að iðgjöld fyrir tryggingar geti verið mjög ógagnsæ. Iðgjöld einstakra tryggingа geti til að mynda verið mishá eftir því hversu margar tryggingar viðkomandi er með, hversu lengi hann hafi verið í viðskiptum við félagið, hversu mörg tjón hafi orðið og svo framvegis. Þess vegna geti verið erfitt að átta sig á því hvað þurfi til svo að iðgjöldin lækki eða af hverju þau hækki.

Ein besta leiðin til að halda tryggingafélögunum á tánum sé að leita tilboða í tryggingarnar sínar á hverju ári hjá öllum tryggingafélögunum.

Oft geti sparast háar fjárhæðir með því að leita tilboða.



# Misdýrt hjá dýralæknum

**Allir dýraspítalar á Íslandi eru einkareknir. Þjónustan þar er ekki niðurgreidd af ríkinu og þess vegna bregður sumum stundum í brún þegar þeir fá í hendur reikning fyrir heilbrigðisskoðun, bólusetningu, ormahreinsun og tannhreinsun á hundinum sínum eða kettinum. Dýralæknar mega ekki hafa verðsamráð og ættu gæludýraeigendur að kanna hvar verðið er hagstæðast.**



**DÝRALÆKNIR** Helga Finnsdóttir segir dýralækna ekki mega hafa samráð um verð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Komugjald á Dýralækningastofu Helgu Finnsdóttur er 5.072 krónur fyrir hunda og ketti. Innifalið í því er heilbrigðisskoðun og klipping á klóm. Annað leggst ofan á komugjaldið.

Ef bólusett er bætist verðið fyrir bóluefnið við en það er tæpar 2.000 krónur. Ef hundur er bæði bólusettur og bandormahreinsaður er heildarverðið frá 7.250 til 10.000 krónur eftir þyngd hundsins,“ segir Vigdís Tryggvadóttir dýralæknir.

Örmerking með skráningu í gagnagrunn kostar í kringum 3.700 krónur og tannhreinsun kostar um 13.000. Ofan á þann kostnað bætist lyfja- og efniskostnaður vegna svæfingarinnar við tannhreinsunina, að því er Vigdís greinir frá. „Þetta verð getur þó breyst eftir því hvort í ljós kemur að draga þurfi úr tönn og hversu langan tíma aðgerðin tekur.“

Ófrjósemisaðgerð á læðu kostar 17.000 krónur með lyfjum. Eyrnamerking er innifalin í ófrjósemisaðgerðinni. Ef læðan er jafnframt bólusett og örmerkt er boðið upp á pakkaverð og er þá heildarverðið 21.500 krónur með skráningu í gagnagrunn.

Heildarverð fyrir ófrjósemisaðgerð á tíkum er frá um 52.000 krónum með lyfjum og efni.“

Um er að ræða leiðbeinandi verð þar sem forsendur í aðgerð geta breyst, að því er Helga Finnsdóttir dýralæknir greinir frá.

Katla Guðrún Harðardóttir, dýralæknir á Dýraspítalanum í Víðidal, segir komugjaldið þar vera 5.000 krónur fyrir hunda og ketti. „Innifalið í komugjaldinu er almenn heilbrigðisskoðun. Verð á bandormahreinsun fer eftir stærð dýrsins. Fyrir 5 kg hund kostar hreinsunin 5.400 krónur en 7.000 krónur fyrir 40 kg hund og er þá komugjaldið innifalið. Verðið á hreinsuninni fer eftir magni lyfja sem fer í hundinn. Ormahreinsun og bólusetning fyrir 5 kg hund kostar samtals 8.140 krónur með komugjaldi en fyrir 40 kg hund 9.600 krónur. Ef köttur er bæði bólusettur og ormahreinsaður er verðið samtals 6.900 krónur.“

Örmerking á köttum og hundum kostar 6.400 krónur. „Við veitum hins vegar 50 prósenta afslátt af örmerkingu ef hún er gerð með öðru þar sem við erum að hvetja fólk til að örmerkja dýrin.“

Tannhreinsun á hundi kostar 16.300 krónur en á ketti 11.000 krónur með lyfjum og efnum, að sögn Kötlu.

Ófrjósemisaðgerð á læðu kostar 14.400 krónur með lyfjum og efnum, á tík undir 25 kg 55.000 en 60.000 krónur ef tíkin er yfir þeirri þyngd.

Aflífun hunds á Dýraspítalanum í Víðidal kostar 6.500 til 7.500 krónur og fer verðið eftir því lyfjamagni sem þarf. Aflífun á ketti kostar 5.800 krónur. Aflífun og almenn brennsla á ketti kostar 8.200 krónur.

Verð á brennslu hunda fer eftir þunga þeirra. „Ef hundurinn er lítill og brennslan er almenn kostar hún 10.000 krónur. Ef hundur er 25 kg og yfir fer ekki meira í ofninn í einu. Verð á aflífun, sérbrennslu og boxi fyrir öskuna er á bilinu 30.000 til 35.000 krónur,“ segir Katla.

ibs@frettabladid.is





Amerískir dagar
ÍSLANDS NAUT
Stolt kjötmeistaranna
100%
FULLMEYRNAÐ GÆÐAKJÖT
TILBÚIÐ BEINT Á PÖNNUNA, OFNINN EÐA GRILLIÐ
LEIÐBEININGAR
Framhryggur
Framhluti
Spjaldhryggur
Læri
Lærleggur
Rif
Síða
TILBOÐ 25% afsláttur við kassa
TILBOÐ
PRIMERIB
2.924 kr/kg.
Verð áður 3.895.-
TILBOÐ 25% afsláttur við kassa
TILBOÐ
RIBEYE
2.924 kr/kg.
Verð áður 3.895.-
TILBOÐ 25% afsláttur við kassa
TILBOÐ
ENTRECOTE
2.924 kr/kg.
Verð áður 3.895.-
TILBOÐ
BUFFALÓ KJÚKLINGALUNDIR
2.249 kr/kg.
Verð áður 2.998.-
TILBOÐ 25% afsláttur við kassa
Restaurant Style
2 hamborgarar
stk. x 120 gr
m/ brauði og sósu
TILBOÐ
RESTAURANT STYLE 2 HAMBORGARAR
629 kr/pk.
Verð áður 898.-
TILBOÐ 30% afsláttur við kassa
TILBOÐ
TEXAS KJÚKLINGA LEGGIR
678 kr/kg.
Verð áður 969.-
TILBOÐ 30% afsláttur við kassa
TILBOÐ
SVÍNAKÓTILETTUR Í JACK DANIELS BBQ
1.189 kr/kg.
Verð áður 1.698.-
TILBOÐ 30% afsláttur við kassa
Gourmet Texas salsa
TILBOÐ 20% afsláttur við kassa
Bone suckin vörur
– þær eru crazzzzy
Root beer
– öðruvísi gosdrykkur
Snyder´s
– snakk sem bragð er af
Spennandi gosdrykkir
– prófaðu eitthvað nýtt
TILBOÐ
269 kr/stk.
Verð áður 399.-
1.399 kr/stk.
Hunt´s tómatvörur
– klikka ekki
Kanilbrauð
– ekta amerískt
Spennandi M&M
– nammi, namm...
Amerísk karamelluterta
– bara gott...
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
Eiðistorg & Akureyri
24 Hagkaup
Gildir til 25. september á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

ZO•ON ICELAND
20% afsláttur af öllum peysum.

augað
20% afsláttur af öllum vörum.

BOSSANOVA
20% afsláttur af völdum vörum.

ÚTILÍF
20% afsláttur af öllum Nike vörum.

WAREHOUSE
20% afsláttur af öllum vörum.

ZIK ZAK
20% afsláttur af öllum vörum.

UNITED COLORS OF BENETTON.
20% afsláttur af öllum vörum.

DOGMA
Tilboð á bolum og peysum.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð
Tax-free af snyrtivörum, fatnaði, skóm, heimilisvöru & leikföngum.

La SENZA
20% afsláttur af völdum vörum.

MÝRIN
20% afsláttur af öllum vörum.

Timberland
20% afsláttur af öllum vörum.

BIANCO FOOTWEAR
20% afsláttur af öllum vörum.

ecco
20% afsláttur af öllum vörum.

HUGO BOSS
20% afsláttur af öllum vörum.

Levi's
30% afsláttur af öllum buxum.

next
25% afsláttur af öllum vörum.

TOPSHOP
20% afsláttur af öllum vörum.

BLEND
20% afsláttur af öllum vörum (25% afsláttur fyrir klúbbmeðlimi).

Eik
20% afsláttur af fatnaði og töskum.

JOE BOXER
20% afsláttur af öllum vörum.

L'OCCITANE EN PROVENCE
20–50% afsláttur af völdum vörum.

NOLAND
20% afsláttur af öllum vörum.

TUZZI
10–30% afsláttur af öllum fatnaði og skóm.

Deres
20% afsláttur af öllum vörum.

DRESSMANN
20% afsláttur af öllum vörum.

GAME STÖÐIN
50% afsláttur af öllum bolum.

KAREN MILLEN
20% afsláttur af öllum vörum.

M·A·C
20% afsláttur af öllum vörum.

Sony Center
20% afsláttur af öllum fartölvum og myndavélum.

SAINTS
20% afsláttur af völdum vörum.

Casa
20% afsláttur af öllum vörum.

FRIIS & COMPANY
20% afsláttur af öllum vörum.

Kultur menn
20% afsláttur af öllum vörum.

MAKE UP STORE
20% afsláttur af öllum vörum.

Sparkz
20% afsláttur af öllum vörum.

AVEDA
20% afsláttur af öllum vörum.

DAY BIRGER ET MIKKELSEN
25% afsláttur af öllum vörum.

Grand Collection
20–50% afsláttur af öllum vörum.

Kultur
20% afsláttur af öllum vörum.

Mohawks
22% afsláttur af öllum vörum.

Spúútnik
20% afsláttur af öllum vörum.

Birt með fyrirvara um prent- og myndvillur. Tilboð gilda meðan birgðir endast.



Kringlan
Miðnætur SPRENGJA
Verslanir opnar til miðnættis.
Glæsileg tilboð og frábær skemmtiatriði.
14-22 Tape-Art listamenn að störfum (á bíógangi)
17-24 „Baðaðu þig í sviðsljósinu" og þú gætir unnið gjafakort!
17-24 DJ Bensol spilar
17-19 Kaffi frá Kaffitári og konfekt frá Nóa Siríusi
17-22 Förðunarráðgjöf og kynning á snyrtivörum
18-22.30 Lifandi brass jazz hér og þar
20.00 Sigríður Thorlacius syngur
20.00 Breakdans (á bíógangi)
20.30 Valdimar og Bogomil Font
20.30-21 Sýningarhópur SalsaIceland fer dansandi um húsið
21.00 Tískusýning – haust og vetrartískan
21.30 Viltu læra salsa? SalsaIceland kenna grunnsporið
22.00 Of Monsters and Men troða upp
22.30 Jón Jónsson tekur lagið
24.00 Miðnætursýningar í Kringlubíói (2 fyrir 1)
Drive
CRAZY STUPID LOVE
Skráðu þig á póstlistann okkar og þú gætir unnið 100.000 kr. gjafakort!
facebook.com/kringlan.is
Aðeins þennan eina dag
20–50% afsláttur
Kynntu þér frábær tilboð frá yfir 100 verslunum
www.kringlan.is

# MIÐNÆTUR

Verslanir opnar til miðnættis.

| | |
|---|---|
| rhodium KRINGLUNNI & SMÁRALIND | 20% afsláttur af völdum vörum. |
| STEINAR WAAGE SKÓVERSLUN | 20% afsláttur af öllum vörum. |
| KRINGLUNNI SAMBÍÓIN | 2 fyrir 1 |
| CINTAMANI | 20% afsláttur af völdum vörum. |
| Sokkabúðin cobra | 20% afsláttur af öllum vörum. |
| COMPANYS | 20% afsláttur af öllum vörum. |
| SIX | 10% afsláttur af öllum vörum. |
| SELECTED | 30% afsláttur af völdum vörum. |
| Eymundsson | 20% afsláttur af öllum vörum. |
| ZayZay | 20% afsláttur af öllum vörum. |
| byggtogbúið | 20% afsláttur af flestum vörum. |
| Brim | 20% afsláttur af öllum vörum. |
| TEKK COMPANY | 20% afsláttur af öllum vörum. |
| heilsuhúsið | 20–25% afsláttur af völdum vörum. |
| Kaupfélagið | 20% afsláttur af öllum vörum. |
| MOTOR | 20% afsláttur af öllum vörum. |
| | 20% afsláttur. |
| VERO MODA | 30% afsláttur af völdum vörum. |
| galleri sautján | 20% afsláttur af öllum vörum. |
| ISLANDIA TOURIST SHOP | 20% afsláttur af völdum vörum. |
| Marc O'Polo | 20% afsláttur af öllum vörum. |
| DÚKA | 20% afsláttur af öllum vörum. |
| DÝRABÆR | 20% afsláttur af öllum vörum. |
| Accessorize | 20% afsláttur af völdum vörum. |
| gleraugnasmiðjan | 25% af glerjum, 50% af Titan Ice umgjörðum. |
| JACK & JONES | 30% afsláttur af völdum vörum. |
| Markaðstorgið | 20% afsláttur af öllum vörum. |
| Galla Buxnabúðin | 20% afsláttur af öllum vörum. |
| HYGEA | 20% afsláttur af öllum vörum. |
| Leonard | 20% afsláttur af íslensku skarti. |
| SMASH | 20% afsláttur af öllum vörum. |
| POLARN O. PYRET | 20% afsláttur af öllum vörum. |
| KÚNÍGÚND | 20% afsláttur af Georg Jensen. |
| kello | 20% afsláttur af öllum vörum. |
| name it | Afmælistilboð á völdum vörum. |
| smárar | 20% afsláttur af öllum vörum. |

Birt með fyrirvara um prent- og myndvillur. Tilboð gilda meðan birgðir endast.

Kringlan

# SPRENGJA

Glæsileg tilboð og frábær skemmtiatriði.

**vodafone**
Nokia N8 og Vodafone 858 á tilboðsverði.

**evans.**
20% afsláttur af öllum vörum.

**Jón & Óskar**
20% af öllu nema gulli og trúlofunarhringjum.

**Lyf & heilsa Kringlunni**
20–40% af völdum vörum, glaðningar og góðgæti í boði.

**OUTFITTERS NATION**
30% afsláttur af völdum vörum.

**URBAN**
20% afsláttur af öllum vörum.

**gs skór**
20% afsláttur af öllum vörum.

**Jens Uppsteyt**
30% af silfurskartgripum og 10% af gullskartgripum.

**meba**
20% afsláttur af völdum vörum.

**SHARE**
20% afsláttur af öllum vörum.

**THE BODY SHOP**
20% afsláttur af öllum vörum.

**VILA CLOTHES**
30% afsláttur af völdum vörum.

**focus**
20% afsláttur af öllum vörum.

**herra GARÐURINN –klæðir þig vel**
KRINGLAN 568 9234
20% afsláttur af öllum vörum.

**KISS**
20% afsláttur af öllum vörum.

**oasis LONDON**
25% afsláttur af öllu vörum.

**skór.is**
KRINGLAN • SMÁRALIND
www.skor.is
20% afsláttur af öllum vörum.

**NOVA**
20% af aukahlutum, 10% af Urban heyrnartólum.

**ENGLABÖRNIN**
Falleg föt á stelpur og stráka...
20% afsláttur af öllum vörum.

**sbarro**
Ýmis tilboð

**Café Bleu**
20% afsláttur af réttum dagsins.

**Domino's Pizza**
Megavika

**TE & KAFFI**
20% af öllu te og kaffi og öllum drykkjum af kaffibar.

**Kaffitár**
20% afsláttur af öllu Hario.

**KRINGLU KRÁIN**
25% afsláttur af pizzamatseðli.

**PORTIÐ**
Lystauki frá kl. 17–20, tilboð á kjúklingarétt.

**ÍSBÚÐIN HAGKAUP - KRINGLUNNI**
20% afsláttur af jógúrtís.

**café roma**
20% afsláttur af öllum kaffidrykkjum og súkkulaðimoli fylgir frítt með.

**Kaffi Klassík**
20% afsláttur af crépes.

**serrano**
Tvennutilboð: Mission burrito & kristall 999 kr.

**310 STIG ER** skuldatryggingarálag á ríkissjóð. Álagið hefur ekki verið hærra síðan í byrjun árs. Þetta merkir að nú kostar 3,1 prósent af nafnvirði skuldabréfa til fimm ára að tryggja þau gegn greiðslufalli. Til samanburðar var álagið í kringum 15 prósent í bankahruninu fyrir þremur árum.

Starfsfólki Existu fannst nafnið hafa neikvæða skírskotun og lagði til breytingar:

# Vill hreinsa skuldasúpuna

„Ýmsum þótti nafnið Exista hafa neikvæða skírskotun, sérstaklega starfsfólkinu og það lagði til að nafninu yrði breytt. Starfsmenn og stjórnarmenn fundu nýtt nafn,“ segir Pétur J. Eiríksson, stjórnarformaður Klakka, áður Exista. Nafni félagsins var breytt á hluthafafundi á föstudag.

Fyrir fundinn hafði verið lagt til að að breyta nafni Existu í Condico. Tillagan var dregin til baka. „Mönnum féll betur við að nota íslenskt nafn,“ segir Pétur.

Klakki vísar til skýjabólstra, samkvæmt orðabók. Á fundinum hætti Magnús Scheving Thorsteinsson í stjórn félagsins og kom Skúli Valberg Ólafsson inn fyrir hann. Þeir sitja fyrir hönd erlendra kröfuhafa.


PÉTUR J. EIRÍKSSON

Exista á Skipti, móðurfélag Símans, tryggingafélagið VÍS, Lýsingu og fleiri fyrirtæki. Félagið var stærsti eigandi Kaupþings og Bakkavarar fyrir hrun og tapaði 242 milljörðum króna fyrir tveimur árum. Uppgjör fyrir síðasta ár liggur ekki fyrir. Kröfuhafar, bankar og lífeyrissjóðir tóku rekstur Existu yfir í fyrra og sögðu báðum forstjórum fyrirtækisins upp.



**GAMLA STJÓRNIN** Þegar kröfuhafar Existu tóku félagið yfir varð hlutur fyrrverandi eigenda að engu og forstjórarnir reknir út. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Pétur segir nú unnið með eignir Existu, svo sem að lækka skuldir Skipta og laga kennitölur VÍS með það fyrir augum að gera eignirnar seljanlegri. - jab

## Klakki og Kvakkur Bakkavararbræðra

Ekki er hjá því komist að nýtt heiti Existu, Klakki, minni á Kvakk, félag þeirra Bakkavararbræðra. Félagið, sem til skamms tíma hét BBR, ætlaði að kaupa nærri allt hlutafé í Existu fyrir um einn milljarð króna nálægt áramótunum árið 2008. Stjórn Existu hafði fyrir sitt leyti samþykkt að selja fyrirtækið til bræðranna. Fléttan var gagnrýnd harðlega þar eð efasemdir voru um réttmæti viðskiptanna. Frá þeim var fallið um mitt ár 2009. Kvakkur er nú í eigu Lýsingar, eins af dótturfélögum Existu/Klakka.

Kvakkur tapaði 462 þúsund krónum í fyrra samanborið við 17,6 milljóna króna hagnað árið 2009, samkvæmt nýbirtum ársreikningi. Eignir eru óbreyttar frá stofnun félagsins í nóvember 2008, rétt rúmur milljarður króna. Skuldir námu í fyrra tæpum 4,3 milljónum króna.

# Búast má við hærri vöxtum

**Stýrivöxtum Seðlabankans var haldið óbreyttum í 4,5 prósentum í gær. Seðlabankastjóri segir mikilvægt að herða aðhald í hlutfalli við bata efnahagslífsins. Hann segir Ísland geta orðið fyrirmynd annarra þjóða.**

„Við teljum enga ástæðu til að endurskoða hagspá okkar. Því ef hún gengur eftir verður Ísland eitt þeirra landa á Vesturlöndum sem verða með hvað mestan hagvöxt,“ segir Már Guðmundsson seðlabankastjóri um þær sviptingar sem einkennt hafa alþjóðlegt efnahagslíf síðustu vikurnar. Þær hafa valdið því að erlendar stofnanir, þar á meðal Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, hafa þurft að endurskoða spár sínar um vöxt helstu hagkerfa.

Í síðustu Peningamálum, ársfjórðungsriti Seðlabankans, er gert ráð fyrir 2,8 prósenta hagvexti á árinu.

Már segir að sökum þess að Ísland verði eitt þeirra landa sem standi utan hættusvæðis megi búast við að stýrivextir bankans verði hækkaðir fljótlega, jafnvel á næsta vaxtaákvörðunarfundi í byrjun nóvember. Gangi það eftir verður þetta önnur vaxtahækkun Seðlabankans eftir bankahrunið í kjölfar vaxtalækkunarferlis sem hófst í mars 2009. Vextir voru hækkaðir í um 2,5 prósentustig í ágúst en haldið óbreyttum í gær. Eiginlegir stýrivextir bankans, lán gegn veði í verðbréfum til sjö daga, eru sem fyrr 4,5 prósent.

Már sagði vaxtaákvörðunina ekki eiga að koma á óvart; útlit sé fyrir að að verðbólga verði um nokkurt skeið yfir markmiðum og verði að grípa í taumana áður en slakinn verði farinn úr hagkerfinu.

jonab@frettabladid.is

## Eyland við Arnarhól

Vaxtaákvörðun Seðlabankans er þvert á spár helstu greiningaraðila sem bjuggust við vaxtahækkun upp á fjórðung úr prósenti og upp í hálft prósentustig. Greiningardeild Arion banka greip svo til orða í stýrivaxtaspá sinni í síðustu viku að með vaxtaákvörðun í ágúst hafi Seðlabankinn stimplað sig inn sem eins konar eyland þar sem seðlabankar annarra landa hafi tekið aðra stefnu og haldið vöxtum óbreyttum á meðan óvissa ríki á alþjóðamörkuðum. Eftir að vaxtaákvörðunin lá fyrir í gær taldi greiningardeildin víst að vaxtahækkunarferillinn sem hófst í sumarlok sé nú á enda.


**ÆÐSTU MENN SEÐLABANKANS** Már Guðmundsson seðlabankastjóri sem hér situr á vinstri hönd Arnórs Sighvatssonar aðstoðarseðlabankastjóra, segir ákvörðunina ekki eiga að koma á óvart. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hagnaður Atlantsolíu í fyrra að mestu lánaleiðrétting:

# Afkoman dróst saman

Nær allur hagnaður Atlantsolíu í fyrra, tæpar 734 milljónir króna, er leiðrétting á erlendum lánum fyrirtækisins í kjölfar dómsniðurstöðu Hæstaréttar í Mótormaxmálinu svokallaða í sumar.

Landsbankinn er lánveitandi Atlantsolíu og leiðrétti hann lán fyrirtækisins í kjölfar dómsins. Ef leiðréttingin er skilin frá afkomunni nam hagnaður Atlantsolíu 42,7 milljónum króna árið 2010. Hann nam tæpum tvö hundruð milljónum króna árið 2009. Fram kom í uppgjöri Landsbankans í síðustu viku að lánaleiðrétting hans hafi lækkað skuldir fyrirtækja um 206 milljarða króna.

„Við vorum búin að gjaldfæra gríðarlega mikið gengistap árið 2008 þegar erlend lán okkar tvöfölduðust. Við fengum svo leiðréttingu á lánum okkar í samræmi við dóminn því langtímalán okkar féllu undir hann,“ segir Guðrún Ragna Garðarsdóttir, forstjóri Atlantsolíu. Fjármagnsgjöld og gjaldfærslan námu 1,5 milljörðum króna árið 2008.


**GUÐRÚN RAGNA** Forstjóri Atlantsolíu telur á að sala á eldsneyti til fyrirtækja muni ná sér á strik þegar atvinnulífið tekur við sér. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fram kemur í uppgjöri Atlantsolíu að rekstrarafkoman var verri í fyrra en árið á undan. Rekstrarhagnaður dróst saman um 45 prósent og nam 201,8 milljónum króna. Samdrátturinn skrifast að nær öllu leyti á lægri álagningu Atlantsolíu á eldsneyti auk samdráttar í sölu til einstaklinga og fyrirtækja. - jab

Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Hagnýtt starfsnám

Úrval námskeiða á haustönn 2011

Vantar þig lykil að góðum árangri? Viltu hámarka virði innkaupa? Skortir þig hagnýtar aðferðir við verkstjórn? Ertu með viðskiptahugmynd og vantar fræðslu og aðstoð við stofnun og rekstur fyrirtækis?

**Verkefnastjórnun** - *27. og 28. september kl. 9:00 – 12:30*
Lykill að góðum árangri í umbótaverkefnum er kunnátta í stjórnun verkefna. Á námskeiðinu læra þátttakendur árangursríkar aðferðir við stjórnun verkefna.

**Innkaup og vörustjórnun** - *12. og 13. október kl. 9:00 – 13:00*
Margir þættir spila inn í heildarferli innkaupa- og vörustjórnunar, eins og innkaupsverð, flutningskostnaður, heildarverðmæti, birgðahald og upplýsingaflæði. Lærðu að hámarka virði innkaupanna!

**Verkstjórn** - *hefst mánudaginn 7. nóvember*
Góður verkstjóri þarf að temja sér hagnýtar stjórnunaraðferðir, þekkja stöðu sína og ábyrgð gagnvart starfsfólki og fyrirtæki og kunna að taka á málum á markvissan hátt. Stjórnunarnám fyrir starfandi og verðandi verkstjórnendur.

**Stofnun og rekstur smáfyrirtækja** - *hefst fimmtudaginn 22. október*
Viðskiptahugmynd krefst áræðni og drifkrafts. Þátttakendur vinna með eigin viðskiptahugmynd og fá faglega fræðslu og aðstoð við að koma hugmyndum sínum í framkvæmd.

**Nánari upplýsingar og skráningarform** er að finna á heimasíðu Nýsköpunarmiðstöðvar: *www.nmi.is/impra/namskeid*, í síma *522 9000* eða netfang *brynjasig@nmi.is*.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Keldnaholt, 112 Reykjavík | Sími: 522 9000 | Netfang: nmi@nmi.is | www.nmi.is


KÆRI LYKILHAFI.
HVERNIG VÆRI AÐ HALDA
ATLANTSOLÍUDAGINN
HÁTÍÐLEGAN OG FÁ SÉR ÆRLEGA Á TANKINN Í DAG?
Í DAG VEITIR DÆLULYKILL ATLANTSOLÍU
5 KRÓNA AFSLÁTT
AF LISTAVERÐI FRAM TIL MIÐNÆTTIS.
AUKAAFSLÁTTUR DAGSINS BÆTIST EKKI OFAN Á ÖNNUR AFSLÁTTARKJÖR.
ÍSLENSKA SIA.IS AOL 53527 08/11
SÆKTU UM DÆLULYKIL Á WWW.ATLANTSOLIA.IS
LENGI LIFI SAMKEPPNI
ATLANTSOLÍA
Atlantsolía var stofnuð til að veita stóru olíufélögunum samkeppni.
Við rufum einokun olíurisanna þriggja árið 2003 og höfum haldið keppinautunum við efnið síðan.
Dælulykill gefur afslátt hjá þessum frábæru fyrirtækjum:
kemi
GÚMMÍVINNSLAN
TE & KAFFI

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Á að afnema skólaskyldu?

## Fjallabaksleið í skólamálum

Grunnskólinn er ein af grunnstoðunum í því velferðarsamfélagi sem byggt hefur verið upp hér á landi. Skólaskylda á sér meira en hundrað ára sögu hér og síðustu vikur hefur átt sér stað umræða um hvort hana beri að afnema. Borgarstjórinn í Reykjavík hóf umræðuna með þeim rökum að með afnámi skólaskyldu myndi fjölbreytni aukast og fleiri nemendum tækist að blómstra innan veggja skólanna. Þeir sem taka undir sjónarmiðið gera það oftast með skírskotun til nemenda sem ekki þrífast vel í skólakerfinu.

SKOÐUN



Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is

Það er mikilvægt að halda á lofti uppbyggilegri umræðu um skólamál enda kemur starf grunnskóla öllum við. Í þeirri umræðu getur allt verið undir, líka afnám skólaskyldu. Leiða má að því líkum að upptaka fræðsluskyldu í stað skólaskyldu myndi litlu eða engu breyta fyrir langflest börn í landinu. Hitt er jafnöruggt að breytingin hefði áhrif á líf og stöðu sumra barna og þá ekki endilega til góðs.

Markmiðsgrein grunnskólalaga er efnismikil og er þar meðal annars kveðið á um að grunnskólinn eigi í samvinnu við heimilin að „stuðla að alhliða þroska allra nemenda“. Starfshættir grunnskóla eiga meðal annars að mótast af „umburðarlyndi og kærleika“, „jafnrétti“, „umhyggju“ og „virðingu fyrir manngildi“. Grunnskólanum er ætlað að „leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins“, hann á að stuðla að „víðsýni“ og skilningi á „högum fólks og á skyldum einstaklingsins við samfélagið, umhverfið og umheiminn“. Þá skal nemendum „veitt tækifæri til að nýta sköpunarkraft sinn og að afla sér þekkingar og leikni í stöðugri viðleitni til menntunar og þroska“ og skólastarfið skal einnig „leggja grundvöll að frumkvæði og sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfa hæfni þeirra til samstarfs við aðra“.

Eftir þessum grundvallargildum er unnið í grunnskólum landsins. Þar hefur fjölbreytni bæði í námsframboði og kennsluháttum aukist gríðarlega undanfarna tvo til þrjá áratugi. Nærtækt dæmi um þetta þessa daga er blómlegt starf í fjölmörgum útikennslustofum sem útbúnar hafa verið, ekki síst í jaðri byggða.

Almennu grunnskólarnir, eða hverfisskólarnir, leggja mismunandi áherslur í starfi sínu. Þetta má til dæmis sjá með því að skoða heimasíður skólanna. Auk þess starfa hér nokkrir einkaskólar sem einnig hafa mismunandi áherslur til dæmis á nám í gegnum skapandi starf eða kennsluaðferðir sem sumir myndu kalla gamaldags en aðrir sakna.

Börn eru eins margbreytileg og þau eru mörg. Íslenskir grunnskólar rúma öll þessi börn og innan þeirra eiga þau þess kost að komast til manns. Vitanlega á sér stöku sinnum stað misbrestur í samstarfi barns, skóla og heimilis. Á slíkum hnökrum er hægt að ráða bót með einfaldari og hnitmiðaðri hætti en þeim að hreyfa við skólaskyldunni.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

TIL LEIGU

HÖFÐATORG TURN
SKRIFSTOFUR Á 15. HÆÐ

Til leigu fullbúið 330 m² skrifstofuhúsnæði á 15. hæð í Höfðatorgsturninum. Húsgögn og innréttingar seldar samhliða leigusamningi.

Hentar vel fyrir lögfræðiskrifstofu eða fjármálafyrirtæki.

*Nánari upplýsingar gefur Örn V. Kjartansson,*
**orn@m3.is, gsm 825 9000.**

m3 FASTEIGNARÁÐGJÖF LEIGUMIÐLUN

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hefðbundin almannatengsl

Í dag er bíllausi dagurinn og borgaryfirvöld hvetja fólk til að skilja bílana sína eftir heima. Fyrir sumum er það daglegt brauð, þeir ganga eða hjóla í vinnuna, eða taka jafnvel strætó. Það getur þó verið þrautin þyngri, þar sem þjónustan þar á bæ hefur verið skert. Besti flokkurinn komst til valda í Reykjavík og lofaði að gera hlutina á skemmtilegan hátt. Það var tilhlökkunarefni, enda margt skemmtilegt fólk þar á ferð, til að mynda margir gamlir pönkarar. Það verður þó að segjast eins og er að aðgerðir borgaryfirvalda á bíllausa deginum valda ákveðnum vonbrigðum, gott ef þau minna ekki á hefðbundna PR-mennsku. Í tilefni af deginum góða ætlar borgarráð að hjóla út í Nauthólsvík. Það var og. Burt með pönkið, inn með PR-ið.



### Frelsi til mismununar

Fátt var meira áberandi á Facebook í gær, fyrir utan kvartanir íhaldssamra notenda vegna breytinga á Facebook, en færslur um afsláttartilboð ýmissa verslana til kvenna, vegna átaks VR. Tilefnið var kæra á hendur stéttarfélaginu og verslununum um mismunun vegna kynferðis. Fjölmargir voru á því að verslanirnar hefðu fyllsta rétt til að ákveða hver fengi hvaða afslátt.

### Gildir það um alla?

Þetta vekur upp ákveðnar spurningar. Eiga verslanir rétt á því að gefa hverjum sem er afslátt umfram aðra? Myndu sömu varðmenn frelsisins styðja rétt verslana til að gefa Samfylkingarmönnum afslátt umfram flokksmenn annarra flokka? Vinstri grænum? Kannski. Er ekki frelsið ofar öllu? Verst er að Stefán Einar Stefánsson og félagar í VR virðast líta á kynbundinn launamun sem náttúrulögmál, sé að marka auglýsingar þeirra, ekki eitthvað sem stéttarfélög og atvinnurekendur semja í burtu.



kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR





## Verkfall félagsráðgjafa

Kjaramál



Hulda Gunnarsdóttir
félagsráðgjafi



Unnur Árnadóttir
félagsráðgjafi

Félagsráðgjafar hjá Reykjavíkurborg hefja boðað verkfall 26. september ef samningar nást ekki fyrir þann tíma. Kröfur félagsráðgjafa eru að fá sömu laun og verið er að greiða sambærilegum starfsstéttum innan borgarinnar. Launakrafan felur einnig í sér ósk um sanngirni fyrir félagsráðgjafa sem starfsstétt og viðurkenningu á mikilvægi þess starfs sem þeir vinna.

Kjarabaráttan snýst ekki eingöngu um bætt kjör félagsráðgjafa. Bág launakjör og mikið álag hefur leitt til mikils atgervisflótta félagsráðgjafa frá borginni. Um 20% félagsráðgjafa hjá Reykjavíkurborg hafa horfið til annarra starfa, m.a. í önnur sveitarfélög á síðastliðnum árum. Erfiðlega hefur gengið að manna þær stöður sem kemur óneitanlega niður á þjónustu til borgarbúa.

Verkfall félagsráðgjafa mun hafa alvarlegar afleiðingar fyrir fjölda fólks. Greiðsla fjárhagsaðstoðar til framfærslu, stuðningur við einstaklinga og fjölskyldur í erfiðum aðstæðum, stuðningur við fatlaða og barnaverndarstarf mun lamast. Mikil þekking og reynsla mun hverfa frá Reykjavíkurborg sem mun ekki nást að vinna upp aftur nema á löngum tíma og með miklum tilkostnaði ef kjör félagsráðgjafa verða ekki bætt til samræmis við viðmiðunarstéttir.

Félagsráðgjafar eru langeygir eftir kjarabótum. Árið 2006 samþykktu félagsráðgjafar að fara í starfsmat sem átti að leiða til jafnréttis í launum hjá Reykjavíkurborg meðal allra starfsstétta þar. Það hefur ekki verið reyndin, enn er til staðar munur á launum fyrir sambærileg störf þrátt fyrir yfirlýsta stefnu Reykjavíkurborgar um jafnrétti til launa sem birtist í mannréttindastefnu hennar. Byrjunarlaun félagsráðgjafa eftir fimm ára háskólanám eru u.þ.b. 299 þúsund krónur. Félagsráðgjafar eru við hlið verkfræðinga í starfsmatinu enda svipuð menntun að baki. Verkfræðingar eru með allt að 200 þúsund krónum hærri heildarlaun. Í góðærinu var það réttlætt með álagi hjá verk- og tæknifræðingum vegna mikilla framkvæmda. Félagsráðgjafar hafa sl. þrjú ár mátt starfa undir auknu álagi í kjölfar kreppu en lítið hefur borið á aðgerðum til að mæta því með bættum kjörum eða álagsgreiðslum. Í mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar er tiltekið að greiða skuli jöfn laun fyrir jafn verðmæt störf og tryggja sömu kjör. Hæfnis- og árangurslaun skulu byggjast á málefnalegum forsendum. Skorað er á samninganefndina að stefnunni sé fylgt eftir á borði en ekki bara í orði.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Gjaldeyrishöftin og gengið

Í DAG

Þorvaldur Gylfason
prófessor



Þegar asíska fjármálakreppan skall á löndunum þar austur frá 1997, féll gengi indónesísku rúpíunnar um 80 prósent. Verðið á erlendum gjaldeyri og innfluttum varningi fimmfaldaðist. Gengishrun rúpíunnar olli þungum búsifjum í Indónesíu eins og nærri má geta.

Kaupmáttur heimilanna hrundi, og erlend skuldabyrði fyrirtækjanna og ríkisins þyngdist til muna. Svo hátt gengisfall krónunnar þurfti að varast eftir fall bankanna hér heima 2008. Þess vegna var gripið til strangra, tímabundinna gjaldeyrishafta. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, sem var andvígur gjaldeyrishöftum í Indónesíu 1997, hafði séð sig um hönd í ljósi reynslunnar frá Asíu, og beitti sér nú fyrir höftum á Íslandi, og skyldu þau standa í tvö til þrjú ár eða til 2010 eða 2011. Hugsunin var sú, að án haftanna gæti krónan farið sömu leið og indónesíska rúpían, og fyrir þá hættu þyrfti að girða. Indónesíska rúpían féll ekki varanlega um

Sumir telja, að krónan hafi fallið svo mjög, að hún geti vart fallið meira. Það sjónarmið stangast á við reynsluna frá Indónesíu og öðrum Asíulöndum. Þar féll gengi gjaldmiðlanna langt niður fyrir eðlileg mörk, festist við botninn og hélzt þar árum saman. Ef gengi krónunnar er nokkurn veginn rétt nú miðað við framboð og eftirspurn á gjaldeyrismarkaði og vaxtastefnu Seðlabankans, er það út af fyrir sig ekki óbrigðul vísbending um, að haftanna sé ekki lengur þörf. Það stafar af því, að þær systur, framboð og eftirspurn, eru ekki óskeikular, og það er Seðlabankinn ekki heldur. Til dæmis hélzt gengi krónunnar langt yfir vitrænum mörkum árum saman fram að hruni, og hvorki ríkisstjórnin né Seðlabankinn vissu sitt rjúkandi ráð. Með líku lagi væru þær systur vísar ásamt Seðlabankanum til að halda gengi krónunnar árum saman langt undir eðlilegu horfi, límdu við botninn, einkum vegna þess að framtíðartrú fólks og fyrirtækja á krónunni er nú lítil í ljósi reynslunnar. Alveg eins og oftrú, mér liggur við að segja ofsatrú, hélt gengi krónunnar langt yfir réttu marki árum saman fyrir hrun, gæti vantrú haldið genginu undir réttu marki árum saman eftir hrun. Þetta er vandinn í hnotskurn eins og hann horfir við mér.

> Stóra spurningin um höftin hér heima nú er þessi: Hvenær er tímabært að aflétta þeim?

80 prósent, heldur náði hún sér á nokkrum árum á strik á þann veg, að um það bil helmingur upphaflegs gengisfalls gekk til baka líkt og gerðist um sama leyti í Taílandi. Með öðrum orðum: fjármálahrunið í Asíu sendi gengi gjaldmiðlanna niður fyrir eðlileg mörk og hélt þeim þar svo árum skipti. Þeir festust við botninn. Þessu þurfti að komast hjá hér heima. Þess vegna voru höftin innleidd, enda þótt vitað sé af langri reynslu, að gjaldeyrishöft geta valdið talsverðum skaða, óhagkvæmni og spillingu, og þeim mun frekar sem þau standa lengur. Afnám haftanna hefur dregizt vegna seinagangs í framkvæmd efnahagsáætlunar ríkisstjórnarinnar.

### Hvenær er rétti tíminn?

Stóra spurningin um höftin hér heima nú er þessi: Hvenær er tímabært að aflétta þeim? Ekki reyndist kleift að afnema höftin innan tveggja til þriggja ára svo sem lagt var upp með. Það stafar af því, að þá hefði gengi krónunnar líklega fallið enn meira en orðið er, og hefur gengið þó fallið um 50 prósent gagnvart Bandaríkjadal og evru frá því fyrir hrun. Ekki er heldur enn talið tímabært að aflétta höftunum, þar eð hættan á frekara gengisfalli er enn til staðar. Nú er að því stefnt að afnema höftin 2013, tveim til þrem árum á eftir upphaflegri áætlun frá 2008.

### Er gengið nú of hátt eða of lágt?

Önnur stór spurning um gjaldeyrishöftin og gengi krónunnar nú er þessi: Er gengið rétt? Eða er því kannski haldið of háu í skjóli haftanna? Eða féll gengið kannski niður fyrir eðlileg mörk og bíður þess nú að rétta úr kútnum? Um þetta getur menn greint á. Sumir hagfræðingar, til dæmis Robert Aliber prófessor í Chicago, sem hefur heimsótt Ísland nokkrum sinnum fyrir og eftir hrun og þekkir vel til staðhátta, telja gengið 10 til 20 prósentum of hátt nú og að það muni því trúlega eiga eftir að lækka sem því nemur, þegar rykið sezt. Ýmsir aðrir, til dæmis Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, virðast telja gengið 10 til 20 prósentum of lágt og að það muni því trúlega eiga eftir að hækka sem því nemur, þegar öll kurl eru komin til grafar. Enn aðrir telja, að nú virðist gengið vera á nokkurn veginn réttu róli svo sem ráða megi af því, að til dæmis máltíðir á veitingahúsum í Reykjavík kosta nú svipað hér heima og í mörgum nálægum löndum mælt í erlendum gjaldmiðlum, en fyrir hrun kostuðu þær um tvisvar sinnum meira hér en þar. Þetta er þó ekki órækur vottur um rétt gengi, heldur aðeins gróf vísbending um, að gengið nú sé ef til vill ekki fjarri réttu lagi. Eitt er alveg víst: Gamla gengið frá 2007 kemur aldrei aftur.

AF NETINU

### Höfnum gervilausnum

Stjórnvöld hljóta núna að skynja þann alvöruþunga sem er í kröfu almennings á Vestfjörðum um vegabætur á Vestfjarðavegi 60.
Og það skyldu menn muna að þetta er ekki bara krafa íbúanna í Barðastrandasýslum. Sú krafa er studd af Vestfirðingum öllum og nýtur víðtæks stuðnings almennings í landinu. Svo mikið veit ég af þeim viðbrögðum sem ég hef heyrt frá fólki víðs vegar að af landinu síðustu dægrin.
Nú eiga stjórnvöld næsta leik og það vita þau nú að heimamenn á Vestfjörðum fylgjast vel með því hvernig á þessum málum verður haldið. Vestfirðingar munu nefnilega ekki una neinum gervilausnum.

http://ekg.blog.is

Einar K. Guðfinnsson



# Viðurkennum Palestínu strax

Palestína

Sveinn Rúnar Hauksson
læknir



Palestína var ríki fyrir 1947, enda þótt hún hafi verið hersetin af stórveldum og skilgreind sem breskt verndarsvæði eftir heimsstyrjöldina fyrri. Stórveldin tóku ákvörðun um að skipta henni upp milli gyðinga og Palestínumanna. Rúmlega helmingur landsins skyldi tekinn og gerður að sérríki til handa gyðingum, sem flestir voru aðfluttir. Gyðingar samþykktu þessa tillögu sem meiri hluti Allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna hafði samþykkt 29. nóvember 1947. Gyðingar höfðu aðeins verið lítill hluti íbúanna en fór hratt fjölgandi. Arabar, þar á meðal Palestínumenn, höfnuðu þessari landtöku. Lái þeim hver sem vill.

Ég átti viðræður við aldinn og virtan skurðlækni á Gaza, Mustafa Abdul Shafi, í desember í fyrra stuttu áður en hann lést. Dr. Mustafa hafði verið í tengslum við kommúnista á sínum tíma, en þeir voru eini stjórnmálahópurinn meðal Palestínumanna sem samþykkti skiptinguna. Hvers vegna? Við töldum að ef við samþykktum ekki að gyðingar fengju helming landsins tækju þeir miklu meira. Reynslan hefur heldur betur sýnt að dr. Mustafa og skoðanabræður hans höfðu rétt fyrir sér. Gyðingar hafa fyrir löngu lagt alla Palestínu undir sig. Það gerðu þeir í tveimur áföngum. Fyrst í stríðinu frá 1948-49 er þeir náðu um það bil helmingi af þeim hluta sem Palestínumönnum var ætlaður og afganginn, það er 22% sem eftir var, tóku þeir í Sex daga stríðinu 1967.

Ísraelsríki var stofnað í maí 1948, þegar Bretar afsöluðu sér sínu hlutverki sem nýlenduþjóð, en Palestínumenn voru ekki reiðubúnir að stofna ríki þá, hvorki gátu né vildu.

Nú, eftir 63 ára hernám og landflótta stórs hluta þjóðarinnar og 44 ára hernám allrar Palestínu, eru Palestínumenn reiðubúnir að stofna sjálfstætt og fullvalda ríki á þeim fimmtungi Palestínu sem tekinn var af þeim í júní 1967. Þeir krefjast ekki einu sinni þess tæpa helmings landsins sem SÞ höfðu ætlað þeim 1947, hvað þá heldur alls landsins. Þessa miklu og sögulegu eftirgjöf sannfærði Yasser Arafat þjóðina um að væri nauðsynleg og í dag hafa öll stjórnmálaöfl í Palestínu sæst á hana með einum eða öðrum hætti, þar á meðal Hamas-samtökin sem styðja stofnun Palestínuríkis innan landamæranna frá 1967.

Það gerir Ísraelsstjórn hins vegar ekki. Ísraelsríki hefur aldrei verið reiðubúið að skilgreina nein landamæri fyrir sig. Það er fátt sem bendir til þess að nokkur leiðtogi Ísraelsríkis hafi ætlað sér að skila einum einasta landskika sem tekinn hefur verið. Til þess benda landtökubyggðirnar sem allir flokkar hafa staðið að. Undantekningin er ef til vill Yitshak Rabin forsætisráðherra sem var myrtur af eigin mönnum, fyrir sinn friðarvilja.

Palestínska þjóðin er herlaus og hefur ekki haft tök á að verjast grimmilegum árásum Ísraelshers sem íbúar herteknu svæðanna hafa endalaust mátt þola. Þar á í hlut eitt öflugasta herveldi heims gegn varnarlausum íbúum.

Aðskilnaðarmúr, samgönguhindranir, loftárásir, eyðilegging á möguleikum til sjálfsbjargar, hvort sem er við ávaxtarækt, landbúnað, fiskveiðar eða iðnað, þá er fátt eitt talið sem hernámið hefur haft í för með sér.

Það er löngu komið nóg. Umheimurinn getur ekki endalaust horft upp á þessa miskunnarlausu kúgun einnar þjóðar á annarri. Viðurkenning Palestínu sem sjálfstæðs og fullvalda ríkis er fyrsta skrefið til að binda enda á hernámið og koma á réttlátum friði.

Þrátt fyrir hinn mikla stuðning sem palestínska þjóðin nýtur meðal Sameinuðu þjóðanna getur Bandaríkjastjórn beitt neitunarvaldi gegn fullri aðild Palestínu sem sjálfstæðs ríkis. Það er þá í 42. skiptið sem Bandaríkin beita valdi sínu gegn rétti palestínsku þjóðarinnar. Skömm Bandaríkjastjórnar er því meiri sem Obama Bandaríkjaforseti lýsti því yfir fyrir réttu ári að aðild Palestínu að SÞ yrði fagnað nú, að liðnu ári. Ráðamenn í Ísrael hafa haft það í flimtingum að þeir hafi neitunarvald í Öryggisráðinu. Það sýnir sig nú. Þessi valdbeiting Bandaríkjastjórnar er í samræmi við fyrri stefnu og hvernig Bandaríkin hafa staðið undir stríðsrekstri Ísraels, hernámi þess og kúgun gagnvart nágrönnum, árum og áratugum saman.

Ísland hafði á sínum tíma visst frumkvæði með höndum á vettvangi SÞ þegar tillagan um skiptingu Palestínu var samþykkt. Það færi vel á því að Ísland axlaði ábyrgð sína og sýndi frumkvæði nú. Ísland getur enn orðið fyrst vestrænna ríkja til að viðurkenna Palestínu sem sjálfstætt og fullvalda ríki. Það þarf að gerast strax.

# Breytum íslenskri orðræðuhefð

Þjóðmálaumræða

Helgi Áss Grétarsson
lögfræðingur



Sú iðja er ævaforn að bera út róg um aðra menn. Þannig er fræg frásögnin í Eglu af Hildiríðarsonum þegar þeir með klækjabrögðum grófu undan trúnaðarsambandi óvinar þeirra, Þórólfs Kveld-Úlfssonar, við Harald hárfagra Noregskonung. Ófrægingarherferðin heppnaðist, kóngsi kom Þórólfi fyrir kattarnef.

Áróðursmeistarar, fyrr og nú, beita oft rógburði til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt. Nú á tímum óvissu og efnahagsþrenginga á Íslandi virðast margir þeirra eiga greiða leið að fjölmiðlum. Að sama skapi vilja sumir fjölmiðlamenn skjóta fyrst og spyrja svo. Byggt er á viðkvæðinu þetta gæti verið satt, líkt og Jónas Jónsson frá Hriflu gjarnan viðhafði þegar honum var borið á brýn að segja ósatt um menn.

Helsta aðferðafræði áróðursmeistara er að forðast nákvæma heimildaöflun. Fremur vilja þeir draga upp mynd sem hentar hugmyndum þeirra um heiminn. Í stað þess að nálgast upplýsingar um staðreyndir og draga af þeim ályktanir, eru búnar til forsendur sem eru órannsakaðar eða standast ekki skoðun. Á hinum grunnhyggnu forsendum eru síðan dregnar víðtækar ályktanir.

Þessi nálgun er að mínu mati algeng í stórum átakamálum á Íslandi. Menn sjást ekki fyrir í málflutningi sínum. Gripið er til slagorða í fyrirsagnarstíl og reynt að spinna fréttir um allt og ekki neitt. Umræður geta orðið of persónulegar eða lotið um of að smáatriðum. Þessu væri æskilegt að breyta.

Höfum við mannauð og fjármagn til að breyta orðræðunni á Íslandi? Gera hana málefnalegri og hnitmiðaðri? Hvernig getum við tryggt aðgang manna að fjölmiðlum þannig að ólík sjónarmið komi fram? Hver er staða Ríkisútvarpsins að þessu leyti? Er þar jafnræðis gætt í vali á fréttum og viðmælendum, þ.e. er í veigameiri málum tryggt að ríkisfjölmiðillinn komi á framfæri ólíkum sjónarmiðum á hlutlægan og faglegan hátt?

> Ræðum málefnin, ekki persónurnar. Reisa þarf vörð um málefnalega og innihaldsríka þjóðmálaumræðu.

Að mínu mati er breytinga þörf. Ræðum málefnin, ekki persónurnar. Reisa þarf vörð um málefnalega og innihaldsríka þjóðmálaumræðu. Þannig tekst ef til vill að byggja brýr á milli ólíkra hugmynda og hagsmuna.

*Höfundur er lögfræðingur og gegnir stöðu sérfræðings við Lagastofnun Háskóla Íslands. Sérfræðingsstaðan hefur verið fjármögnuð á grundvelli tveggja samstarfssamninga Lagastofnunar og Landssambands íslenskra útvegsmanna.*



Opið milli kl. 9 og 17 í dag



**Ford Transit 300M Bus (BGS70)**
2,2TDCi dísil beinskiptur 9 manna
Rennihurð á v. hlið o.fl.
Skrd. 6/2009. Ek. 48.000 km
Verð 4.030.000 kr.
Afsláttur 540.000 kr.
**Kauptu: 3.490.000 kr.**



**Ford Fusion Trend (HBM62)**
1,4i bensín beinskiptur 5 dyra
Málmlitur o.fl.
Skrd. 6/2008. Ek. 89.000 km
Verð 1.090.000 kr.
Afsláttur 100.000 kr.
**Kauptu: 990.000 kr.**



**Ford Focus Trend (POE81)**
1,6i bensín sjálfskiptur station
Málmlitur o.fl.
Skrd. 4/2008. Ek. 78.000 km.
Verð 1.770.000 kr.
Afsláttur 180.000 kr.
**Kauptu: 1.590.000 kr.**



**Ford Fiesta Trend (MNX04)**
1,6i bensín sjálfskiptur 5 dyra
Skrd. 6/2008. Ek. 65.000 km
Verð 1.490.000 kr.
Afsláttur 150.000 kr.
**Kauptu: 1.340.000 kr.**



**Ford Explorer XLT 4x4 (PT541)**
4,0i V6 bensín sjálfskiptur 5 dyra
Gangbretti, dráttarbeisli o.fl.
Skrd. 2/2006. Ek. 90.000 km
Verð 3.030.000 kr.
Afsláttur 540.000 kr.
**Kauptu: 2.490.000 kr.**



**Ford Escape XLS AWD (PZ075)**
2,3i bensín sjálfskiptur 5 dyra
Dráttarbeisli o.fl.
Skrd. 6/2006. Ek. 90.000 km.
Verð 1.590.000 kr.
Afsláttur 270.000 kr.
**Kauptu: 1.320.000 kr.**

Skoðaðu fleiri dæmi
um betri notaða bíla
hjá Brimborg.
Skoðaðu endilega
notadir.brimborg.is



**Ford Expedition Limited 4x4 (RS158)**
5,4i V8 bensín sjálfskiptur 5 dyra
35" breyttur, DVD kerfi, dráttarbeisli
Skrd. 7/2006. Ek. 82.000 km.
Verð 3.750.0000 kr.
Afsláttur 650.000 kr.
**Kauptu: 3.100.000 kr.**



**Ford C-MAX Trend (SHL06)**
1,6i bensín beinskiptur 5 dyra
Málmlitur o.fl.
Skrd. 1/2008. Ek. 63.000 km.
Verð 1.890.000 kr.
Afsláttur 200.000 kr.
**Kauptu: 1.690.000 kr.**



**Ford Explorer Sport Trac Limited 4x4 (SI413)**
4,6i V8 bensín sjálfskiptur 4 dyra
Dráttarbeisli, lok á palli, leðuráklæði o.fl.
Skrd. 6/2007. Ek. 50.000 km.
Verð 3.490.000 kr.
Afsláttur 600.000 kr.
**Kauptu: 2.890.000 kr.**

Komdu í kaffi á Bíldshöfða 6

# Kauptu Ford

Spyrðu söluráðgjafa Brimborgar
um allt að 90% fjármögnun.



**Ford Focus Trend (TH805)**
1,6i bensín beinskiptur station
Skrd. 2/2006. Ek. 81.000 km.
Verð 1.320.000 kr.
Afsláttur 130.000 kr.
**Kauptu: 1.190.000 kr.**

**Nýttu tækifærið og fáðu notaðan Ford á tilboðsverði. Ford er staður ævintýra og tómstunda. Ford er ferðalag - út á land eða bara í búðina, úr og í vinnuna. Komdu til okkar á Bíldshöfða 6 í Reykjavík eða Tryggvabraut 5 á Akureyri í dag. Fáðu upplýsingar um fjármögnun og prófaðu notaðan Ford.**

Spyrðu um fyrirmyndarþjónustu Brimborgar



**Ford Focus Trend (EFG23)**
1,6i bensín beinskiptur 5 dyra
Málmlitur o.fl.
Skrd. 8/2008. Ek. 73.000 km.
Verð 1.760.000 kr.
Afsláttur 180.000 kr.
**Kauptu: 1.580.000 kr.**



**Ford Escape Limited AWD (VFF91)**
3,0i V6 bensín sjálfskiptur 5 dyra
Nálægðaskynjarar, leðuráklæði o.fl.
Skrd. 2/2008. Ek. 54.000 km.
Verð 3.990.000 kr.
Afsláttur 600.000 kr.
**Kauptu: 3.390.000 kr.**



**Ford Expedition Limited 4x4 (JSZ84)**
5,4i V8 bensín sjálfskiptur 8 manna
Dráttarbeisli, leðuráklæði o.fl.
Skrd. 6/2008. Ek. 71.000 km.
Verð 6.990.000 kr.
Afsláttur 900.000 kr.
**Kauptu: 6.090.000 kr.**



**Ford Explorer Limited 4x4 (ZS255)**
4,6i V8 bensín sjálfskiptur 5 dyra
Dráttarbeisli o.fl.
Skrd. 6/2006. Ek. 100.000 km.
Verð 3.410.000 kr.
Afsláttur 560.000 kr.
**Kauptu: 2.850.000 kr.**



**Ford Escape XLT AWD (UUD07)**
3,0i V6 bensín sjálfskiptur 5 dyra
Skrd. 11/2007. Ek. 55.000 mílur.
Verð 3.050.000 kr.
Afsláttur 360.000 kr.
**Kauptu: 2.690.000 kr.**

Finndu okkur á fasbókinni

Brimborg | Max1 | Vélaland | Saga bílaleiga | Dollar bílaleiga | Thrifty bílaleiga
Volvo á Íslandi | Ford á Íslandi | Citroën á Íslandi | Mazda á Íslandi | Ford Truck á Íslandi

Skoðaðu ford.is

Komdu í Brimborg Bíldshöfða 6 og kauptu Ford

## Komdu í Brimborg í dag

Skoðaðu fleiri dæmi um betri notaða bíla
hjá Brimborg. Smelltu á notadir.brimborg.is

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | notadir.brimborg.is

# Alls kona



## MacBook Pro 13,3”
2,3GHz tveggja kjarna Intel i5 örgjörvi
4GB DDR3 vinnsluminni
320GB harður diskur
Thunderbolt tengi (10Gbps)
Intel HD Graphics 3000 384MB
Innbyggð rafhlaða (allt að 7 klst.)
Íslenskt lyklaborð með baklýsingu

**Verð: 199.990.-**

## MacBook Pro 15,4”
2,0GHz fjögurra kjarna (Quad-Core) Intel i7 örgjörvi
4GB DDR3 vinnsluminni
500GB harður diskur
Thunderbolt tengi (10Gbps)
AMD Radeon 6490M 256MB og Intel HD 3000 stýring
Innbyggð rafhlaða (allt að 7 klst.)
Íslenskt lyklaborð með baklýsingu

**Verð: 339.990.-**

## MacBook Pro 17”
2,2GHz fjögurra kjarna (Quad-Core) Intel i7 örgjörvi
4GB DDR3 vinnsluminni
750GB harður diskur
Thunderbolt tengi (10Gbps)
AMD Radeon 6750M 1GB og Intel HD 3000 stýring
Innbyggð rafhlaða (allt að 7 klst.)
Íslenskt lyklaborð með baklýsingu

**Verð: 439.990.-**

# iPad 2 - hinn fullkomni ferðafélagi



**Verð frá: 84.990.-**

Með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar.

# r fyrir alla



## MacBook Air 11,6”
Allt að 1,8GHz Dual-Core Intel Core i7
Allt að 4GB vinnsluminni
Allt að 256GB SSD diskur
Thunderbolt tengi (10Gbps)
Innbyggt Wi-Fi og Bluetooth
Þyngd 1,08 kg / Rafhlaða allt að 5 klst.
Íslenskt lyklaborð með baklýsingu

**Verð frá: 169.990.-**

## MacBook Air 13,3”
Allt að 1,8GHz Dual-Core Intel Core i7
Allt að 4GB vinnsluminni
Allt að 256GB SSD diskur
Thunderbolt tengi (10Gbps)
Innbyggt Wi-Fi og Bluetooth
Þyngd 1,35 kg / Rafhlaða allt að 7 klst.
Íslenskt lyklaborð með baklýsingu

**Verð frá: 249.990.-**






# Ókeypis námskeið á laugardögum

**milli kl 13.00-15.00**

Varstu að kaupa þér Apple tölvu eða langar þig að læra meira? Þá getur þú kíkt á námskeið í Apple búðinni, **Laugavegi 182** og lært eitthvað nýtt.



**www.epli.is/namskeid**

Vefverslun
www.epli.is
sendum frítt á land allt

epli.is

Laugavegi 182, sími 512 1300 | Opið 10-18 mánudaga til föstudaga og 12-16 laugardaga | **www.epli.is**

# Hraðbrautin gegnum Þingvelli

Náttúruvernd

Sigurður Jón Ólafsson
bókavörður



Aukin bílaumferð um Þingvelli í kjölfar vegabóta á Lyngdalsheiði getur haft aukna mengun í för með sér í þjóðgarðinum. Þingvallavatn er eitt tærasta vatn sem um getur, en ef köfnunarefni, nitur og fleira frá umferðinni fer út í vatnið kemur þörungagróður, og þá hverfur blái liturinn og vatnið spillist.“

Þetta er haft eftir Ólafi Erni Haraldssyni, þjóðgarðsverði á Þingvöllum, í Fréttablaðinu 5. september sl. Já, það er sannarlega gott að vera vitur eftir á.

Pétur M. Jónasson vatnalíffræðingur sem manna gerzt þekkir Þingvelli og Þingvallavatn, enda hefur hann rannsakað það af kostgæfni og sjálfur upp alinn við Miðfell, varaði margsinnis við lagningu hraðbrautar milli Laugarvatns og Þingvalla. Hann benti einmitt á það, að nitur frá mikilli bílaumferð myndi breyta ásýnd vatnsins; með tíð og tíma yrði það grænt og gruggugt í stað þess bláa og tæra litar, sem einkennir það í dag og hefur gjört í þúsundir ára. Það hefði mátt lagfæra gamla veginn eins og margir vildu eða leggja nýjan veg frá Laugarvatni sunnan við Lyngdalsheiði og niður að Írafossi og þaðan áfram til vesturs einsog Pétur lagði til (Mbl. 11.12. 2006).

Pétur varaði við afleiðingum þessara framkvæmda í sinni stórmerku bók Þingvallavatn – undraheimur í mótun, í endurskoðaðri útgáfu 2007, í grein í Náttúrufræðingnum 1.-2. tbl. 2004, auk ýmissa greina í dagblöðum. Hann benti m.a. á, að afleiðingar þessara framkvæmda yrðu þær, að Þingvellir yrðu teknir af heimsminjaskrá Unesco. Það hefur ekki verið venja hér á landi að hlusta á varnaðarorð vísindamanna, þegar gróðahyggjan er annars vegar.

Pétur kærði úrskurð Skipulagsstofnunar um vegalagningu til umhverfisráðuneytisins á sínum tíma, en sú kæra var einfaldlega ekki tekin gild enda var umhverfisráðuneytið á þessum tíma ekkert annað en afgreiðslustofnun fyrir iðnaðar- og samgönguráðuneytin.

Þessi nýja hraðbraut hefur haft í för með sér gífurlega aukningu bílaumferðar eins og séð var fyrir. Margir þeirra sem nýta sér þennan nýja veg eru einfaldlega að stytta sér leið til höfuðstaðarins án viðkomu á Þingvöllum. Þó að hámarkshraði innan þjóðgarðs sé 50 km á klst. eru fæstir sem virða þau hraðatakmörk.

Nú sjá menn kannski fram á, að varnarorð Péturs og fleiri vísindamanna, sem þátt tóku í þessari umræðu, hafi átt við einhver rök að styðjast. En hvað ætla menn að gera? Loka hraðbrautinni yfir sumartímann? Ætli margir myndu samþykkja það. Þjóðgarðsvörður leggur til, að hafnar verði mengunarmælingar í þjóðgarðinum. Það er auðvitað góðra gjalda vert. Fáum við svo að vita öðru hverju, að mengunin sé yfir hættumörkum og ofnæmissjúklingum, börnum og gamalmennum sé ráðlagt að skreppa ekki í bíltúr til Þingvalla þennan daginn eða hinn? Ætli þetta verði ekki einsog þegar svifrykið fer yfir hættumörk í Reykjavík. Þá er ekki verið að draga úr umferð eða loka bíla inni í bílskúrum. Nei, frekar að loka börn og ofnæmissjúklinga inni.

Vöknum við ef til vill einn „góðan” veðurdag við það, að Þingvallavatn er orðið grænt og gruggugt?

# Einkasala, einhliða viðskiptahættir, reykur, speglar og slæður

Tollar

Þórólfur Matthíasson
hagfræðiprófessor



Gouda-ostar eru kenndir við borgina Gouda í Suður-Hollandi og hafa verið í framleiðslu frá því fyrir 1667 en það ár var lagður sérstakur söluskattur á þessa ostategund. Tekjurnar voru notaðar til að fjármagna húsnæði fyrir ostamarkaðinn í Gouda og til að greiða kostnað löggiltra vigtarmanna auk annars.

**Úrval Gouda osta hér og þar**

Í Hollandi er hægt að fá mikið úrval ungra Gouda-osta og Gouda-osta sem hafa fengið að eldast og þroskast, frá mörgum framleiðendum, innflutta og innlenda. Gouda er ekki skrásett vörumerki, en hollenskir framleiðendur merkja vöru sína upprunalandinu með áberandi hætti, enda telja flestir Hollendingar að hollenskur Gouda-ostur beri af öðrum Gouda-osti, rétt eins og flestir Íslendingar telja að íslenskt lambakjöt beri af öðru lambakjöti. Mjólkursamsalan mun nýbyrjuð að flytja íslenskan Gouda-ost til Hollands.

Á Íslandi er hægt að fá íslenskan ungan Gouda-ost, mis fitumikinn. Hollenskur Gouda hefur fengist af og til á „ofur“ verði.

Innflutningur á íslenskum Gouda-osti til Hollands eykur fjölbreytni Gouda-ostaframboðs þar í landi agnarögn. Innflutningur á hollenskum Gouda-ostum til Íslands gæti aukið fjölbreytni í Gouda-ostaframboði á Íslandi svo til byltingar mætti telja.

**Innflutningsgjöld og heildsöluverð**

Ástæða þeirrar einstefnu sem er ríkjandi í verslun með Gouda-ost milli Íslands og Hollands er ekki yfirburðabragðgæði íslenska Gouda-ostsins; íslenskir ostameistarar hafa álíka margra áratuga reynslu af framleiðslunni og hollenskir starfsbræður þeirra hafa margra alda reynslu. Hollensku ostameistararnir framleiða mun fleiri afbrigði af ostinum en þeir íslensku. Ástæða einstefnunnar í versluninni eru þau ójöfnu innflutningstollakjör sem innflytjendur annars vegar í Hollandi og hins vegar á Íslandi standa frammi fyrir.

Ungur hollenskur Gouda-ostur kostar 1.163 krónur kílóið án virðisaukaskatts hjá vefversluninni goudacheeseshop.com í Hollandi. Upplýsingar um heildsöluverð liggja ekki á lausu. Svonefnd grænmetisnefnd landbúnaðarráðuneytisins upplýsti að smásöluálagning á Íslandi og Noregi og Danmörku á grænmeti væri um 30-50%, hæst á viðkvæmustu vöruflokkunum, lægst á kartöflum. Ostur og kartöflur gera svipaðar kröfur til kælingar og umhyggju í flutningi. Hér verður því gengið út frá að smásöluálagning á Gouda-osti á Íslandi og í Hollandi sé 30%. Heildsöluverð hollensks Gouda-osts í gámi við skipshlið gæti því verið um 900 krónur á kíló. Flutningur til Íslands hækkar kostnaðarverð upp í 990 krónur. Tollur er 430 krónur á kíló að viðbættum 30% verðmætistolli. Kostnaðarverð innflytjanda yrði því 1.717 krónur á kíló. Ofan á það þyrfti svo að bætast 30% álagning smásalans og 10-20% álagning innflytjandans. Smásöluverð án virðisaukaskatts væri þá orðið 2.455 krónur á kíló. Væri innflutningur tollfrjáls yrði kílóverðið um 1.000 krónum lægra á Íslandi, eða 1.415 krónur. Til samanburðar er heildsöluverð Mjólkursamsölunnar um 1.100 krónur kílóið án virðisaukaskatts.

**MS í Hollandi**

Áætla má skilaverð til Mjólkursamsölunnar vegna útflutningsins til Hollands með sömu forsendum. Hollenskir neytendur eru þekktir af að vera meðal kröfuhörðustu neytenda í Evrópu. Verðmeðvitund er sterk, svo sterk að sumir segja þá níska. Mjólkursamsalan hlýtur því að leggja áherslu á verð fremur en gæði í markaðsfærslu sinni á Gouda-osti í Hollandi. Það geta þeir gert með því að einbeita sér að stofnanamarkaði fremur en smásölumarkaðnum og bjóða hótelum, skólaeldhúsum, fangelsum og öðrum stórum kaupendum ost á hagstæðara verði en hollenskir framleiðendur myndu gera. Það þýðir að heildsöluverð MS í Hollandi þyrfti að vera segjum 5% lægra en 900 krónur. Gerum ráð fyrir sama kostnaði við flutning frá Íslandi og til Íslands (90 krónur á kíló). Innflutningstollar til Hollands á Gouda-osti eru 1,51 evra á kíló, nema útflutningur sé innan umsaminna tollfrelsismarka. Skilaverð til MS væri þá um 765 krónur á kíló meðan fyrirtækið heldur útflutningsmagni innan tollfrelsismarkanna. Skilaverð yrði um 500 krónur á kíló ef farið er út fyrir tollfrelsismörkin. Mjólkursamsalan virðist ekki hafa áhuga á að flytja Gouda-ost út upp á þau býti.

**Miklu hærra verð til íslenskra neytenda**

Útreikningarnir hér að ofan sýna að eigendur MS selja hollenskum neytendum Gouda-ost á allt að 350 krónum lægra verði á kíló en íslenskum neytendum. Eigendur MS komast upp með þetta í krafti einkasölustöðu sinnar á Íslandi. Ef eðlilegir verslunarhættir tíðkuðust í úrvinnslugreinum landbúnaðar myndi verð á íslenskum Gouda-osti líklega lækka niður í 750-800 krónur kílóið.

Hollendingar ættu að eiga þess kost að flytja inn nokkur tonn af Gouda-osti innan tollfrelsismarka til Íslands. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur, með einhverjum furðulegum hætti, tekist að koma málum svo að gjöld til ríkissjóðs vegna innflutnings innan „tollfrelsiskvóta“ eru hærri en gjöld vegna innflutings utan þess kvóta! Fyrir það hefur hann fengið ákúrur frá Umboðsmanni Alþingis. Framkvæmdin er þó enn óbreytt.

**Nokkrar ályktanir**

Í fyrsta lagi kemur tollverndin á Íslandi algjörlega í veg fyrir að óbrjálaður innflytjandi leggi innflutning á Gouda-osti á sig.

Í öðru lagi myndi tæpast nokkur grundvöllur vera fyrir útflutningi á íslenskum Gouda-osti til Hollands ef hollensk stjórnvöld beittu valdi sínu með svipuðum hætti og íslenski sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherrann.

Í þriðja lagi myndi innflutningur á hollenskum Gouda-osti varla kippa fótum undan innlendri framleiðslu, Mjólkursamsalan virðast fá sinn kostnað vegna framleiðslu á Gouda-osti til baka nái fyrirtækið skilaverði upp á 765 krónur á kíló.

Í fjórða lagi munu íslenskir framleiðendur njóta verulegrar fjarlægðarverndar gagnvart erlendum framleiðendum jafnvel þótt allir tollar yrðu niður felldir: Íslenskur smásali gæti fengið hollenskan Gouda frá innflytjanda á um 1.400 krónur kílóið, MS býður það nú á 1.100 krónur kílóið en gæti lækkað sig niður í 765 krónur ef þörf krefði (t.d. ef ódýrari Gouda-ostur yrði fluttur inn frá öðrum löndum en Hollandi).

Í fimmta lagi myndi Mjólkursamsalan enn vera vel samkeppnisfær innanlands gagnvart hollenskum Gouda-osti jafnvel þó gengi krónunnar styrktist um 20-30%.

Í sjötta lagi myndi innlend samkeppni í framleiðslu á Gouda-osti líklega lækka verð á þeirri vöru um allt að 30%.

**Hvað hræðast menn?**

Sú spurning sem vaknar eftir þessa yfirferð er þessi: Við hvað eru þeir hræddir sem leggjast gegn lækkun innflutningstolla á landbúnaðarafurðum og eðlilegri framkvæmd tollfrelsissamninga hér á landi? Getur verið að þeir trúi ekki eigin orðum um gæði íslenskrar framleiðslu? Að þau orð séu bara reykur, speglar og slæður að hætti sjónhverfingamanna? Eða eru þeir hræddir um að nokkrir hollenskir ostar muni velta einkasöluveldi afurðastöðvanna? Eru þeir hræddir um að neyðast til að selja íslenskum neytendum ost á eðlilegu verði?





ÚTILÍF
OPIÐ TIL
MIÐNÆTTIS
20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VARNINGI FRÁ NIKE
ÞAÐ VERÐUR NÓG UM AÐ VERA Í ÚTILÍF Í KRINGLUNNI
MILLI KL. 18:00 OG 22:00 Í KVÖLD
Kl. 18-22 World Class kynnir Crossfit – settu nafnið þitt í pott og þú gætir unnið kort í Crossfit og NIKE-pakka.
Kl. 18-22 Ráðgjöf við val á hlaupavörum frá NIKE.
Kl. 19-20 Kynning á sportdrykkjum frá Vífilfelli.
Kl. 19-22 Ráðgjöf við val á toppum og buxum fyrir dömur úr æfingalínu NIKE sem henta í ræktina.
NÁÐU ÁRANGRI. ÚTILÍF – HOLTAGÖRÐUM. GLÆSIBÆ. KRINGLUNNI. SMÁRALIND. WWW.UTILIF.IS

# Handboltasilfur eða vísindaþorp?

**Nýr spítali**

Lýður Árnason
læknir



Starfsfélagi minn og fyrrum landlæknir ritar ágæta grein um nýbyggingu sjúkrahúss á dögunum. Rökstyður hann þessa framkvæmd og gerir það vel. Segir Sigurður að hugmyndin hafi frá upphafi verið til þess fallin að efla starfsemi spítalans, bæta þjónustu við sjúklinga og styðja og styrkja hann sem vísinda- og kennslustofnun. Hann segir óhagræði að sama stofnun skuli vera undir mörgum þökum, framtíðin sé þverfagleg teymisvinna þar sem nánd starfsstétta sé nauðsynleg. Sigurður lofar samvinnu Háskólans og Landspítalans sem fært hefur þjóðinni hæft heilbrigðisstarfsfólk. Segir okkur hins vegar eftirbáta nágrannaþjóðanna í vísindavinnu og verði ekkert að gert bíði okkar frekari atgervisflótti. Að lokum áréttar Sigurður þá skoðun sína að bygging nýs sjúkrahúss sé lykilþáttur í að efla þekkingu, menntun og þjónustu við sjúklinga.

Viðhorfsmunur okkar Sigurðar kristallast í staðhæfingu hans um handboltasilfrið. Þar segist Sigurður fremur vilja sjá sama árangur Íslands á sviði vísinda. Með þessu er Sigurður ekki mótfallinn handbolta enda segir hann það sjálfur. Á sama hátt er ég ekki mótfallinn vísindum þó ég telji nýbyggingu sjúkrahúss óþarfa. Ég deili hins vegar ekki með Sigurði þeirri skoðun að margumrædd framkvæmd verði sjúklingum þessa lands til framdráttar, þvert á móti.

Við Íslendingar höfum horft upp á miðstýringaráráttu undanfarinna ára, látlaust hefur dunið á þjóðinni að hagræðing sé bundin stórum einingum, ekki litlum. Fjárhagslega útkomu þessarar hugmyndafræði tel ég ekki beysna og þjónustu ei heldur. Fólk þekkir samskipti við stórar stofnanir, bið, bið og aftur bið, tilvísanir, frávísanir, misskilning, mistök og umkomuleysi. Fari heilbrigðisþjónusta landsmanna nánast öll undir einn hatt verða ofangreindir hlutir enn meira vandamál en nú er. Færibandavinna með hámarksafköstum kemur sér betur fyrir þá sem gera að en hina sem eru gerðir. Minni einingar hafa betri yfirsýn, innviðir þeirra eru sýnilegri og fólki auðsýnd meiri virðing og alúð. Risasjúkrahús tel ég því afturför hvað þjónustu við sjúklinga varðar.

Vandi Landspítalans í dag er fjárhagslegur. Fyrir utan daglegan rekstur er viðhaldi húsa mjög ábótavant. Nýbygging mun ekki leysa þann vanda heldur auka. Fremur ættu forsvarsmenn heilbrigðismála að leita leiða til að minnka umsvif Landspítalans og draga þannig úr útgjöldum. Um allt land er þegar fyrirliggjandi prýðisaðstaða sem unnvörpum er ónýtt vegna stefnu yfirvalda. Með hringferðum heilbrigðisstarfsfólks á milli stofnana væri hægt, í bland við starfsfólkið á hverjum stað, að endurvekja tapaða þjónustu í heimabyggð. Samfara drægi úr álagi Landspítala. Flestir myndu fagna þessari þjónustu og sparnaðurinn í fólksflutningum augljós.

Fólksflótti heilbrigðisstarfsfólks er ekki einungis vegna launakjara. Margir kjósa minni vinnustaði og vilja hafa þá nærri heimilum sínum. Að auki ýtir einn stór vinnuveitandi hvorki undir samkeppni né fjölbreytni. Margir finna því kröftum sínum farveg annars staðar. Verst er þó að með einni risastofnun færast mikil völd á fárra hendur. Í slíku andrúmslofti gengur fljótt á athafnafrelsið og því una sumir illa.

Meðmælendur nýbyggingar Landspítala rökstyðja verkið sem fjárhagslega arðbært en byggingarkostnaðurinn er áætlaður um 80 milljarðar. Skírskotað er til óhagræðis vegna dreifðs húsnæðis Landspítalans og tilfærsla starfseminnar á einn blett spari umtalsvert fé. Einnig er því hampað að framkvæmdin sé innspýting í atvinnulífið og atvinnuskapandi. Ábyggilega má gera því skóna að fjármunir sparist á einhverjum sviðum en þegar á heildina er litið get ég ekki annað en dregið þessar fullyrðingar í efa. Landspítalinn á við langvarandi og síversnandi rekstrarvanda að stríða og ástandið í ríkisfjármálum sjaldan verra. Og reiknimeistarar ríkisins telja svarið vera nýtt spítalaþorp. Hvernig bygging þess og rekstur skapi hagræði er mér hulin ráðgáta, miklu nær væri að gera ekki neitt og ráðast fremur í viðhald fyrirliggjandi húsa og breytingar á þeim. Snúa síðan af þeirri miðstýringarbraut sem mörkuð hefur verið og beina straumþunganum frá miðjunni og til fólksins í landinu. Með þessu er ég ekki að gera lítið úr hlutverki Landspítalans heldur að sníða hann að þörfum 300 þúsund manna þjóðar. Það spítalaþorp sem liggur nú á teikniborðinu rímar við sjöfalt fjölmennari þjóð.

> Það er eins með vísindin og handboltann, gaman væri að hafa bolmagn til að halda úti deild á heimsmælikvarða.

Það er eins með vísindin og handboltann, gaman væri að hafa bolmagn til að halda úti deild á heimsmælikvarða. Smæðin gerir okkur það nánast ómögulegt og því leitar afreksfólk gjarnan á önnur mið. Það breytir þó ekki þeirri staðreynd að við höfum okkar ágæta háskólasjúkrahús sem undirbýr fólk til frekari landvinninga og sama má segja um handboltadeildina. Margir koma svo aftur reynslunni ríkari og miðla áfram á heimaslóð.

Fylgjendur nýbyggingar Landspítala verða að gera sér grein fyrir því að slík risaframkvæmd útheimtir breytingar á forgangsröð samfélagsins. Að leita samþykkis þjóðarinnar væri því að mínu mati lágmarks kurteisi og liggur þjóðaratkvæðagreiðsla beinast við. Þar yrði mitt svar nei og ástæðan tvíþætt. Annars vegar hef ég ekki fundið fyrir neinni eftirspurn eftir nýju spítalaþorpi hjá þjóðinni, tel ég framkvæmdina þar af leiðandi óþarfa og reyndar skaðlega eins og nú er ástatt. Hins vegar vil ég sjá megináherslu heilbrigðismála á sjálfri þjónustunni, meiri fjölbreytileika í minni og nánari einingum og einnig sjá þjónustuna færast til fólksins en ekki frá.

**AF NETINU**

## Efnahagslegar þrælabúðir

Íslenskir launamenn búa í efnahagslegum þrælabúðum. Þeim er talin í trú að þeir hafi samningsrétt um launakjör, en hið rétta er að stjórnmálamenn fara með kjarasamninga eins og þeim sýnist. Staðreyndin blasir við, íslenskir launamenn voru búnir að ná þokkalegum kaupmætti árið 2005 í samanburði við nágrannaþjóðir og það ár erum við með rauntölur, það sem gerðist eftir það fram til október 2008 var froða byggð upp með erlendu lánsfjármagni. Krónan var þá orðin 20% of hátt skráð og erlendur gjaldeyrir á útsölu. Íslenskum launamönnum hafði tekist frá árinu 2000 til 2008, að ná um 13% kaupmáttaraukningu, en töpuðu henni allri við Hrunið, auk þess að fjöldi heimila tapaði sínum eignum og situr eftir skuldum vafinn. Danir féllu ekkert í kaupmætti við efnahagshrunið og hafa bætt við sig 1% eftir 2008 og tæp 6% það sem af er þessari öld. Auk þess halda þeir sínum eignum.
Svíar hafa gert betur, þeir hafa bætt við sig 2,3% eftir efnahagshrunið og 7,3% það sem af er þessari öld, og halda líka eignum sínum.

http://gudmundur.eyjan.is/
**Guðmundur Gunnarsson**

## Þjónustuskerðing Strætó

Ég skora á sveitarfélögin sem að rekstri Strætó bs. standa að endurskoða ákvörðun um að stytta þjónustutíma strætisvagnanna með þeim hætti sem þegar hefur verið gert. Vaktavinnufólk notar strætó mikið til og frá vinnu og þarf að geta komist á eigin forsendum til og frá vinnu og skólafólk vill geta komist seinna heim en raunin er nú.

http://blog.eyjan.is/jorunn/
**Jórunn Frímannsdóttir**



# OFURTILBOÐ




21,5"

AÐEINS 50stk. TAKMARKAÐ MAGN

acer

## FULL HD LCD SKJÁR

**19.990**

**Acer V223HQVb**
- 21,5" LCD skjár
- Háskerpuskjár með 1920 x 1080 Full HD upplausn
- 5ms viðbragðstími

KOMINN AFTUR




## UNITED
### HD SJÓNVARPSFLAKKARI

**United HD MMP 9590**
- Háskerpuspilari sem spilar myndbönd samkv. H.264 staðli
- Meðfærilegur á standi með fjarstýringu og HDMI kapli
- Fjöldi tengimöguleika – HDMI, Composite, Optical tengi
- USB rauf fyrir minnislykla
- SD/MMC kortalesari

**16.990**

150gr

PASSAR Í VASA



### VASAFLAKKARI

SAMSUNG

500 GÍGABÆT

**Samsung GB2 500GB**
- Nettur og meðfærilegur flakkari sem passar í vasa
- Aðeins 150 grömm
- Hröð afritun með USB 2.5
- Hægt að dulkóða gögn með SecretZone
- 2.5" diskastærð
- Samhæfður við Windows og Mac

**9.990**

ÓDÝR HAGKVÆMUR Í REKSTRI




## EPSON
### BLEKSPRAUTUPRENTARI

**Epson S22**
- Einfaldur og hagkvæmur prentari sem fer lítið fyrir.
- Há upplausn (5760x1440) – hentar vel í ljósmyndaprentun.
- Hagkvæmur í rekstri – stök hylki fyrir hvern lit.
- Prentar 28 bls. á mínútu í svart hvítu og 15 bls. á mínútu í lit.
- Gengur fyrir bæði Windows og Mac.
- USB tengdur

**7.990**

*Vaxtalausar raðgreiðslur með 3% lántökugjaldi og 320 kr greiðslugjaldi af hverjum gjalddaga.

*Kynntu þér KASKÓÁBYRGÐ sem tryggir fartölvuna fyrir þjófnaði og óhöppum*

*VAXTALAUS 12 MÁNAÐA TÖLVULISTALÁN**

# TÖLVULISTINN

TL.IS

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| NÓATÚNI 17<br>SÍMI 414 1700 | GLERÁRGÖTU 30<br>SÍMI 414 1730 | MIÐVANGI 2-4<br>SÍMI 414 1735 | HAFNARGÖTU 90<br>SÍMI 414 1740 | AUSTURVEGI 34<br>SÍMI 414 1745 | REYKJAVÍKURVEGI 66<br>SÍMI 414 1750 |

FYRIR KRÖFUHARÐA !

TOPTUL
THE MARK OF PROFESSIONAL TOOLS

Fylgstu með á facebook SINDRI

# SINDRI

## VERKFÆRI SEM HÆGT ER AÐ TREYSTA

TILBOÐ

LÍFSTÍÐARÁBYRGÐ Á TOPPUM OG FÖSTUM LYKLUM



IBT GAAL0910
**SEXKANTASETT 9 STK.**
1.5 - 10 mm
Fullt verð 3.900 kr
**1.990** m/vsk



IBT GBBA1001
**FASTLYKLASETT 10 STK.**
5/32" - 7/16"
Fullt verð 3.990 kr
**2.490** m/vsk



IBT GCAI5102
**TOPPL, BITA OG SEXKANTASETT**
1/4" 4 - 14 mm
Fullt verð 12.900 kr
**6.900** m/vsk



IBTGAAQ3704
**TOPPASETT Á SLEÐA 37 STK.**
1/4" - 3/8" - 1/2"
Fullt verð 7.900 kr
**3.900** m/vsk

TILBOÐ



106 STK

IBTGCAI8002
**TOPP, LYKLA, OG BITASETT.**
1/2" 4 - 32 mm
Fullt verð 29.900 kr
**22.900** m/vsk



80 STK

IBTGCAI106B
**VERKFÆRASETT**
Toppar, skrúfjárn, lyklar, tangir og fl.
Fullt verð 29.900 kr
**21.900** m/vsk



130 STK

IBTGCAI130B
**TOPP ,LYKLA, OG BITASETT**
4 - 32 mm - 5/32" - 1 1/4"
1/4" - 1/2" Fullt verð 39.900 kr
**26.900** m/vsk



IBT GCAI3501
**TOPPLYKLASETT 35 STK.**
3/8" 6 - 22 mm 1/4" - 7/8"
Fullt verð 14.901 kr
**11.900** m/vsk



5.490 KR
KAUPAUKI
*FELGUTOPPASETT FYLGIR MEÐ



*Á meðan birgðir endast

## 283 STK - VERKFÆRAVAGN Á HJÓLUM

7 Skúffur
1/4", 3/8" og 1/2" topplyklasett
Fastir lyklar, sexkantar og skrúfjárn,
djúpir toppar, höggskrúfjárn, öfuguggasett, slaghamar,
splittatangir, tangir, bitar og fl.
Sterkur vagn með lás

TILBOÐ



**179.900** m/vsk
Fullt verð 231.490

Með fyrirvara um villur

SINDRI

www.sindri.is / sími 575 0000
Viðarhöfða 6 - Reykjavík Bæjarhrauni 12 - Hafnarfirði

# HRINGDU NÚNA 575 00 00

TILBOÐ




IBTDJAC0106
**SKRÚFSTYKKI 6"**
6" Opnun
Fullt verð 28.900 kr
**16.900** m/vsk



IBTGCAI2802
**TOPPLYKLASETT 28 STK.**
1/2" 8 - 32 mm
Fullt verð 18.900 kr
**9.900** m/vsk




IBTGCAI9402
**TOPPLYKLA OG BITASETT**
94 STK. 1/4" - 1/2" 4 - 32 mm
Fullt verð 22.900 kr
**16.900** m/vsk



IBTGZC2005
**SKRÚFJÁRNSETT 20 STK.**
Ph. Slétt og stjörnu
Fullt verð 9.900 kr
**5.900** m/vsk

TILBOÐ



IBTTCAD0101
**VINNUBORÐ Á HJÓLUM**
Með skúffu og hillu
Fullt verð 49.900 kr
**34.900** m/vsk




IBTANAF1211
**HERSLUMÆLIR 3/8"**
19 - 110 Nm - Vottaður
**9.490** m/vsk



IBTABEA
**SKRALLLYKLAR**
Margar stærðir og gerðir
VERÐ FRÁ **999** m/vsk



IBTKABA
**HERTIR TOPPAR**
13 - 70 mm
VERÐ FRÁ **390** m/vsk




IBTGCAI2802
**SNITTTAPPA, OG BAKKASETT**
3 - 12 mm
**9.900** m/vsk



IBTGDAD1001
**TOPPASETT**
Hertir toppar 10 - 24 mm
Fullt verð 7.900 kr
**4.900** m/vsk



IBTGCAI2802
**SKÓTÖNG**
5 skiptanlegir kjaftar fylgja með
Fullt verð 16.900 kr
**9.900** m/vsk



IBTGCAD1403
**TOPPLYKLASETT 14 STK.**
1" 36 - 80 mm
Fullt verð 79.900 kr
**59.900** m/vsk

TILBOÐ



**129.900** m/vsk
Fullt verð 159.900

## 158 STK - VERKFÆRAVAGN,
5 Skúffur

LÍFSTÍÐARÁBYRGÐ
Á TOPPUM OG FÖSTUM LYKLUM




**299.900** m/vsk
Fullt verð 349.490

*Á meðan birgðir endast

## 366 STK - VERKFÆRAVAGN JUMBO
8 Skúffur

SKÓMARKAÐUR

xena


St. 41-50 Verð: 8.415


St. 40-46 Verð: 6.995


St. 40-46 Verð: 7.295


St. 41-46 Verð: 4.995

Opið
mánud-föstud. 11-18
laugard. 11-16

xena

Grensásvegur 8 &
Nýbýlavegur 12
Sími 517 2040

# Athygli, já takk

Heilbrigðismál



Björk Þórarinsdóttir
formaður ADHD samtakanna

Nú stendur yfir samevrópsk ADHD vitundarvika og taka íslensku ADHD samtökin þátt í henni með kynningarátaki undir slagorðinu „ATHYGLI, JÁ TAKK“. Markmið ADHD vitundarvikunnar er að auka þekkingu almennings á ADHD, eyða fordómum, auka skilning og efla stuðning við fólk með ADHD með opinskárri og skammarlausri umfjöllun. Lögð verður áhersla á hversu mikilvægt er að einstaklingar með ADHD mæti skilningi og njóti stuðnings í samfélaginu.

**Hvað er ADHD?**

Margir hafa skoðanir á ADHD en fáir vita í raun um hvað það snýst eða hvað það er. Gjarnan gætir misskilnings um ADHD; eins og að það hafi áhrif á greind eða að það sé óþekkt í börnum. Fordómar eru gjarnan í garð einstaklinga með ADHD sem nota lyf, eins og sást á einsleitri umræðu um lyfjameðferð við ADHD á vordögum. En hvað er þetta ADHD þá? ADHD stendur fyrir Attention Deficit Hyperactivity Disorder, sem er taugaþroskaröskun sem kemur yfirleitt fram snemma á ævinni. Orsakir ADHD eru líffræðilegar og stafa af truflun boðefna í stjórnstöð heilans. Aðaleinkenni ADHD er athyglisbrestur og hvatvísi og geta einstaklingar með ADHD ýmist verið ofvirkir eða vanvirkir. Einkennin geta verið mismunandi og mismikil en þau hafa áhrif á líf þeirra sem eru með ADHD, fjölskyldna þeirra og allra í nærumhverfinu. Þeim mæta margvíslegar áskoranir, því líf með ADHD er hvorki einfalt né auðvelt, síst í nútímasamfélagi. ADHD einkennin geta haft áhrif á starfshæfni, félagshæfni, skipulag, námsgetu og stjórnun.

**Fjöldi einstaklinga með ADHD á Íslandi**

Talið er að um 7-10% barna glími við ADHD og 4,5% fullorðinna, það eru um 6.000 börn og 10.000 fullorðnir. ADHD samtökin vinna að málefnum einstaklinga með ADHD og veita þeim og aðstandendum þeirra stuðning. Auk þess standa samtökin fyrir fræðslu um ADHD, bæði fyrir fjölskyldur og fagfólk. ADHD samtökin á Íslandi fengu 2,7 m.kr. á fjárlögum árið 2010 og er það því deginum ljósara að samtökin eru fjárþurfi. ADHD samtökin hafa því látið útbúa fyrir sig endurskinsmerki með meinfyndnum teikningum Hugleiks Dagssonar sem seld verða til fjáröflunar. Allur ágóði sölunnar rennur óskiptur til ADHD samtakanna og fer í að efla starfsemi og þjónustu við einstaklinga með ADHD. Merkin eru nú þegar komin í sölu í öllum verslunum Krónunnar og eru einnig til sölu á vef samtakanna.

**Dagskrá ADHD vitundarvikunnar**

Evrópska ADHD vitundarvikan felst í því að uppfræða almenning, eyða fordómum og auka skilning og stuðning fyrir einstaklinga með ADHD. Þetta hyggjast ADHD samtökin gera með því að gefa öllum grunnskólum á landinu fræðslupakka sem þeir geta nýtt sér í innanhússfræðslu fyrir allt starfsfólk skólans. Með fræðslunni er lögð áhersla á hvernig umhverfið og aðstæður geta haft áhrif á börn með ADHD. Þá munu samtökin einnig vekja athygli á ADHD með auglýsingum og upplýstri umfjöllun sérfræðinga í fjölmiðlum. Málþing sem opið er öllum og í samstarfi við velferðarráðuneytið verður haldið föstudaginn 23. september undir yfirskriftinni „Nýjar lausnir – ný sýn“. Þar verða kynnt verkefni sem sveitarfélögin hafa staðið að til bættrar þjónustu við börn með ADHD. Sýnd verða myndbönd um ungmenni með ADHD og kynnt verður Fókus, sjálfshjálparforrit fyrir fullorðna með ADHD. Nánari dagskrá málþingsins er að finna á www.adhd.is, nýrri vefsíðu samtakanna sem við hvetjum alla til að kynna sér. Þar má líka finna fjóra nýja bæklinga um ADHD og ýmsan gagnlegan fróðleik.

**Stuðningur skapar sigurvegara**

Við vonumst til þess að yfirbragð vikunnar verði létt og skemmtilegt. Einstaklingar með ADHD geta verið mjög frjóir, skemmtilegir og orkumiklir. Stundum er gott að einbeita sér að jákvæðum þáttum ADHD og horfa á það jákvæða og skemmtilega sem fylgir. Með von um góðar undirtektir, því skilningur skiptir máli og stuðningur skapar sigurvegara!

# Eru konur 90% menn?

Kjaramál



Stefán Einar Stefánsson
formaður VR

Í liðinni viku kynnti VR niðurstöður árlegrar launakönnunar sem gerð er meðal félagsmanna. Er það í ellefta sinn sem það er gert. Kennir þar ýmissa grasa en fyrst og síðast er könnunin hugsuð sem verkfæri fyrir félagsmenn til þess að bera launakjör sín saman við það hver þau almennt eru á markaðnum. Með því móti er fólki gert auðveldara að átta sig á launaþróun á þeim vettvangi sem það starfar og einnig hvort það geti unað við starfskjör sín eða hvort ástæða sé til að leita leiðréttingar á þeim. Á undanförnum árum hefur könnunin komið að góðu gagni og það er ánægjulegt að sjá hversu margir félagsmenn VR, og raunar margir fleiri, nýta sér hana í sókn eftir kjarabótum.

Í rúman áratug hefur VR fylgst náið með þróun kynbundins launamunar meðal félagsmanna sinna. Er það gert með svokallaðri aðfallsgreiningu þar sem ytri þættir, sem ekki tengjast kynferði, eru einangraðir og tillit tekið til þeirra við mat á heildarlaunum. Greining af því tagi sýnir að árið 2001 var launamunur karla og kvenna 15,3% að meðaltali. Síðan þá hefur nokkuð áunnist með mörgum herferðum og þrýstingi á fyrirtæki og stjórnvöld. Er nú svo komið að þessi munur reynist rúm 10% að jafnaði.

**Álög eða mannanna verk?**

Í tilefni af útgáfu launakönnunar VR árið 2011 og þeirri ástæðu að launamunur kynjanna stendur í stað, þriðja árið í röð, höfum við hleypt af stokkunum auglýsingaherferð sem vakið hefur mikil viðbrögð. Með herferðinni er stærsta stéttarfélagið innan vébanda ASÍ í raun að spyrja í forundran: er ekki hægt að tryggja sjálfsagðan rétt kvenna á vinnumarkaði? Eru þetta álög eða mannanna verk? Svarið er sjálfgefið: að sjálfsögðu er það hægt og launamunur kynjanna er ekki yfirnáttúrulegt fyrirbæri. En hvað í ósköpunum veldur því þá að hvern einasta dag koma konur heim frá vinnu og hafa borið 10% minna úr býtum fyrir erfiði sitt en karlar – af þeirri einu ástæðu að þær eru konur? Svarið við þeirri spurningu er ekki eins einfalt og þeirri fyrri sem hér að ofan var varpað fram. En svörin hljóta að vera til.

**Viðurkenning fyrirtækja**

Með grípandi auglýsingum og öflugri umfjöllun hefur dregið saman með kynjunum en nú virðist þurfa að finna önnur og sterkari meðul til þess að hægt sé að þoka málum áfram. Ein leiðin til þess, og sú áhrifaríkasta, hlýtur að felast í því að vekja athygli stjórnenda fyrirtækja, fá þá til þess að viðurkenna vandann og takast á við hann af fullri alvöru – jafnt í orði sem og á borði.

Það mun taka tíma að fá þessa viðurkenningu en það er nauðsynlegt að hefjast handa undir eins. Af þeim sökum hef ég kallað eftir því að fyrirtæki sem vilja sýna átaki okkar stuðning, veiti konum afslátt á vöru sinni og þjónustu, dagana 20.-26. september. Að sönnu mun sú táknræna framganga ekki tryggja konum jafnrétti í launum, en hún er til marks um vitundarvakningu, viðurkenningu sem skiptir máli þegar næstu skref verða stigin. Þau fyrirtæki sem taka samfélagsábyrgð sína alvarlega og vilja njóta virðingar samfélags sem kennir sig við jafnrétti og mannréttindi, hljóta að svara kalli! Á sama tíma er þess að sjálfsögðu krafist að fyrirtækin líti í eigin barm og tryggi að konur og karlar njóti sömu launa á þeirra eigin vettvangi.

**Næstu skref**

En áfram verður haldið. Á komandi mánuðum mun VR halda baráttunni áfram og kafa betur ofan í orsakir vandans. Meðal þess sem við höfum fengið staðfest er að konur sækja ekki jafn fast að fá kjarabætur þegar árleg launaviðtöl eiga sér stað. Það er vandamál sem hægt er að taka á. Þess vegna býður VR upp á námskeið í samningatækni og framkomu sem stuðla eiga að því að fólk komi betur undirbúið til leiks þegar kjör þess eru til umræðu við atvinnurekanda.

Þá hefur VR um árabil heimsótt grunn- og framhaldsskóla á félagssvæði sínu þar sem réttindi launafólks eru kynnt og nemendum gerð grein fyrir hlutverki stéttarfélaga í íslensku samfélagi. Í þessum heimsóknum verður hér eftir meira fjallað um launamun kynjanna og hversu alvarlegur misbrestur hann er á samfélagi okkar.



Hátíð í Fjölbrautaskólanum við Ármúla
laugardaginn 24. september kl. 14-17

- Í tilefni af 30 ára afmæli FÁ og vígslu nýbyggingar skólans bjóðum við til veislu.
- Dagskráin hefst kl. 14 með ávörpum og tónlist og síðan verða veitingar á boðstólum.
- Fjölbreytt starfsemi skólans verður kynnt og gestum boðið að skoða skólahúsið.

Verið hjartanlega velkomin.

AF NETINU

## Allar línurnar niður á við

Þegar líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands var stofnsett á Degi íslenskrar náttúru hinn 16. þessa mánaðar, voru flutt nokkur athyglisverð erindi.

Hið fyrsta þeirra var svo athyglisvert að það ætti að vera skyldulesning allra. Í því sýndi Kristín Ragnarsdóttir fjölda línurita sem táknuðu notkun mannkynsins á helstu auðlindum símum og birgðirnar sem til eru af þeim. Línuritin sýndu meðal annars orkunotkun, olíunotkun, fosfatnotkun, járnvinnslu og vinnslu margra annarra nauðsynlegra efna til þess að lifa nútíma lífi.

Öll voru þau eins, sýndu sívaxandi ris notkunar og óhjákvæmilegrar minnkunar vegna þess að á engu þessara sviða var notkunin sjálfbær.
http://omarragnarsson.blog.is
Ómar Ragnarsson

// SKÁLDSÖGUR // SPENNUSÖGUR // ÆVISÖGUR // BARNABÆKUR // MATREIÐSLUBÆKUR // HANDAVINNUBÆKUR // SJÁLFSHJÁLPARBÆKUR // LJÓÐABÆKUR // ÆVINTÝRABÆKUR // FRÆÐIBÆKUR // HANDBÆKUR // FERÐABÆKUR // RÓMANTÍSKAR BÆKUR // UNGLINGABÆKUR // SKÁLDSÖGUR // SPENNUSÖGUR //

// BARNABÆKUR // MATREIÐSLUBÆKUR // HANDAVINNUBÆKUR // SJÁLFSHJÁLPARBÆKUR // LJÓÐABÆKU

**VERÐHRUN!**

# RÝMINGAR SALA BÓKAÚTGEFENDA

## BORGARTÚNI 29

OPIÐ **KL. 11-18 ALLA DAGA**

**VIÐ RÝMUM TIL FYRIR NÝJU JÓLABÓKUNUM!**

**ALLT Á AÐ SELJAST!**

**ALLIR SEM VERSLA FÁ ÓKEYPIS BÓK!**

# ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR!




~~4.860,-~~
1.490,-




~~3.680,-~~
990,-




~~4.990,-~~
1.990,-




~~3.990,-~~
2.500,-




~~3.450,-~~
2.250,-




~~14.900,-~~
4.990,-




~~3.490,-~~
1.490,-




~~3.980,-~~
990,-




~~2.980,-~~
750,-




~~2.480,-~~
1.490,-




~~3.990,-~~
990,-




~~5.280,-~~
990,-

Bókafélagið Ugla · Bókaútgáfan Æskan · CRYMOGEA · Setberg · Tindur bókaútgáfa · Opna · BÓKAÚTGÁFAN HÓLAR · Bókafélagið · ÚTKALL · Vestfirska forlagið · Háskólaútgáfan

UPPHEIMAR · Sögur útgáfa · ORMSTUNGA BÓKAÚTGÁFA · heimur · VERÖLD · SKRUDDA · Salka · Óðinsauga · Unga ástin mín · BJARTUR

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**53 ANDREA BOCELLI,** ítalskur lýrískur tenór og poppsöngvari, er 53 ára.

*„Örlögin hafa mikið að segja, en einnig maður sjálfur. Maður má ekki láta deigan síga, maður þarf að vera ákveðinn."*



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför elskulegs föður, tengdaföður, afa, langafa og langalangafa,*

**Jóels Jónssonar**

Lindargötu 57, Reykjavík.

**Þórdís Elín Jóelsdóttir Gunnar Gunnarsson**
**afabörn, langafabörn og langalangafabörn.**

**ÞETTA GERÐIST:** 22. SEPTEMBER 1977

## Greenpeace vill stöðva hvalveiðar

Á þessum degi árið 1977 hófu breskir aðilar að Greenpeace-stofnuninni kanadísku formlega baráttu fyrir því að stöðva hvalveiðar Íslendinga og Norðmanna á Norður-Atlantshafi. Baráttan hófst meðal annars með því að fjársöfnun var hafin til að kaupa togara en ætlunin var að búa togarann út sem leitarskip til að fylgja eftir hvalveiðiskipum Norðmanna og Íslendinga.

Þáverandi talsmaður Greenpeace-samtakanna í Bretlandi, Charles Hutchison, lýsti yfir að samtökin segðu Íslendingum og Norðmönnum stríð á hendur. „Við teljum að vegna ofveiði sé verið að útrýma langreyðinni, sem er önnur mesta vitsmunavera jarðar – ef ekki sú mesta," sagði Hutchison í viðtali við fréttastofuna Associated Press í London. Jafnframt lýsti hann því yfir að Greenpeace-samtökin stefndu að því að vera búin að stöðva hvalveiðar alfarið innan tíu ára. Sjálfboðaliðar frá samtökunum myndu fara út á Norður-Atlantshaf eftir nokkra mánuði til að sigla í veg fyrir hvalbátana þegar þeir kæmust í skotfæri við hvali.






*Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs sambýlismanns míns, föður og bróður,*

**Þórðar Björns Árnasonar (Badda)**

Selsvöllum 8, Grindavík.

**Guð blessi ykkur öll.**
**Dorota Rakoczy**
**Olawia Laura**
**Davíð Árni**
**Óliver Daði**
**og systkini.**

HLJÓMSVEITIN NÝDÖNSK:
FAGNAR 20 ÁRA ÚTGÁFUAFMÆLI DELUXE

# GERÐI MIKIÐ FYRIR OKKUR

Hljómsveitin Nýdönsk fagnar því með stórtónleikum í nóvember að 20 ár eru liðin frá því að ein vinsælasta plata hennar, Deluxe, kom út. Platan var sú síðasta sem kom út á vínyl með sveitinni og hefur verið valin meðal 100 bestu íslensku hljómplatnanna. Tónleikarnir verða tvennir, þeir fyrri hinn 17. nóvember í Borgarleikhúsinu og þeir seinni á Græna hattinum tveimur dögum síðar.

„Við erum mjög spenntir fyrir tónleikunum og það er gaman að kynnast þessum lögum upp á nýtt. Mörg þeirra þekkjum við vel og höfum oft spilað en önnur höfum við aldrei spilað frá því að platan kom út, þannig að það er gaman að sjá hvernig þau hafa elst. Platan fékk mjög fínar viðtökur á sínum tíma, almennt mjög góða dóma, og gerði mikið fyrir okkur þá," segir Jón Ólafsson, liðsmaður Nýdanskrar.

Deluxe hefur skipað sérstakan sess í hjörtum aðdáenda sveitarinnar og þykir þeim því mörgum miklum tíðindum sæta að hljómsveitin komi saman til að flytja plötuna í heild. Deluxe hlaut gullsölu og mörg laganna eru enn í dag afar vinsæl. Má þar nefna lög eins og Landslag skýjanna, Svefninn laðar, Deluxe og Alelda.

„Flest lögin voru samin á árinu eða mánuðunum fyrir upptökur en ég átti þó til dæmis lag á kassettu sem ég hafði samið í Hollandi árið 1986 og fannst satt best að segja lítið varið í og þunglyndislegt, en spilaði það þó fyrir strákana. Úr varð að frábærum texta var snarað við lagið og mér þykir einna vænst um þetta lag í dag. Þetta er Svefninn laðar, sem er hugsanlega nær sálmatónlist en poppi. Við Daníel höfum til dæmis oftar en einu sinni flutt þetta í jarðarförum."

Forsala á tónleikana hefst í dag á tonlist.is og verður hægt að kaupa miðana á forsöluverði til 25. september en að því loknu fara miðarnir í almenna sölu, á borgarleikhus.is, midi.is og í Pennanum – Eymundsson á Akureyri. Aðgöngumiðum fylgir ókeypis niðurhal á tonlist.is á plötunni allri.

„Þessi plata er mjög sérstök í mínum huga. Bæði var mikil og góð samkeppni meðal okkar í sveitinni að koma lögum á plötuna, sem var gott fyrir lokaútkomuna, og svo var platan hljóðrituð á aðeins sex dögum af Sigurði Bjólu í Hljóðrita. Þá fórum við gegn tískustraumum þeirra tíma í upptökunum, hentum nýjustu tækjunum út úr stúdíóinu, notuðum gömlu tækin og unnum þetta eins og tónlistarmenn gerðu gjarnan í árdaga. Fyrir vikið er stemningin á Deluxe hrá og einlæg, sem er kannski ein aðalástæðan fyrir því að músíkin á henni lifir góðu lífi enn í dag," segir Jón.

Næst á dagskrá hjá Nýdönsk er sýningin Nýdönsk í nánd, sem sló í gegn í Borgarleikhúsinu í fyrra, en hljómsveitin er á leið norður til Akureyrar með hana. Sýningar verða í Samkomuhúsinu 30. september og 1. október. **juliam@frettabladid.is**





**DELUXE FLUTT Í HEILD** Platan Deluxe, sem kom út árið 1991, er afar sérstök í hugum liðsmanna hljómsveitarinnar Nýdanskrar. Þeir stilltu sér upp í stíl við gamla plötuumslagið. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Björn Thomas Valgeirsson**

Laufásvegi 67, Reykjavík,

lést á Líknardeild Landakots mánudaginn 19. september. Útförin verður auglýst síðar.

**Stefanía Stefánsdóttir**
**Hildur Björnsdóttir Ásgeir Bragason**
**Dagný Björnsdóttir Skúli Gunnarsson**
**Valgerður Helga Björnsdóttir Jón Hafberg Björnsson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



*Ástkær móðir mín,*

**Sigríður Stefanía Gísladóttir**

sjúkraþjálfari,
Hringbraut 50, áður til heimilis að Espigerði 4, Reykjavík,

lést á elli- og hjúkrunarheimilinu Grund aðfaranótt miðvikudags 14. september síðastliðinn. Útför fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 23. septbember kl. 15. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Gigtarfélag Íslands.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Gísli Sveinn Loftsson.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og bróðir okkar,*

**Dýrmundur Ólafsson**

fyrrverandi póstfulltrúi,

sem lést þriðjudaginn 13. september á Hrafnistu, Hafnarfirði, verður jarðsunginn frá Þingeyrakirkju í Þingi, Austur-Húnavatnssýslu, laugardaginn 24. september kl. 14.

**Guðrún Sveinbjörnsdóttir**
**Ólafur R. Dýrmundsson Svanfríður S. Óskarsdóttir**
**Kristín J. Dýrmundsdóttir Bjarni O.V. Þóroddsson**
**Sveinbjörn K. Dýrmundsson María Guðbrandsdóttir**
**Gylfi Dýrmundsson Anna Sigríður Guðnadóttir**
**Margrét Ingunn Ólafsdóttir**
**Stefán Haukur Ólafsson Ásta Jakobsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**



Þingholt kynnir opið hús fimmtudag kl. 17:30 - 18:00 á glæsilegri 216 fm. 5 - 6 herb. eign í nýlegu húsi. Vandaðar innréttingar og gólfefni. Tvennar suðursvalir frá efri hæð og stór suður verönd með potti frá neðri hæð. Nánari uppl. veitir Viðar s: 898-4477 - vidar@tingholt.is



**Fannarfell - Breiðholt**
Í sölu 2ja-3ja herbergja 67 fm íbúð á 4. hæð með yfirbyggðum svölum. óskar eftir 4ra herb. í 110 **Verð 14,6m**.



**Stelkshólar Öll endurnýjuð**
Vorum að fá í sölu gullfallega 2ja herbergja íbúð í Stelkshólum.Íbúðin hefur verið endurnýjuð að öllu leyti **V. 16,5 millj**



**Einbýli m/aukaíbúð óskast**
Vantar strax fyrir fjársterkan kaupanda einbýli með aukaíbúð á höfuðborgarsvæðinu. Skoðar allar eignir mega þarfnast lagfæringar. Uppl Sigurður í síma 5123606/6168880



**Hesthús - Almannadalur**
Í einkasölu 18 hesta hús á tveimur hæðum, hægt að hafa 3ja til 4ra herbergja ósamþ. íbúð. Glæsilegt útsýni og stórt gerði. Uppl. 893-1850



**Funalind - Kópavogur**
Í einkasölu falleg 102 fm rúmgóð 3ja herbergja íbúð á 3ju hæð í glæsilegu fjölbýlishúsi.
**V 24,9m Uppl. Sigurður 616-8880**



**Engihjalli 9 - 8 hæð**
Falleg mikið endurnýjaða íbúð á 8 hæð - A íbúð. Glæsilegt útsýni, yfirbyggðar svalir. **Verð 20,9 millj.**
**Uppl Sigurður s 616 8880**



**Grundarás 17**
Fallegt raðhús á útsýnisstað í botnlangagötu og rólegu hverfi. Tilvalið fyrir stóra fjölskyldu. Eigendur skoða að taka minni eign uppí. Uppl. Sigurður



**Sæbraut - Seltjarnarnes**
Glæsilegt 281,5 fm einbýlishús í þessum eftirsótta stað. Sjávarútsýni.
**Uppl. gefur Sigurður**



Mjög vel rekin grillstaður, videoleiga og söluturn ( Sá eini sinnar tegundar í Grafarholti ). Selja mikið af hamborgurum, samlokum og pylsum auk lottó. Reksturinn er í leiguhúsnæði. Góð aukning á veltu. Uppl Sigurður sima 5123606 / 6168880 - Sömu eigendur frá upphafi. myndin er með i viðhengi



**Suðurgata - Hafnarfjörður**
Í einkasölu fallegt 126fm einbýlishús á tveimur hæðum í hjarta Hafnarfjarðar húsið er töluvert endurnýjað.
**Verð 28,6 m Áhvílandi 18,8m**
**Uppl. gefur Ísak 822-5588**

Sími 512-3600 Fax 512-3601 www.tingholt.is - Bæjarlind 4 Kópavogi

## TILKYNNINGAR

### Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

**MyPurpleRabbit.com**
Djörf stefnumót, heit samskipti. Einstaklingar, pör, hjón. Íslenskt viðmót.

**Konur í ævintýraleit**
Nú er mikið um nýjar auglýsingar kvenna sem leita ævintýra á Rauða Torginu Stefnumót. Konur auglýsa frítt í s. 555-4321. Karlar hlusta á augl. kvenna í s. 905-2000 og 535-9920.




**LANDMARK**
FASTEIGNASALA
SÍMI 512 4900 – BOLHOLTI 4 – LANDMARK.IS
**512 4900**
www.landmark.is!



Magnús Einarsson löggiltur fasteignasali | Þórarinn Thorarensen sölustjóri | Sigurður Samúelsson löggiltur fasteignasali | Sveinn Eyland löggiltur fasteignasali | Kristberg Snjólfsson sölufulltrúi | Friðbert Bragason sölufulltrúi | Eggert Maríuson sölufulltrúi | Sigrún Hákonardóttir viðskiptafræðingur – skjalagerð

**Árangur – Fagmennska – Framsækni**

# Fljótlegt, einfalt og gott!








**Bættu við kjúklingi og með Santa Maria ert þú kominn með veislumáltíð á augabragði.**

TEX MEX Santa Maria

*Yours truly*

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** báru að, **6.** þys, **8.** skip, **9.** því næst, **11.** tveir eins, **12.** hindra, **14.** dútl, **16.** tveir eins, **17.** rénun, **18.** stansa, **20.** slá, **21.** andstreymi.

**LÓÐRÉTT**
**1.** yndi, **3.** úr hófi, **4.** sjúkdómur, **5.** sarg, **7.** þurrkuð plóma, **10.** margsinnis, **13.** mælieining, **15.** málmur, **16.** hugfólginn, **19.** tvíhljóði.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** komu, **6.** ys, **8.** far, **9.** svo, **11.** gg, **12.** tefja, **14.** stúss, **16.** kk, **17.** lát, **18.** æja, **20.** rá, **21.** raun.

**LÓÐRÉTT: 1.** lyst, **3.** of, **4.** magasár, **5.** urg, **7.** sveskja, **10.** oft, **13.** júl, **15.** stál, **16.** kær, **19.** au.


## Styrkur Tónlistarsjóðs Rótarý

**Tónlistarsjóður Rótarý á Íslandi auglýsir eftir styrkumsóknum.**

Sjóðurinn veitir ungu fólki sem skarað hefur fram úr á einhverju sviði tónlistar viðurkenningu í formi fjárstyrks til frekara náms.

Styrkurinn verður veittur í janúar 2012 og er að fjárhæð kr. 750.000.

**Umsóknarfrestur er til 1. október næstkomandi**

Umsóknum skal skilað til skrifstofu Rótarýumdæmisins, Suðurlandsbraut 54, 108 Reykjavík.
Netfang: rotary@rotary.is



SAINTS

**Við leitum að duglegum einstaklingi í fullt starf**

Hæfniskröfur:
Reynsla af þjónustu
Áhugi á tísku
Lipurð í mannlegum samskiptum
Skipulagshæfni
Frumkvæði í starfi
Stundvís

Umsækjendur vinsamlegast ekki yngri en 20 ára.
Umsóknarfrestur til 26. september
Ferilskrá sendist á: saintskr@hbu.is

Saints Kringlunni



NÝ TÍSKUVERSLUN Í SMÁRALIND

JÚNÍK

GLÆSILEG TÍSKUVERSLUN OPNAR Í SMÁRALIND
Í BYRJUN OKTÓBER
FÖT OG FYLGIHLUTIR FYRIR SKVÍSUR Á ÖLLUM ALDRI
LEITUM AÐ HLUTASTARFSFÓLKI
FASTAR VAKTIR Í BOÐI
JÁKVÆTT OG SKEMMTILEGT FÓLK ER SKILYRÐI
UMSÓKN MEÐ MYND SENDIST Á

JUNIK.SMARALIND@GMAIL.COM


# Sagan af ráðinu eina

**BAKÞANKAR**
**Sigríðar Víðis Jónsdóttur**



Einu sinni var ráð sem sumum fannst vera algjört óráð en öðrum hins vegar afar gott ráð. Það var kallað Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna. Þetta var valdamikið ráð og ályktaði sí og æ um heimsmálin, var eiginlega hálfgert Æðstaráð.

**Í ÆÐSTARÁÐI** voru fimm öldungar. Þeir höfðu verið í ráðinu frá upphafi. Þegar það var stofnað fannst mörgum að skynsamlegt væri að þeir yrðu aðalmennirnir – þá var nýbúið að murka lífið úr milljónum manna í ægilegri heimsstyrjöld og menn vildu vera vissir um að það kæmi ekki fyrir aftur. Sameinuðu þjóðunum var komið á fót og Öryggisráðið átti að viðhalda friði og öryggi í heiminum.

**RÁÐIÐ** var eina stofnunin innan SÞ sem hafði vald til að taka ákvarðanir sem voru bindandi fyrir öll ríkin. Hinir fimm fræknu voru síðan gerðir þeir allra valdamestu innan ráðsins: Þeir máttu ekki einungis hafa skoðun á hinu og þessu heldur líka segja nei við ályktunum sem þeim fannst vera hættulegar eða voru bara yfirhöfuð á móti. Þeir höfðu sem sé neitunarvald.

**SÍÐAN** leið tíminn. Kalda stríðið kom og fór, fyrsta tunglferðin var farin, nýlendur hristu af sér hlekkina. Alltaf voru hinir fimm fræknu á sínum stað, með sitt vald til að segja nei. Fólk var tekið að hrista höfuðið yfir þessu – heimsmyndin var gjörbreytt, hinir fimm orðnir öldungar og kerfið tímaskekkja. Illmögulegt var hins vegar að velta úr sessi valdamiklu fólki með neitunarvald. Öldungarnir gátu auðveldlega staðið í vegi fyrir hinu og þessu ef þeim sýndist svo. Ef Öryggisráðið vildi álykta efnislega um eitthvað sem það áleit gróf mannréttindabrot þurfti ekki annað en að einn öldungurinn lemdi hendi í borðið og hvæsti: NEI. Rússneski öldungurinn hafði oftast notað neitunarvald sitt. Síðan sá bandaríski, þá sá breski, franski og kínverski. Margir sögðu þá klóka og nota þetta til að tryggja eigin hag og vina sinna. Þegar Öryggisráðið vildi fordæma ísraelskar landtökubyggðir á palestínsku landi sagði bandaríski öldungurinn til dæmis einfaldlega nei og málið var dautt.

**OG ÞÁ** var komið að því sem margir höfðu beðið eftir með eftirvæntingu en aðrir kvíða. Umsókn Palestínu um aðild að Sameinuðu þjóðunum var á leið til sjálfs Öryggisráðsins. Fyrir rúmum 60 árum hafði Allsherjarþingið samþykkt að skipta Palestínu upp og stofna þar tvö ríki – Ísrael og Palestínu – þvert gegn vilja meirihluta íbúanna á svæðinu. Á endanum leit þó einungis fyrra ríkið dagsins ljós. Nú vildu Palestínumenn fá viðurkenningu á sínu ríki og komast inn í SÞ. Hvað myndi bandaríski öldungurinn í Æðstaráði segja föstudaginn 23. september?

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




ÚRVALIÐ ER
HJÁ OKKUR
STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM
ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR
STÚTFULL BÚÐ AF FARTÖLVUM • NÝ SJÓÐANDI HEIT MÓDEL • ÓTRÚLEG TILBOÐ
TS11
NÝ KYNSLÓÐ FARTÖLVA
119.900
LK11
119.900
SENDUM FRÍTT
TS11
SJÓÐANDI HEIT Í LEIKINA
149.900
LS11
169.900
X series
ÖRÞUNN OG FISLÉTT
169.900
ProBook
99.900
VERÐ VÖRN
149.900
99.900
EEEPC
49.900
5742
74.900
M5040
99.900
L755D
119.900
10.1" TAB
129.900
MacBook
159.900
8BLS
BÆKLINGUR STÚTFULLUR AF GLÆSILEGUM TILBOÐUM
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
acer ASUS DELL hp lenovo packard bell SAMSUNG SONY TOSHIBA

# menning

menning@frettabladid.is

**ÁRLEGIR MINNINGARTÓNLEIKAR** um Sigríði Jónsdóttur og Ragnar H. Ragnar verða haldnir í Ísafjarðarkirkju næsta sunnudag. Það er sönghópurinn VOCES THULES sem kemur fram á minningartónleikunum að þessu sinni en hann er skipaður tónlistarmönnunum Eggerti Pálssyni, Einari Jóhannessyni, Eiríki Hreini Helgasyni, Guðlaugi Viktorssyni og Sigurði Halldórssyni. Þeir leika með á ýmis miðaldahljóðfæri, pípur, symfón og slagverkshljóðfæri, en einnig leikur með þeim á orgel Arngerður María Árnadóttir. Tónleikarnir hefjast klukkan 16.00.

## Fjalla-Eyvindur norður

Leikritið Fjalla-Eyvindur eftir Jóhann Sigurjónsson, sem sýnt hefur verið í Norðurpólnum í vetur, verður sýnt hjá Leikfélagi Akureyrar í Rýminu á morgun, föstudaginn 23. september, klukkan 21 og laugardaginn 24. sept. klukkan 19 og 21. Leikritið er byggt á hinni kunnu þjóðsögu um Fjalla-Eyvind og Höllu, ástir þeirra og örlög.

Sýningin hlaut tvær Grímutilnefningar og hefur hlotið mikið lof gagnrýnenda. Leikstjóri er Marta Nordal og aðalhlutverk leika Edda Björg Eyjólfsdóttir og Guðmundur Ingi Þorvaldsson, Valdimar Örn Flygenring og Bjartur Guðmundsson. Sýningartími er ein klukkustund og 20 mínútur.


## METSÖLULISTI EYMUNDSSON

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT

14.09.11 - 20.09.11



1 **Frönsk svíta** Iréne Némirovsky



2 **Ríkisfang: Ekkert** Sigríður Víðis Jónsdóttir




3 **Einn dagur - kilja** David Nicholls



4 **Ljósa - kilja** Kristín Steinsdóttir



5 **Sultur allt árið** Sigurveig Káradóttir




6 **Lýtalaus - kilja** Tobba Marinós




7 **Einar Áskell og allsnægtapokinn** Gunnilla Bergström




8 **Hollt nesti heiman að** Margrét, Sigurrós og Sigurveig




9 **Frelsarinn - kilja** Jo Nesbø



10 **Prjónað úr íslenskri ull** Oddný S. Jónsdóttir

Eymundsson.is

Eymundsson

Bóksali frá 1872


# Varpa ljósi á teikninguna

**Sýningin Hraðari og hægari línur opnar í Hafnarhúsinu í dag. Þar gefur að líta valin tví- og þrívíð verk úr safni listaverkasafnaranna Péturs Arasonar og Rögnu Róbertsdóttur. Verkin varpa ljósi á vítt svið teikningarinnar í myndlist síðastliðinna áratuga.**



**SÝNINGARSTJÓRI, SAFNARI OG LISTAMAÐUR** Sýningarstjórinn Birta Guðjónsdóttir og listaverkasafnarinn Pétur Arason, ásamt hinum skoska Alan Johnston, öðrum tveggja listamanna sem vinna sérstaka innsetningu fyrir sýninguna sem hefst í Hafnarhúsinu í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hraðari og hægari línur heitir ein þriggja sýninga sem opna í Hafnarhúsi Listasafns Reykjavíkur í dag. Titillinn vísar til verks eftir Kristján Guðmundsson frá árinu 1976, sem sjá má á sýningunni. Á henni eru valin tví- og þrívíð verk um sjötíu íslenskra og erlendra myndlistarmanna. Það er þó einungis lítill hluti af safneign Péturs Arasonar og Rögnu Róbertsdóttur, sem safnað hafa íslenskri og erlendri samtímalist frá 7. áratugnum fram til dagsins í dag. Þau eiga í dag yfir eitt þúsund verk.

Sýningin nú er nokkurs konar framhald af sýningu á völdum ljósmyndaverkum úr safni hjónanna, sem haldin var á Kjarvalsstöðum á síðasta ári. Sýningarstjóri í báðum tilvikum er Birta Guðjónsdóttir, en hún var meðal annars sýningarstjóri í Safni, samtímalistasafni sem þau hjón ráku um skeið á Laugavegi 37.

Sýningunni Hraðari og hægari línur er ætlað að varpa ljósi á vítt svið teikningarinnar í myndlist síðastliðinna áratuga. Mörg verkanna á sýningunni þenja skilgreiningarmörk hefðbundinnar teikningar. Veitist gestum tækifæri til að skoða fyrirbærið teikningu út frá meginefnivið hennar, línunni, hreyfingunni, tengingu við mannslíkamann, skuggann, flötinn og rýmið.

Verkin á sýningunni spanna tímabilið frá 1961 til 2011. Sýningarstjórinn Birta segir þó ekki hægt að tala um yfirlitssýningu eða listsögulegt yfirlit, enda endurspegli verkin fyrst og fremst persónulegan áhuga hjónanna. Sýningunni stillir hún upp eftir ýmsum tengingum milli listamannanna sem eiga þar verk. „Mig langaði ekki að ganga út frá þematískum tengingum í uppsetningu sýningarinnar. Ég gekk heldur út frá ýmsum tengingum, sem eru nokkurs konar innri listasaga sýningarinnar,“ útskýrir hún.

Ýmsir listamenn sem eiga verk á sýningunni eiga þannig einhverja sameiginlega sögu, eða eru jafnvel tengdir vináttuböndum. Á sýningunni eru til að mynda verk eftir erlenda listamenn, sem hafa dvalið hér á landi og orðið áhrifavaldar íslenskra listamanna.

holmfridur@frettabladid.is



**SUÐURGATA 7** Þetta verk Guðjóns Ketilssonar frá árinu 1981 má sjá á sýningunni Hraðari og hægari línur sem opnar í Hafnarhúsinu í dag.

### ÞRJÁR NÝJAR SÝNINGAR

Tvær sýningar opna í Hafnarhúsinu í dag, auk Hraðari og hægari lína, sem fjallað er um hér á síðunni. Annars vegar er innsetning Óskar Vilhjálmsdóttur í A-sal Hafnarhússins. Hún er sjötti listamaðurinn til að gera innsetningu í safninu, með það að leiðarljósi að tengjast almenningsrými borgarinnar og efna til þjóðfélagslegrar umræðu innan veggja safnsins.

Tuttugasta og fyrsta D-salar verkefnið verður einnig opnað í dag. Þar sýnir listakonan Hildigunnur Birgisdóttir innsetningu sína.

# Hefðbundin kvennabarátta

Myndlist ★★★

**Dúkka – Valgerður Guðlaugsdóttir**

Listasafn Reykjanesbæjar

**Til 16. okt. Listasafn Reykjanesbæjar er opið 12-17 virka daga og 13-17 um helgar.**

Ímynd kvenna í samfélaginu er viðfangsefni sýningar Valgerðar Guðlaugsdóttur, Dúkka. Titillinn skýrir sig sjálfur, í samfélagi samtímans líkist ímynd kvenna oftar en ekki dúkku, fínni, sætri, vel máláðri og brosandi.

Valgerður hefur í gegnum árin sérstaklega tekið ímynd kvenna fyrir í list sinni og leitað til þess ýmissa leiða, unnið skúlptúra, prjónafatnað, ljósmyndir o.fl. og á þessari sýningu gætir þessa alls. Hún vinnur nokkuð á mörkum hönnunar og listar, notar ljósmyndir og mynstur en hér eru líka vatnslitamyndir og skúlptúrar. Framsetning verka um þennan stóra sal er nokkuð dreifð sem styrkir þau ekki. Bráðsniðugur prjónagalli nýtur sín illa á ljósmyndum sem settar eru upp í dúllumynstur.

Önnur listaverk sýningarinnar virka betur, til dæmis ljósmyndirnar Sex dúkkur. Þegar sex konur hafa verið málaðar á sama hátt og sett á þær sama hárkollan verður mótun tískunnar og yfirborðsins átakanlega ljós. Eins eru dúkkulísur skólastelpna átta til fjórtán ára skýr birtingarmynd þeirrar ímyndar sem okkur er innprentuð frá unga aldri. Skúlptúrar Valgerðar af líkamshlutum eru sömuleiðis áleitnir; konur eru píkur og brjóst og þurfa ekki á andliti að halda, hvað þá heila.

Spurningin sem vaknar við skoðun sýningarinnar tengist þó alls ekki þeirri staðreynd sem hún byggir á og við þekkjum svo vel; hlutgerving kvenna og ímynd þeirra. Spurningin er frekar sú hvernig halda á kvennabaráttunni áfram, því þessi aðferð sem hér er notuð bætir litlu við. Við vitum þetta allt svo vel, en látum það yfir okkur ganga. Við konur kaupum skvísubækur, allt of dýrar snyrtivörur, óþægilega skó, förum í lýtaaðgerðir og þar fram eftir götunum, þegar við vitum betur.

Þrýstingur samfélagsins er mikill og ekki heiglum hent að takast á við hann. Þegar allt kemur til alls er þó enginn sem getur gert það nema við sjálfar. Það er löngu orðið ljóst að kvennabaráttan þarfnast annarra aðferða en þeirra sem hér eru notaðar. Sem betur fer eigum við konur okkur líka ótal kraftmiklar og öflugar fyrirmyndir sem ekki hafa orðið ímyndarbransanum að bráð heldur ótrauðar haslað sér völl, hvort sem er í stjórnmálum, bókmenntum og listum, fjármálageiranum og ekki síst hversdagslífinu.



**DÚKKA** Titill sýningar Valgerðar Guðlaugsdóttur skýrir sig sjálfur.

**Ragna Sigurðardóttir**

**Niðurstaða:** Sýning Valgerðar er vel unnin í alla staði, verk hennar eru sum hver áleitin og birta staðreyndir sem okkur hættir til að gleyma í dagsins önn. Vinnuaðferðir og sjónarhorn eru þó helst til kunnugleg til þess að vera virkilega öflug, hvort sem er í baráttunni eða sem listaverk.

**SENA** KYNNIR Í SAMSTARFI VIÐ **ROYAL OPERA HOUSE**

BEINAR ÚTSENDINGAR Í ALLAN VETUR Í HÁSKÓLABÍÓI



ÓPERA EFTIR C. GOUNOD

# FAUST

BEIN ÚTSENDING FRÁ LONDON
ROYAL OPERA HOUSE
28. SEPTEMBER KL. 17:45
Í HÁSKÓLABÍÓI

FAUST VITTORIO GRIGOLO
MÉPHISTOPHÉLÈS RENÉ PAPE
MARGUERITE ANGELA GHEORGHIU
SIÉBEL MICHÈLE LOSIER
VALENTIN DMITRI HVOROSTOVSKY
HLJÓMSVEITARSTJÓRI EVELINO PIDÒ

ROYAL OPERA HOUSE    HÁSKÓLABÍÓ    MIÐASALA HAFIN Á WWW.MIÐI.IS    sena

# Óendanlega stoltur af Íslenskri listasögu

„Íslensk listasaga er umfangsmesta verk sem ég hef komið nálægt og gefið út í einu lagi. Ætli það megi ekki segja að verkið sé hápunktur á fjörutíu ára starfsferli í útgáfu á Íslandi,“ segir Jóhann Páll Valdimarsson útgefandi. Í dag kemur Íslensk listasaga í verslanir, fimm binda verk sem spannar íslenska listasögu frá ofanverðri nítjándu öld til byrjunar 21. aldarinnar.



JÓHANN PÁLL

Mikið verður um dýrðir í tilefni útgáfunnar, sem er fyrsta yfirlitsrit sem gert hefur verið um íslenska myndlist. Verkið er sameiginleg útgáfa Listasafns Íslands og Forlagsins og er alls um 1.500 blaðsíður, skreytt á annað þúsund listprentunum og textum eftir fjórtán listfræðinga.

„Þetta hefur verið gríðarleg törn, en verkið óx að umfangi eftir því sem leið á vinnslu þess. Við lögðum til dæmis gríðarlega vinnu í að fá alla liti sem réttasta og bera saman við frummyndir. En eftir því sem ég fékk meiri tilfinningu fyrir verkinu fannst mér við verða að ganga eins langt og hægt var til að ná gæðunum sem mestum,“ segir Jóhann Páll, sem er ánægður með afraksturinn. „Ég hef átt fjölmargar andvökunætur út af þessu verki, enda liggja gífurlegir fjármunir í því. En eftir að hafa fengið það í hendur er ég fullur bjartsýni; ég er óendanlega stoltur og þess viss að Íslendingar vilji eiga verkið,“ segir Jóhann Páll, sem leggur áherslu á að verkið sé skrifað fyrir almenning þótt hvergi sé slegið af faglegum og fræðilegum kröfum. Verkið mun kosta um 50.000 krónur. - sbt



## ÞÁ & NÚ Í LISTASAFNI ÍSLANDS

Í tengslum við útgáfu Íslenskrar listasögu hefur verið sett upp viðamikil yfirlitssýning sem ber heitið ÞÁ & NÚ. Hún verður opnuð í öllum sölum Listasafns Íslands í dag klukkan sex og stendur til áramóta. Á sýningunni gefur að líta bæði mörg af þekktustu listaverkum Íslands og önnur sjaldséðari. Að því er fram kemur í fréttatilkynningu mun sýningin „stikla á þeirri list og atburðum sem tengjast núningi milli ólíkra kynslóða íslenskra listamanna, ólíkum áherslum, stefnum og straumum, en ágreiningur af þeim toga er gjarnan vendipunktur í framvindu listasögunnar“. Sýningunni verður fylgt eftir með fundum, rökræðum, málþingum og leiðsögnum sem hafa það að markmiði að skerpa skilning á íslenskri listasögu.




Söluferli

AFL og SPÓL

Stofnfjárhlutir **Arion banka hf.** í AFLi-sparisjóði og Sparisjóði Ólafsfjarðar eru til sölumeðferðar hjá Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka.

AFL hefur verið starfrækt frá árinu 1873 og rekur útibú á Siglufirði og Sauðárkróki. Starfsmenn sparisjóðsins eru 39. Arion banki á 94,45% stofnfjár í AFLi.

Sparisjóður Ólafsfjarðar var stofnaður árið 1914 og starfar á Ólafsfirði. Starfsmenn sparisjóðsins eru 11 talsins. Arion banki á 99,99% stofnfjár í sjóðnum.

**Söluferlið**

Boðin eru til sölu 94,45% stofnfjár í AFLi og 99,99% í Sparisjóði Ólafsfjarðar og er gert ráð fyrir að eignarhlutarnir verði seldir saman í einu lagi. Söluferlið er aðeins opið hæfum fjárfestum, sbr. 9. tl. 43. gr. laga um verðbréfaviðskipti nr. 108/2007, sem geta sýnt fram á að hafa til þess bæran fjárhagslegan styrk, eða aðgang að a.m.k. 800 milljónum króna í auðseljanlegum eignum, og geta sýnt fram á að vera hæfir til að fara með virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki.

Fjárfestar sem óska eftir að taka þátt í söluferlinu eru beðnir að hafa samband við **Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka**. Skulu þeir leggja fram trúnaðaryfirlýsingu og upplýsingar um fjárfesti á þar til gerðu formi. Sölugögn verða afhent þátttakendum frá og með mánudeginum 26. september næstkomandi. **Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka mun taka við óskuldbindandi tilboðum til kl. 16.00 mánudaginn 10. október næstkomandi. Tilboðum skal skila á þar til gerðu formi.**

Seljandi áskilur sér rétt til að i) gera breytingar á skilmálum og/eða viðmiðum söluferlisins og/eða ii) ganga til samninga við hvaða tilboðsgjafa sem hann kýs eða hafna öllum.

**Frekari upplýsingar**

Upplýsingar um söluferlið má nálgast hjá **Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka** í síma **444-6000** eða með því að senda tölvupóst á **CF-sparisjodir@arionbanki.is**.

arionbanki.is — 444 7000

Arion banki


## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 22. september**

**➔ Tónleikar**

**19.30** Sinfóníuhljómsveit Íslands leikur undir stjórn Rosdestvenskíj í Eldborg í Hörpu. Miðaverð er frá kr. 2.000 til kr. 6.500.

**20.30** Jón Ólafsson og gestir leika tónlist eftir Magnús Þór Sigmundsson og Jóhann Helgason í Salnum í Kópavogi. Miðaverð er kr. 3.300.



**21.00** Hljómsveitin Vigri efnir til útgáfutónleika plötu sinnar, Pink Boats, í Fríkirkjunni. Miðaverð er kr. 1.500.

**22.00** Daníel Ágúst flytur efni af sólóplötunum sínum The Drift og Swallowed A Star á Faktorý. Aðgangseyrir er kr. 1.500 á tónleikana. Á neðri hæð Faktorý mun DJ Benson is Fantastic þeyta skífum.

**22.00** Hljómsveitin Vax heldur tónleika á Græna hattinum á Akureyri. Miðaverð er kr. 1.200.

**22.00** Svokallað Heiladans 6: Topp Möller kvöld verður á Hemma og Valda. Tónleikar með DJ Árna Vector, Fu Kaisha, Skurken og Hazar. Aðgangur er ókeypis.

**22.00** Bítladrengirnir blíðu leika á tónleikum á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangur er ókeypis.



**21.00** Tónlistarkonan Lára Rúnars heldur tónleika á Café Rosenberg.

**➔ Leiklist**

**20.00** Sýningin Þetta er lífið ... og om lidt er kaffen klar í flutningi Charlotte Bøving í Iðnó. Miðaverð er kr. 2.000, vegna upptöku RÚV.

**➔ Opnanir**

**17.00** Þrjár sýningar opnaðar í Hafnarhúsi Listasafns Reykjavíkur. Á sýningunni Hraðari og hægari línur, er sýnt úrval teikninga úr listasafni Péturs Arasonar og Rögnu Róbertsdóttur. Aðrar sýningar eru Tígrísdýrasmjör með verkum Óskar Vilhjálmsdóttur og D21 með innsetningu Hildigunnar Birgisdóttur.

**18.00** Sýningin Þá og nú opnar í öllum sölum Listasafns Íslands. Um er að ræða sýningu á íslenskri myndlist í

**Gott í bíó:** Guðrún Dís Emilsdóttir útvarpskona

# Evrópskur hroki í Bridesmades



„Ég sá myndina Bridesmaids um daginn, hún er frábær og ógeðslega fyndin. Ekki svona klisjufyndin. Það er smá evrópskur hroki í henni – húmor sem við ættum að fíla. Ég var mjög ánægð með hana. Svo langar mig að sjá mynd sem heitir Jón og séra Jón. Ég missti af henni. Stefnan er tekin á að sjá hana, en hún er örugglega farin úr bíó. Hún var bara sýnd í nokkra daga.“

# Með ofnæmi fyrir myndefninu

Brynhildur Bolladóttir, laganemi og listamaður, opnar sína fyrstu ljósmyndasýningu í Kaffistofu nemendagalleríi í kvöld. Sýningin stendur aðeins yfir þetta eina kvöld.

Brynhildur hefur starfað sem bréfberi síðustu sumur og í gegnum starfið kynntist hún fjölda katta sem búsettir eru í Norðurmýrinni. Í upphafi fylgdust kettirnir með störfum Brynhildar úr fjarlægð en að lokum náði forvitnin yfirhöndinni og fóru þeir að fylgja henni eftir um hverfið. Í sumar ákvað Brynhildur að mynda kettina, sem hún segir alla mjög ólíka. „Hverfið var fullt af köttum. Við eitt hús sátu alltaf þrír kettir saman á vegg og ég hélt mikið upp á þá.“

Brynhildur viðurkennir að það hafi verið erfitt að ná góðum myndum af köttunum og stundum hafi hún þurft að hlaupa á eftir myndefninu. Innt eftir því hvort hún sé mikil kattakona sjálf svarar Brynhildur neitandi. „Ég er með ofnæmi fyrir þeim. Mér finnst þeir afskaplega sætir en get lítið knúsað þá.“ Sýningin verður opnuð klukkan 19 í Kaffistofunni á Hverfisgötu 42.

- sm



**MYNDAR KETTI** Brynhildur Bolladóttir myndaði ketti sem urðu á vegi hennar í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

tilefni af útgáfu Íslenskrar listasögu, frá ofanverðri 19. öld til byrjunar 21. aldar.

**→ Kvikmyndir**

**17.00** Konfúsíusarstofnunin Norðurljós sýnir kínversku kvikmyndina Xiu Xiu frá árinu 1998 í Odda 101 í Háskóla Íslands. Í kvikmyndinni eru atriði sem innihalda kynferðislegt ofbeldi. Aðgangur er ókeypis.

**→ Málþing**

Opið málþing í Ketilhúsinu á Akureyri, undir heitinu Umhverfismál og sjálfbær þróun. Norræn samvinna með þátttöku íbúa og fyrirtækja. Málþingið er haldið í tengslum við loftslagsráðstefnu hinna norrænu vinabæja Akureyrar.

**→ Dans**

**22.00** Salsa kvöld er á Thorvaldsen.



**→ Kvikmyndahátíð**

**23.00** RIFF, Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík hefst í dag. Inni, tónlistarmyndband Sigur Rósar er opnunarmynd hátíðarinnar og er sýnd á Nasa. Leikstjóri hennar er Vincent Morriset. Miðaverð er kr. 1.500.

**→ Ljósmyndasýningar**

**14.00** Honesty, sýning ljósmyndarans Sissu á Kex Hosteli lýkur í dag. Opið er til kl. 21.

**→ Tónlist**

**21.00** Plötusnúðurinn Housekell spilar á Boston.

**22.00** Ingó úr Veðurguðunum heldur uppi stuðinu á Café Oliver.

**22.00** DJ Make Dance spilar á Bakkus.

**22.00** DJ Randomystic spilar á Hvítu Perlunni.

**22.00** Plötusnúðarnir HúsDJús og Óli Ofur þeyta skífum á Kaffibarnum.



**22.00** DJ Gísli Galdur stjórnar tónlistinni á Prikinu.

**22.00** DJ Símon þeytir skífum á Vegamótum.

**→ Fyrirlestrar**

**20.00** Mareike Gast iðnhönnuður fjallar um möguleika lífrænnar rafeindatækni í fyrirlestraröð Hönnunarmiðstöðvar Íslands, Listasafns Reykjavíkur og Listaháskóla Íslands í Hafnarhúsinu. Fyrirlesturinn fer fram á ensku og er aðgangur ókeypis.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**




# Íslenskir dagar í Færeyjum
# 2. – 4. desember 2011

**Dagana 3. – 5. október** verða staddir hér á landi innkaupastjórar frá Bónus, Miklagarði og Mylnan.

Þeim íslensku bændum, framleiðendum og innflytjendum sem áhuga hafa á viðskiptum við Færeyjar er boðið að hafa samband við Jóhannes Jónsson í síma 894 1777 eða á netfangið johannes@bonus.fo.

mylnan — Þrjár fyrsta flokks þægindaverslanir

BÓNUS — Fimm lágvöruverðsverslanir

MIKLAGARÐUR — Ein hágæða matvöruverslun miðsvæðis í Þórshöfn

# TIL HAMINGJU




*„Stórglæsilegt verk sem er í senn fræðandi og áhugavekjandi og mun nýtast jafnt leikum sem lærðum. Hér hefur verið lyft grettistaki til að færa íslenska myndlist til þjóðarinnar.“*

KATRÍN JAKOBSDÓTTIR, MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐHERRA

*„Íslensk listasaga I–V er stórvirki. Íslendingar hafa eignast tímamótaverk.“*

GUÐMUNDUR ODDUR MAGNÚSSON, PRÓFESSOR VIÐ LISTAHÁSKÓLA ÍSLANDS

# ÍSLENDINGAR



## STÓRBROTIÐ YFIRLITSRIT UM ÍSLENSKA MYNDLIST, HIÐ FYRSTA SINNAR TEGUNDAR HÉR Á LANDI

*Íslensk listasaga* er fimm binda verk sem spannar tímabilið frá síðari hluta 19. aldar til upphafs 21. aldar.

Ritstjóri er Ólafur Kvaran.

UM 1400 SÍÐUR | Á ANNAÐ ÞÚSUND LITLJÓSMYNDIR | VÖNDUÐ OG GLÆSILEG ÚTGÁFA

Verkið er gefið út í samstarfi við Listasafn Íslands.
Í tilefni útgáfunnar opnar safnið yfirlitssýninguna ÞÁ OG NÚ.

FORLAGIÐ
www.forlagid.is

LISTASAFN ÍSLANDS
NATIONAL GALLERY OF ICELAND



OF MONSTERS AND MEN



M83

## > Í SPILARANUM

Of Monsters and Men - My Head Is an Animal
Skurken - Gilsbakki
The Field - Looping State of Mind
Hellvar - Stop That Noise
M83 - Hurry Up, We're Dreaming

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Vonandi var ég ekki rekinn

Kele Okereke, söngvari og annar gítarleikara bresku rokkhljómsveitarinnar Bloc Party, er óviss um framtíð sína í hljómsveitinni.

Hann segir í viðtali við tónlistartímaritið NME að hann hafi séð meðlimi hljómsveitarinnar fyrir utan hljóðver í New York á dögunum, en hann hafi ekki verið látinn vita og hann óttist að þeir hafi farið á bak við hann.

„Ég var að borða hádegismat í New York fyrir svona þremur vikum," sagði Okereke í viðtali við NME. „Svo sá ég einhvern ganga fram hjá og ég þekkti klippinguna. Þetta var Russell [hinn gítarleikari Bloc Party]. Ég kallaði á eftir honum en hann heyrði ekki í mér.

Ég elti hann og sá hann svo hitta hina í hljómsveitinni fyrir utan æfingahljóðver. Þeir fóru allir inn saman."

Okereke sagðist ekki vita hvað væri í gangi. „Ég vona að ég hafi ekki verið rekinn. Við höfum ekki talað saman lengi og ég þori ekki að spyrja þá."

Þessar fréttir berast stuttu eftir að tilkynnt var að hljómsveitin myndi koma saman á ný í september. Það er því óvíst í hvers konar mynd það verður.




**ÞEGAR ALLT LÉK Í LYNDI** Söngvari Bloc Party er ekki viss um hvort hann hafi verið rekinn úr hljómsveitinni.



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# *Sviplegt fráfall DJ Mehdi*

Franski raftónlistarmaðurinn og plötusnúðurinn DJ Mehdi lést í síðustu viku. Hann var ásamt fleira fólki uppi á þakinu á íbúð sinni í París þegar það gaf sig og hann féll nokkra metra og beið bana. Þrír aðrir slösuðust. Mehdi var að halda upp á afmæli félaga síns Ritons þegar slysið átti sér stað.



**SPILAÐI Á LUNGA** Franski tónlistarmaðurinn DJ Mehdi lést í síðustu viku.

DJ Mehdi hét réttu nafni Mehdi Faveris-Essadi og var fæddur í Hauts-de-Seine í úthverfi Parísar 20. janúar 1977. Hann var af túniskum ættum. Mehdi var áberandi í rappheiminum í Frakklandi á tíunda áratugnum og vann m.a. með stórum nöfnum eins og Akhénaton, MC Solaar og Booba. Eftir aldamótin sneri hann sér að mestu að danstónlistinni undir áhrifum frá Philippe Zdar og Boom Bass í hljómsveitinni Cassius. Árið 2006 gerði DJ Mehdi samning við Ed Banger-útgáfuna, sem þá hafði á sínum snærum allt það heitasta sem var að gerast í franskri danstónlist. Það ár gaf hann út frábæra plötu hjá útgáfunni, Lucky Boy. Ári seinna kom hann m.a. til Íslands og spilaði bæði á Barnum í Reykjavík og á LungA á Seyðisfirði.

Mehdi gerði mikið af endurgerðum („remixum"), meðal annars fyrir listamenn eins og Cassius, Étienne de Crécy, Asian Dub Foundation og Architecture in Helsinki. Hann endurgerði líka lagið Dirty Mutha fyrir Svölu Björgvins og félaga í Steed Lord, en sú útgáfa fór víða og var meðal annars á diski sem fylgdi með breska tímaritinu Mixmag.

Árið 2009 stofnaði DJ Mehdi hljómsveitina Carte Blanche ásamt enska tónlistarmanninum Riton. Þeir spiluðu víða og voru búnir að senda frá sér að minnsta kosti tvær EP-plötur þegar Mehdi féll frá. Mehdi var kannski ekki einn af þeim stærstu í tónlistarheiminum, en framlag hans bæði til rapp- og danstónlistar er mikils metið. Hans er sárt saknað og fjölmargir tónlistarmenn og aðdáendur minnast hans nú víða í netheimum.








**ÞROSKAÐ PABBAROKK** Hljómsveitin Wilco gefur í næstu viku út sína áttundu hljóðversplötu, The Whole Love. NORDICPHOTOS/GETTY

# Prýðilegt pabbarokk Wilco

**Áttunda hljóðversplata bandarísku hljómsveitarinnar Wilco kemur út í næstu viku. Jeff Tweedy og félagar gefa plötuna út sjálfir og eru á leiðinni í tónleikaferð til Evrópu.**

Tvö ár eru liðin síðan hin vel heppnaða og Grammy-tilnefnda Wilco (The Album) kom út. Hljómsveitin, sem sumir hafa viljað stimpla sem þroskað pabbarokkband, fór í stóra tónleikaferð til að fylgja henni eftir en tók að henni lokinni sitt lengsta frí til þessa, síðari helming síðasta árs. Forsprakkinn Jeff Tweedy, sem er 44 ára, fékk óvenju langa hvíld til að semja efni á nýja plötu og svo ferskur var hann við lagasmíðarnar að fyrst stóð til að taka upp tvær plötur en á endanum var ein látin nægja.

Útkoman nefnist The Whole Love og er þriðja platan sem Wilco tekur upp með núverandi liðsuppstillingu, sem er frá árinu 2004. Þá gengu gítarleikarinn Nels Cline og gítar- og hljómborðsleikarinn Patrick Sansone til liðs við bandið. Fyrir voru þeir Tweedy, bassaleikarinn John Stirratt, trommarinn Glenn Kotche og Mikael Jorgensen hljómborðsleikari.

Wilco var stofnuð 1994 eftir að jaðarkántrísveitin Uncle Tupelo með Tweedy um borð lagði upp laupana. Hann stofnaði nýtt band, Wilco, með öllum fyrrverandi liðsmönnum Uncle Tupelo nema söngvaranum Jay Farrar. Fyrsta platan, A.M., kom út 1995 og var tónlistin í jaðarkántrístíl, líkt og efnið frá Uncle Tupelo. Platan fékk hins vegar ekki eins og góðar viðtökur og Wilco-menn höfðu vonast eftir. Þeir ákváðu að breyta til og lagasmíðarnar urðu í framhaldinu fjölbreyttari og tilraunakenndari með meiri áhrifum úr rokki og popptónlist.

Fjórða platan, Yankee Hotel Foxtrot, kom út 2002 og vakti sérstaka athygli vegna þess að útgáfufyrirtækinu Reprise Records fannst hún ekki nógu aðgengileg, neitaði að gefa hana út og leysti Wilco undan samningi. Í framhaldinu samdi hljómsveitin við Nonesuch Records, sem gaf plötuna út. Bæði þessi útgáfufyrirtæki voru undir sama hatti hjá risanum Time Warner, sem gerði málið hið undarlegasta. Yankee Hotel Foxtrot er nú vinsælasta plata Wilco til þessa og hefur selst í hátt í 700 þúsund eintökum. Platan kom hljómsveitinni á kortið og næsta útgáfa, A Ghost Is Born, varð sú fyrsta frá Wilco til að komast á topp tíu á Billboard-listanum. Tvenn Grammy-verðlaun fylgdu í kjölfarið.

Wilco hefur núna stofnað eigið útgáfufyrirtæki, dBpm, þar sem The Whole Love kemur út. Sveitin er um þessar mundir á tónleikaferð um Bandaríkin til að fylgja henni eftir og byrjar síðan ferðalag sitt um Evrópu í Glasgow 24. október.

freyr@frettabladid.is

## LAGALISTINN

Vikuna 15. - 21. september 2011

| | Sæti | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Of Monsters And Men | Little Talks |
| ▶ | 2 | Mugison | Stingum af |
| ▲ | 3 | Adam Levine / Christ. Aguilera | Moves Like Jagger |
| ▼ | 4 | Jón Jónsson | Wanna Get It |
| ▲ | 5 | Elín Ey / Pétur Ben | Þjóðvegurinn |
| ▼ | 6 | Adele | Set Fire To The Rain |
| ▲ | 7 | Red Hot Chili Peppers | Adventures Of Rain Dance |
| ▶ | 8 | Foster The People | Pumped Up Kicks |
| ▲ | 9 | Helgi Björns & reiðm. vindanna | Ég skal bíða þín |
| ▲ | 10 | Awolnation | Sail |

## TÓNLISTINN

Vikuna 15. - 21. september 2011

| | Sæti | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | HAM | Svik, harmur og dauði |
| ▶ | 2 | Helgi Björns & reiðm. vindanna | Ég vil fara upp í sveit |
| ▶ | 3 | Jón Jónsson | Wait For Fate |
| ▲ | 4 | Gus Gus | Arabian Horse |
| ▲ | 5 | Sóley | We Sink |
| ▼ | 6 | Valdimar | Undraland |
| * | 7 | Of Monsters And Men | My Head Is An Animal |
| ▶ | 8 | Adele | 21 |
| ▼ | 9 | Bubbi | Ég trúi á þig |
| ▲ | 10 | Björgvin & Hjartagosarnir | Leiðin heim |

**Skýringar:**

▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku * Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum:** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum:** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elkó, tonlist.is

# RAFMÖGNUÐ LESNING Á LÆGRA VERÐI






Þú finnur einfaldlega bókina sem vekur áhuga þinn á slóðinni **www.eymundsson.is**



... pantar hana og færð hana umsvifalaust senda í lestækið þitt eða tölvuna.

**ALLIR SEM KAUPA RAFBÓK FYRIR 1. OKTÓBER EIGA MÖGULEIKA Á AÐ VINNA IPAD.**

ENNEMM / SÍA / NM48256

## Eymundsson lækkar umsvifalaust verð allra rafbóka

Eymundson fagnar því að komið hafi verið til móts við neytendur með því að lækka virðisaukaskatt á rafbókum úr **25% í 7%**. Að sjálfsögðu skilar Eymundsson þessari lækkun beint til viðskiptavina og gott betur því við **lækkum verðið strax** þótt lögin taki ekki gildi fyrr en 1. nóvember 2011.

**Skelltu þér á Eymundsson.is og veldu úr yfir hundrað þúsund titlum.**

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872

> **RENNER GLÆPAKARL**

Jeremy Renner ætlar að framleiða og leika aðalhlutverkið í kvikmyndinni King of Heists sem byggir á sannri sögu um svikahrappinn George Leslie, en hann sveik þrjár milljónir dollara út úr fjármálastofnun á Manhattan árið 1878. Svikamyllan heppnaðist svo vel að ekki komst upp um Leslie fyrr en eftir dauða hans.



# bíó

bio@frettabladid.is

# Entourage verður að kvikmynd

Áður en þú lest þessa frétt er rétt að taka það fram að í henni eru upplýst endalok Entourage-seríunnar. Mark Wahlberg hefur staðfest að Entourage-þættirnir vinsælu verði að kvikmynd í náinni framtíð. Síðasti þátturinn var frumsýndur í síðustu viku á HBO-sjónvarpsstöðinni eftir átta ára sigurgöngu. Sögusagnir um kvikmyndaútgáfu hafa lengi verið á kreiki og þær voru endanlega staðfestar af Wahlberg í gær.

Í samtali við tímaritið People segir Wahlberg að vinna við kvikmyndina sé þegar hafin og að allir séu klárir í bátana. Síðasti þátturinn var nokkuð sögulegur því í honum er Ari, persónu Jeremy Piven, boðið að stjórna kvikmyndaveri og hann kemur hjónabandi sínu aftur á rétta braut. Vince giftir sig og E, eða Eric, vinnur aftur ástina í lífi sínu. „Og starfstilboðið sem Ari fær er of gott til að hafna því," segir Wahlberg í samtali við blaðið.

Wahlberg er ákaflega upptekinn maður, hann leikur meðal annars aðalhlutverkið í Contraband eftir Baltasar Kormák og hefur nýlokið við að leika í gamanmyndinni Ted. Þá leikur hann aðalhlutverkið í kvikmyndinni Broken City með Russell Crowe, en hún fjallar um einkaspjæra sem dregst óvænt inn í borgarstjórakosningar í New York.



**Á HVÍTA TJALDIÐ** Entourage-þættirnir verða að kvikmynd áður en langt um líður.

# Beðið eftir Bill

Undanfarna mánuði hefur allt logað í fréttum þess efnis að ráðist verði í gerð þriðju myndarinnar um draugabanana vinsælu. En nú hefur Sigourney Weaver tekið af allan vafa um að ef Bill Murray segi nei við handritinu og hlutverki í myndinni þá verði ekkert af þriðju myndinni. Allir hinir leikararnir eru reiðubúnir til að kljást við drauga á ný en nú er þess beðið að Murray lesi handritið og kveði upp sinn dóm. „Ég hef ekkert heyrt frá honum og það þýðir sennilega að hann hafi ekki enn lesið handritið," er haft eftir Weaver í bandarískum fjölmiðlum. „Ef hann segir nei þá gerum við ekki myndina. Hugmyndin er að fá allan hópinn saman á ný."

Murray er annálaður sérvitringur og er frægt þegar hann mætti fremur óvænt á tökustað Lost in Translation til að leika í myndinni. Leikstjórinn Sofia Coppola hafði þá ekki heyrt frá honum í nokkra mánuði. „Mér dytti ekki í hug að hringja í hann. Maður skilur bara eftir skilaboð og ef hann svarar ekki þá hefur hann engan áhuga. Þetta er mjög gott kerfi, enginn tölvupóstur, engin símtöl, engir umboðsmenn. Ég veit hins vegar ekki hvernig hann fer að þessu," segir Weaver.



**FURÐUFUGL** Bill Murray er ekki eins og fólk er flest í Hollywood og er til að mynda hvorki með umboðsmann né tölvupóst.

# NORÐURLÖND HEILLA

**Hollywood er jafn háð tískubylgjum og aðrar greinar afþreyingariðnaðarins. Að þessu sinni eru það kvikmyndir, sjónvarpsþættir og bækur frá Norðurlöndunum sem eiga sviðið vestanhafs.**

Á sunnudaginn sýnir Stöð 2 fyrsta þáttinn af þrettán í bandarísku spennuþáttaröðinni The Killing. Þeir segja frá rannsókn lögreglunnar á hrottalegu morði í Seattle sem tekur óvænta stefnu. The Killing er byggð á fyrstu þáttaröðinni af Forbrydelsen, dönskum þáttum sem nutu mikilla vinsælda á RÚV. Þáttunum hefur verið hrósað mikið vestanhafs og þeir hlotið tvenn Emmy-verðlaun og ekki er farið í neinn feluleik með norræna arfinn, fjölskylda fórnarlambsins er af norrænum ættum og lögreglukonan Sarah Linden – hún hét Sara Lund í Danmörku – er yfirleitt klædd í lopapeysu. Framleiðendur The Killing eru hins vegar ekki að finna upp hjólið því Norðurlöndin eru nýjasta nýtt.

Hinn enskumælandi heimur virðist hafa fengið nóg af varfærnislegri nálgun, hann vill sjá „realíska" útfærslu af undirheimunum, stríðinu í Afganistan og ástríðum. Og svo virðist sem Norðurlandabúar búi yfir þeirri getu. Íslendingar hafa ekki farið varhluta af þessari þróun; Mýrin eftir Baltasar Kormák sem byggð er á bók Arnaldar Indriðasonar er í endurgerðarferli og þá hefur Baltasar sjálfur nýlokið við að gera kvikmyndina Contraband sem er endurgerð af íslensku kvikmyndinni Reykjavík-Rotterdam. Fréttablaðið greindi síðan frá því fyrir skemmstu að Ólafur Jóhannesson væri kominn á samning hjá umboðsskrifstofunni Principal Entertainment í draumaborginni og að þar hefðu menn áhuga á að endurgera kvikmynd hans, Borgríki. Sigurjón Sighvatsson endurgerði og framleiddi dönsku kvikmyndina Brødre eftir Susanne Bier sem varð að Brothers með Jake Gyllenhaal, Natalie Portman og Tobey Maguire í aðalhlutverkum. Önnur bíómynd Bier, Efter bryllupet, verður að öllum líkindum Hollywood-vædd sem After the Wedding.

Upptalningin er nánast endalaus. Táningsstjörnuna Zach Effron langar til að reka unglingabólurnar af sér og endurgera sænsku glæpamyndina Snabba Cash sem byggir á samnefndri bók Jens Lapidus og hryllingsmyndin Let Me In var endurgerð á sænsku hrollvekjunni Låt den rätte komma in eftir Tomas Alfredson. Spennan stigmagnast í kringum The Girl with the Dragon Tattoo eftir David Fincher sem byggir á samnefndri bók Stieg Larsson. Margir supu aftur á móti hveljur þegar Fincher upplýsti að endirinn ætti eftir að koma fólki á óvart.

Henrik Genz, danskur leikstjóri kvikmyndarinnar Frygtelig lykkelig sem verður væntanlega Terribly Happy í amerískri útgáfu, telur áhorfendur einfaldlega vilja fá eitthvað ögrandi upp í hendurnar. Og þá list kunni kvikmyndagerðarmenn frá Norðurlöndunum. „Áhorfendur vilja bregðast við sögunni og mynda sína eigin skoðun. Ekki halla sér aftur í sætunum og láta tónlistina segja sér hvernig þeim á að líða," segir Genz í samtali við bandaríska blaðið Newsweek.

Slíkur er ákafinn og ágirndin í safaríkt efni frá Norðurlöndunum að kvikmyndagerðarmenn sitja orðið um glæpasögur frá Norðurlöndunum. Working Title keypti í október í fyrra réttinn að bók Jo Nesbø, Snømannen, og samkvæmt New York Magazine er hart barist um endurgerðarréttinn að norsku kvikmyndinni Hodejegerne sem byggir á bók eftir Nesbø.

freyrgigja@frettabladid.is



**TOPPURINN** Kvikmyndin The Girl with the Dragon Tattoo eftir David Fincher með Rooney Mara í hlutverk Lisbeth Salander er að öllum líkindum hápunkturinn á tískubylgjunni frá Norðurlöndunum. Myndin verður frumsýnd um jólin.



**Alexía Björg Jóhannesdóttir**
hefur slegið í gegn í hlutverki Nonna Bö í leiksýningunni Uppnám sem sýnd er í Leikhúskjallaranum.




**FÖSTUDAGUR**
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Á MORGUN

# Ljónakóngur og Johnny English

Sambíóin frumsýna um helgina þrívíddarútgáfuna af Disney-teiknimyndinni The Lion King. Myndin sló eftirminnilega í gegn fyrir sautján árum og hlaut meðal annars tvenn Óskarsverðlaun fyrir tónlistina sem þykir einstaklega vel heppnuð, en Hans Zimmer og Elton John sáu um þá deild. Lögin Hakuna Matata og Can You Feel the Love Tonight, sem hljómar víst oft og iðulega í íslenskum brúðkaupum, eru fyrir löngu orðin sígild og hinar ódauðlegu persónur Tímon og Púmba mynduðu ásamt ljónshvolpinum Simba eru ógleymanlegt þríeyki.

Enski furðufuglinn Rowan Atkinson hefur rembst eins og rjúpan við staurinn við að verða kvikmyndastjarna þótt flestum sé eflaust löngu orðið ljóst að heimavöllur hans er fyrst og fremst sjónvarp og svo safarík aukahlutverk. Atkinson hefur ekki gefist upp á þessum draumi sínum og kvikmyndin Johnny English Reborn er enn ein tilraunin til að hala inn nokkra dollara á furðulegum andlitsgrettum og fíflagangi.

Að lokum er það svo hákarlahryllingurinn Shark Night 3D. Myndin hefur fengið skelfilega dóma, en hún segir frá hópi vina sem verða fyrir árás hákarla á sumarleyfisstað sínum. Leikstjóri er David R. Ellis en með helstu hlutverk fara þau Sara Paxton og Dustin Milligan.



**ENDURFUNDIR** Ljónakóngurinn Simbi ásamt félögum sínum, þeim Tímon og Púmba. Einstakt þríeyki.


Suðureyri við Súgandafjörð.
Hér liggja rætur 66°NORÐUR og mínar.
66 NORTH
Höfuðborgarsvæðið: Bankastræti 9, Faxafen 12,
Kringlan, Smáralind og Miðhraun 11 Akureyri: Glerártorg
Keflavík: Leifsstöð og söluaðilar um allt land
www.66north.is
Klæddu þig vel
66°
NORÐUR


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Opnum klukkan ellefu
359 KR. 1/2 KG.
AKURSEL LÍFRÆNAR GULRÆTUR
139 KR. KG
SPÆNSKAR VATNSMELÓNUR
Ostaslaufur
298 KR. PK
MYLLU
OSTASLAUFUR
25% MEIRA MAGN
SAMA VERÐ
398 KR. 480G
KRISTJÁNS BRAGGI !
159 KR. KG
NÝJAR ÍSLENSKAR KARTÖFLUR Í LAUSU
GULLAUGA OG RAUÐAR
198 KR. PK
BÓNUS NÝBAKAÐR
FJÓRAR MJÚKAR
KRINGLUR
159 KR. PK
ÞRJÁR ÖMMU SKONSUR
FRÁ GÆÐABAKSTRI
398 KR. 6 STK
Cow &Gate Fruity musli 125g
6 glös á verði 3ja.
359 KR. 380G
SKÚFFUKAKA MEÐ
SÚKKULAÐI FRÁ MYLLUNNI
BÓNUS
MALAKOFF
159 KR. 154 G
BÓNUS MALAKOFF
TILBOÐSASKJAN 400 GRÖMM
KOMIN Í BÓNUS
létt & laggott
198 KR.
Trópí
pepsi
BÓNUS
SAMLOKUSKINKA
198 KR. 237 G
BÓNUS BRAUÐSKINKA
GOUDA
TILBOÐ
GOUDAOSTUR 26%
300 KR. LÆGRA VERÐ
998 KR.KG.
VERÐ ÁÐUR: 1298 KR.KG
195 KR. 1 LTR
195 KR. 2 LTR
TRÓPÍ 1 LTR.
100% HREINN
APPELSÍNUSAFI MEÐ
ALDINKJÖTI
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA
Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Opnum klukkan ellefu

## FROSIÐ LAMBAKJÖT HAUSTSLÁTRUN 2011




FROSIN LAMBAHJÖRTU




HÁLFUR LAMBASKROKKUR
FROSINN NIÐURSAGAÐUR




FROSIÐ LAMBAFILLET




FROSIN LAMBALIFUR




FROSIN LAMBASVIÐ




FROSIÐ LAMBALÆRI 1. FLOKKUR




FROSINN LAMBABÓGUR




598
KR.PK

FERSKIR
NAUTAVEISLU
NAUTA-
HAMBORGARAR
4 STK. 80 GRAMMA
BORGARAR MEÐ BRAUÐI




FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR




ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR




FERSKT BLANDAÐ HAKK NAUT 40% - LAMB 40% - GRÍS 20%

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu vildarpunkta
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# Fólk

folk@frettabladid.is



**53** **ÁR ERU LIÐIN** frá fæðingu tónlistarmannsins og Íslandsvinarins Nicks Cave.

## Umslög Bobbys seljast vel



**VINSÆLL HÖNNUÐUR** Bobby Breiðholt hannar umslagið við nýjustu plötu Hjálma, Óróa. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Bobby Breiðholt, eða Björn Þór Björnsson, hefur fengið það verkefni að hanna umslag væntanlegrar plötu Hjálma, Óróa, sem kemur út í október.

Flestar plötur sem Bobby hannar umslögin við hafa náð miklum vinsældum og svo virðist sem allt sem hann snerti verði að gulli. „Það er nú aðallega verkefni tónlistarmannsins að gera gullið en það er auðvelt að gera skemmtilega hluti þegar maður er með gott efni í höndunum,“ segir Bobby.

Á ferilskrá hans eru umslög utan um plötur með Diskóeyjunni og Blaz Roca sem báðar komu út í fyrra og seldust í um fimm þúsund eintökum hvor. Áður vann hann umslagið við Farewell Good Night´s Sleep með Lay Low sem hefur selst í tæplega níu þúsund eintökum. Fyrr á þessu ári kom svo út önnur plata FM Belfast, Don´t Want To Sleep, sem hefur fengið fínar viðtökur. Þar var Bobby einn af hönnuðunum.

Auk Hjálma-plötunnar er Bobby með fleiri járn í eldinum. Hann vinnur aftur með Lay Low að væntanlegri plötu hennar og hannar umslag nýjustu plötu Nolo. Miðað við söguna má búast við að þær báðar eigi eftir að falla vel í kramið á meðal tónlistarunnenda.

Hann segir misjafnt hversu lengi hann sé að ljúka við hvert umslag. Ein vika er þó meðaltalið. Spurður hvort hann fái ekki góðan vasapening fyrir þetta segir hann: „Það er mismunandi eftir fjármagninu sem listamennirnir og útgáfurnar vilja setja í þetta.“

En hvað með prósentur af seldum eintökum? „Nei, en þegar Lay Low fór í gull með Farewell Good Night´s Sleep fékk ég alla vega gullplötu,“ segir hann léttur. - fb






**ALLTAF MEÐ KONUR Í AÐALHLUTVERKI** Ísold Uggadóttir kvikmyndagerðarkona frumsýnir útskriftarstuttmynd sína, Útrás Reykjavík, á RIFF-hátíðinni en hún er þegar byrjuð að undirbúa sína fyrstu mynd í fullri lengd. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Laðast að sögum um konur í krísu

**Ísold Uggadóttir er flutt til Íslands eftir tíu ára dvöl í New York. Hún frumsýnir útskriftarmyndina sína á RIFF og er þegar farin að huga að sinni fyrstu kvikmynd í fullri lengd.**

„Ég er alltaf með konur í aðalhlutverki enda er skortur á því í kvikmyndum,“ segir Ísold Uggadóttir kvikmyndagerðarkona en hún er nýflutt til landsins eftir tíu ára búsetu í New York.

Fjórða stuttmynd Ísoldar og útskriftarmynd hennar úr mastersnámi í leikstjórn við Columbia-háskólann, Útrás Reykjavík, verður frumsýnd á kvikmyndahátíðinni RIFF um helgina en Ísold er þegar með hugann við sína fyrstu kvikmynd í fullri lengd.

„Myndin er á handritsstigi en ég stefni á að hefja tökur einhvern tímann næsta vetur,“ segir Ísold en fyrir stuttu kynnti hún hugmyndina að handritinu á myndinni á ráðstefnunni Nordic Talent og fékk góðar undirtektir gesta.

„Ég er komin með nokkuð skýrt viðfangsefni en söguhetjan verður ung kona sem á erfitt uppdráttar í lífinu. Um leið og ég er búin að frumsýna Útrás Reykjavík, fer ég á fullt í undirbúning sem felur bæði í sér rannsóknarvinnu, handritsskrif og fjármögnun,“ segir Ísold og bætir við að söguþráðurinn eigi eftir að minna að einhverju leyti á stuttmyndina Útrás Reykjavík en hún fjallar um heldri konu sem tekst á við breytta sjálfsmynd eftir efnahagshrunið.

Ísold er hrifin af sögum úr samtímanum og reynir ávallt að tengja karakterana við það sem er að gerast í heiminum í dag.

„Ég virðist laðast að sögum um konur í krísu en flestar myndirnar mínir eru með örlitlum undirtón af svörtum húmor,“ segir Ísold og bætir við að hún vilji gera myndir sem hafa félagslega þýðingu. „Þegar maður verður eldri og reyndari byrjar maður að spyrja sig af hverju er maður er að búa til bíómyndir og fer í auknum mæli að vilja hafa áhrif á samfélagið með kvikmyndagerð.“

Kvikmyndir Ísoldar hafa allar hlotið viðurkenningu hér á landi sem og erlendis. Stuttmyndirnar Clean og Njálsgata hlutu Edduverðlaunin árin 2010 og 2011 en auk þess var mynd hennar, Góðir gestir, sýnd á Sundance-kvikmyndahátíðinni. Þessar myndir verða allar á dagskrá Ríkissjónvarpsins í haust en auk þess seldi hún þær til flugfélagsins Icelandair á dögunum og Icelandic Cinema Online.

Ísold líkar vel að vera flutt heim til Íslands en viðurkennir að það sé alltaf sama harkið í kvikmyndageiranum hér. „Eftir að hafa unnið á öllum sviðum kvikmyndagerðar í tíu ár er maður orðinn vanur því að fórna sér í verkefnin. Samningurinn við Icelandair er einmitt hluti af þessu harki, maður reynir að koma myndunum sínum að alls staðar.“

alfrun@frettabladid.is

## Sú fyrsta í fimm ár

Hljómsveitin Guns N'Roses er á leiðinni í fyrstu tónleikaferð sína um Bandaríkin í fimm ár. Túrinn hefst í borginni Orlando 28. október og verða tónleikarnir alls yfir þrjátíu talsins. Fyrst fara Axl Rose og félagar í tónleikaferð um Suður-Ameríku og verður fyrsta giggið á hátíðinni Rock in Rio í Brasilíu 2. október fyrir framan 75 þúsund manns. Guns N'Roses var á tónleikaferð um heiminn á síðasta ári og spilaði á 71 tónleikum í yfir þrjátíu löndum. Gagnrýnendur voru mishrifnir af tónleikunum en áhorfendur voru hátt í ein milljón manna.



**AXL ROSE** Rose og félagar í Guns N'Roses ætla í tónleikaferð um Bandaríkin.

# NÝJAR VÖRUR

Regatta GREAT OUTDOORS™

Dare 2b

CRAGHOPPERS

BEAR GRYLLS CRAGHOPPERS



**OPIÐ**

VIRKA DAGA 11 – 18
LAUGARD. 11 – 16
SUNNUD. 13 – 16

ÚTIVIST & SPORT

verslun heildverslun

Faxafen 12 S. 533-1550.

# Brúðkaup í vændum

**Leonardo DiCaprio er sagður svo hrifinn af kærustu sinni, leikkonunni Blake Lively, að hann hyggst biðja hennar á næstu vikum. Þessu heldur tímaritið Hollywood Life fram.**

**„Vinir Leo héldu að hann mundi aldrei festa ráð sitt, en hann telur að Blake sé sú eina rétta. Hann hyggst biðja hennar á næstu vikum eða mánuðum. Hann vill giftast og stofna fjölskyldu," var haft eftir heimildarmanni.**

# Hefur mikla trú á Prometheusi

Sigourney Weaver telur að leikstjórinn Ridley Scott geti blásið nýju lífi í skrímslið úr Alien með sinni nýjustu mynd, Prometheus, sem var að hluta til tekin upp á Íslandi í sumar.

Leikkonan fór með hlutverk Ellenar Ripley í Alien-myndunum fjórum. Sú persóna kemur ekki við sögu í Prometheusi en Weaver hefur engu að síður mikla trú á sínum gamla vini Scott. Prometheus gerist á undan Alien og sýnir hvernig geimveruhreiðrið sem Ripley og félagar uppgötvuðu í geimfarinu í fyrstu myndinni komst þangað. „Ég spjallaði við Ridley um þessa hugmynd hans og ég er ánægður með að hann sé að framkvæma hana. Mér finnst þessi mynd vera í góðum höndum. Alien er frábær kvikmyndabálkur og ef hægt verður að lífga skrímslið við á nýjan leik á það framtíðina fyrir sér," sagði Weaver.

Hún segist alltaf verða þakklát Scott fyrir að ráða hana í fyrstu Alien-myndina, sem kom út 1979. Á þeim tíma var óvenjulegt að kona væri í hlutverki hetjunnar. „Alien var á undan sinni samtíð. Það er samt fyndið að hvorki framleiðendurnir né Ridley Scott voru einhverjir femínistar. Þeir héldu bara að síðasta persónan sem fólk héldi að gæti haldið lífi væri þessi stúlka."



**RIPLEY** Sigourney Weaver sem Ripley í myndinni Alien.





HVÍTA HÚSIÐ / SÍA / Actavis 119080

Paratabs®

– Öflugur verkjabani!

**Notkunarsvið:** Paratabs inniheldur virka efnið paracetamól - 500 mg. Paratabs er verkjastillandi og hitalækkandi lyf, m.a. notað við höfuðverk, tannverk og tíðaverk. Paratabs er einnig notað við sótthita, t.d. af völdum inflúensu og umgangspesta. **Skömmtun:** Fullorðnir og börn eldri en 12 ára (>40 kg) 1–2 töflur á 4–6 klst. fresti, mest 8 töflur á sólarhring eða 4000 mg. Börn, 7–12 ára (25–40 kg), ½–1 tafla á 4–6 klst. fresti, mest 4 töflur á sólarhring eða 2000 mg. Börn, 3–7 ára (15–25 kg), ½ tafla á 4–6 klst. fresti, mest 4 sinnum á sólarhring eða 1000 mg. **Varúðarreglur:** Þeir sem hafa ofnæmi fyrir parasetamóli eða einhverju hjálparefnanna eiga ekki að nota Paratabs. Gæta skal varúðar hjá sjúklingum með skerta lifrar- og nýrnastarfsemi. Einstaklingar með áfengisvandamál skulu ekki nota Paratabs án samráðs við lækni og alls ekki samhliða neyslu áfengis. Paratabs á ekki að nota samtímis öðrum lyfjum sem innihalda paracetamól. Ef teknir eru stærri skammtar en ráðlagðir hámarksskammtar á sólarhring er hætt við alvarlegum lifrarskemmdum. Lyfið má ekki nota ef um lifrarsjúkdóm er að ræða. **Meðganga og brjóstagjöf:** Engin þekkt áhætta er af notkun parasetamóls á meðgöngu. Parasetamól skilst út í brjóstamjólk en hættan á áhrifum á barnið er ólíkleg við ráðlagða skammta. **Aukaverkanir:** Parasetamól þolist almennt vel, aukaverkanir eru sjaldgæfar ef ráðlögðum skömmtum er fylgt, helst er að nefna ofnæmi, útbrot og lifrarskemmdir. Lifrarskemmdir við notkun parasetamóls hafa komið fram í tengslum við misnotkun áfengis, eins getur langvarandi notkun parasetamóls valdið nýrnaskemmdum. **Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu.** Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. September 2011.

actavis




Tónlist ★★★

**Sagan**

1860

## Léttleikandi þjóðlagapopp

Hljómsveitin 1860 náði töluverðum vinsældum í sumar með laginu Snæfellsnes, sem fékk mikla spilun í útvarpi, og það sama virðist ætla að verða uppi á teningnum með nýja lagið, Orðsending að austan.

1860 er þriggja manna sveit skipuð þeim Hlyni Hallgrímssyni, Kristjáni Hrannari Pálssyni og Óttari G. Birgissyni. Hlynur syngur en allir spila þeir á mörg hljóðfæri. Þeir félagar semja öll lög og texta, sem eru bæði á íslensku og ensku. Tónlistin er þjóðlagapopp, að mestu órafmagnað, en hljóðfæri eins og banjó, þverflauta, harmonikka og víóla setja svip á nokkur laganna, auk röddunar. Það er ekkert hér sem hefur ekki heyrst hundrað sinnum áður, en Sagan er vel skrifuð og flutt.

**Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Fleiri hress lög frá hljómsveitinni sem söng um Snæfellsnes.



Tónlist ★★★

**Blær**

Edgar Smári

## Gæðagripur

Edgar Smári hefur vakið athygli sem söngvari undanfarin ár. Hann söng inn á plötuna Ferðalangur fyrir fimm árum og hefur að auki átt eitthvað af lögum á safnplötum.

Á Blæ syngur hann tíu frumsamin lög við texta ýmissa höfunda, m.a. Tómasar Guðmundssonar, Matthíasar Jóhannessen og Davíðs Stefánssonar frá Fagraskógi. Það er Ómar Guðjónsson sem útsetur og hljóðritar.

Ég þekkti ekki mjög mikið til Edgars Smára áður en ég fékk þessa plötu í hendur og það verður að segjast að hún kom mér verulega á óvart. Edgar Smári er frábær söngvari og lunkinn lagasmiður. Létt djassskotnar útsetningar Ómars standa líka vel fyrir sínu. Lögin eru öll ágæt, en Drengur og Ljóð um unga stúlku sem háttar eru í uppáhaldi. **Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Edgar Smári syngur eins og engill á fínni plötu.


FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.

# Bluth-fjölskyldan kemur saman

Leikarateymið úr gamanþáttunum sálugu Arrested Development kemur saman á ný á New Yorker-hátíðinni 2. október.

Eins og nafn hátíðarinnar gefur til kynna fer hún fram í New York, en á meðal annarra gesta eru Owen Wilson, hljómsveitin Scissor Sisters og spéfuglinn Zack Galifianakis.

Viðburðurinn kallast A Bluth Family Reunion, eða endurfundir Bluth-fjölskyldunnar. Munu leikararnir Jason Bateman, Portia de Rossi, Will Arnett, Michael Cera, David Cross, Tony Hale, Alia Shawkat, Jeffrey Tambor og Jessica Walter sitja fyrir svörum ásamt manninum á bak við þættina, Mitchell Hurwitz.

Arrested Development er að margra mati einir bestu gamanþættir sem sýndir hafa verið í sjónvarpi. Þrátt fyrir það voru aðeins tvær og hálf þáttaröð framleidd, áður en framleiðslu var hætt vegna þess að áhorfið var ekki upp á marga fiska. Miklar vangaveltur hafa verið um væntanlega kvikmynd sem myndi reka smiðshöggið á sögu Bluth-fjölskyldunnar og samkvæmt nýjustu fréttum hefjast tökur á næsta ári.



**ENDURFUNDIR** Leikararnir sem túlkuðu hina óborganlegu Bluth-fjölskyldu í þáttunum Arrested Development koma saman í október.

# Var áreitt á tökustað

Leikkonan Minka Kelly lét reka starfsmann við endurgerð sjónvarpsþáttanna Charlie's Angels vegna kynferðislegrar áreitni.

Kelly, sem fer með hlutverk Angel Eve French í þáttunum, varð fyrir óskemmtilegri reynslu á tökustað sjónvarpsþáttanna Charlie's Angels. Karlkyns starfsmaður sló hana á rassinn og otaði að henni 100 dollara peningaseðli. Daginn eftir átti sami maður að hafa beðið Kelly afsökunar en hún launað honum með kinnhesti. „Þetta var mjög óviðeigandi og Minka var bæði hissa og mjög reið. Hún var lengi að jafna sig eftir atburðinn," var haft eftir innanbúðarmanni. Manninum var að lokum sagt upp störfum og staðfesti hann það við Star-tímaritið.



**ÁFALL** Minka Kelly varð fyrir kynferðislegri áreitni á vinnustað. NORDICPHOTOS/GETTY



**ROKKARI** Sjálfsævisaga Neil Young kemur út á næsta ári.

# Ævisaga frá Neil Young

**Sjálfsævisaga rokkarans Neil Young nefnist Waging Heavy Peace og er væntanleg í búðir haustið 2012. „Ég byrjaði að skrifa og gat ekki hætt. Pabbi gerði það sama þegar hann skrifaði á gömlu Underwood-ritvélina sína uppi á háalofti. Hann sagði við mig: „Haltu bara áfram að skrifa. Þú veist aldrei hvað kemur upp úr kafinu"," sagði Young. Hinn 65 ára rokkari á að baki áratugalangan feril í tónlistarbransanum og hefur samið mörg vinsæl lög. 33. sólóplatan hans, Le Noise, kom út á síðasta ári.**



**LOKSINS** Radiohead hyggst eyða næsta ári í tónleikahald eftir að hafa látið lítið fyrir sér fara.

# Radiohead aftur af stað

**Thom Yorke, söngvari Radiohead, hefur staðfest að hljómsveitin ætli að eyða næsta ári í tónleikahald. Radiohead hefur aðeins spilað einu sinni á tónleikum eftir að platan King of Limbs kom út fyrr á þessu ári og því ættu hinir fjölmörgu aðdáendur hljómsveitarinnar að gleðjast.**

**„Hugmyndin er að fara af stað á næsta ári og spila á tónleikum út árið," sagði Yorke í samtali við breska ríkisútvarpið BBC. Þá sagði hann að Clive Deamer úr Portishead myndi koma fram með hljómsveitinni.**





**NÝJA GENGIÐ** Ashton Kutcher byrjar með látum í Two and a Half Men. Spennandi verður að sjá hvort honum tekst að viðhalda vinsældunum.

# Ashton Kutcher byrjar með látum

**Fyrsti þáttur Two and a Half Men með Ashton Kutcher var sýndur í Bandaríkjunum á mánudag. Hátt í 30 milljónir manna sáu þáttinn, en þátturinn fékk aldrei slíkt áhorf í tíð Charlie Sheen.**

Fyrsti þáttur níundu raðar gamanþáttanna Two and a Half Men var sýndur í bandarísku sjónvarpi á mánudagskvöld. Þátturinn var sá fyrsti án Charlie Sheen, sem var rekinn úr þáttunum fyrr á þessu ári. Hjartaknúsarinn Ashton Kutcher kom í hans stað og rúmlega 29 milljónir Bandaríkjamanna fylgdust með frammistöðu hans.

Aldrei hafa fleiri horft á þátt af Two and a Half Men. Þættirnir eru að vísu gríðarlega vinsælir í Bandaríkjunum, en um fjórtán milljónir manna horfðu að meðaltali á hvern þátt í áttundu þáttaröð.

Áhorfið á fyrsta þáttinn í níundu þáttaröð má eflaust rekja til gríðarlegs umtals vegna brotthvarfs Charlie Sheen og áhuga á hvernig Ashton Kutcher passar í þættina. Ef við berum áhorfið saman við aðra vinsæla þætti, horfðu um 52 milljónir á lokaþátt Friends árið 2004. Öllu fleiri, eða um 76 milljónir, horfðu á lokaþátt Seinfeld árið 1998.

Two and a Half Men skilur vinsæla gamanþætti dagsins í dag eftir í rykinu. Um ellefu milljónir horfðu á fyrsta þáttinn í nýrri þáttaröð How I Met Your Mother, sem þykir reyndar mjög gott. Modern Family er í svipuðum málum, en rúmlega tíu milljónir manna sáu lokaþáttinn í annarri þáttaröð í maí á þessu ári.

Ljóst er að Ashton Kutcher byrjar með látum. Framleiðendur Two and a Half Men bíða nú með öndina í hálsinum eftir næstu áhorfstölum, sem ákvarða hvort vinsældunum verði viðhaldið.

atlifannar@frettabladid.is




Netið er eins og rafmagnið, ef það stoppar, stoppar allt og allir verða pirraðir.

siminn.is

# TÓK MÉR ÞANN TÍMA SEM ÉG ÞURFTI

**Fyrsta bók Ólafs Jóhanns Ólafssonar í fimm ár kemur út í nóvember. Söguviðið er Toscana-sveitin á Ítalíu undir lok seinni heimstyrjaldarinnar en hún hefur lengi verið Ólafi hugleikinn eftir að hann fór þangað ungur drengur. Freyr Gígja Gunnarsson ræddi við rithöfundinn og aðstoðarforstjóra Time Warner um bókina sem fékk að malla í dágóðan tíma.**



**VILL UPPLIFA SKAMMDEGIÐ** Ólafur Jóhann Ólafsson hefur aldrei haldið upp á jólin í Ameríku og hefur yfirleitt komið heim til Íslands. Hann sendir frá sér sína fyrstu bók í fimm ár í byrjun nóvember, sem kemur jafnframt út á vegum HarperCollins í byrjun febrúar. MYND/JPV

Það er ritari sem svarar í símann þegar númerið til Bandaríkjanna er slegið inn. Það vill kannski stundum gleymast að Time Warner er eitt stærsta fjölmiðlafyrirtæki í heimi og þar gegnir Ólafur aðstoðarforstjórastöðu. Fyrirtækið á meðal annars Warner Bros. og HBO og Ólafur var vel inni í því að tökulið þáttanna Game of Thrones væri á leiðinni til landsins, en HBO framleiðir þá þætti. Á næsta ári verða þrjátíu ár liðin frá því að Ólafur flutti út til Bandaríkjanna og það hefur ýmislegt breyst á þeim árum; Reagan var til að mynda forseti og hugmyndin um svartan mann í því embætti hefði væntanlega verið slegin út af borðinu á þeim tíma. „Maður hefur upplifað ýmislegt,“ segir Ólafur, sem þrátt fyrir allt hefur aldrei haldið jól í Ameríku og það verður engin breyting á því núna. „Nei, maður verður að koma til Íslands og upplifa skammdegið.“

### Áhrifamikil ferð til Toscana

Málverkið, ný bók Ólafs, kemur út í byrjun nóvember á vegum Forlagsins. Í febrúar á næsta ári kemur bókin síðan út í Bandaríkjunum hjá HarperCollins. Í stuttu máli segir bókin frá því þegar lest á norðurleið frá Róm verður fyrir sprengju sumarið 1944 og íslenska myndlistarkonan Kristín Jónsdóttir bjargast við illan leik heim á búgarðinn San Martino. Þar lætur ensk húsfrú hlúa að henni eins og öðrum flóttamönnum og skæruliðum sem leita þar skjóls. En það sem húsfrúin veit ekki er að Kristín á erindi á þennan stað.

Ólafur segir Toscana-sveitina alltaf hafa verið sér hugfólgna og hann hefur vanið komur sínar þangað síðan hann fór til Ítalíu sem ungur strákur á vegum einhverra Evrópusamtaka. „Ætli ég hafi ekki verið þrettán ára. Og þá voru utanlandsferðir náttúrulega ekki jafn algengar og þær eru nú. En þarna var sem sagt einum krakka frá hverju landi boðið til Flórens í sex vikur og ferðin átti að tengja krakkana saman,“ segir Ólafur og bætir því við að dvölin hafi haft mikil áhrif á hann.

> Nema náttúrulega fyrir utan þá augljósu; að það er farið að hægja svona á heilastarfseminni

### Stórtækir Þjóðverjar

Mjög langt er síðan Ólafur byrjaði að krota niður landslags- og stemningslýsingar frá Toscana; þær hafa því fengið að malla mjög lengi. „Þetta er ólíkt því landslagi sem Íslendingurinn og New York-búinn á að venjast. Þetta eru gjöfular sveitir en líka harðbýlar og bókin gerist að mestu leyti á búgarði sem ég hef fyrirmynd að. Það var fólk sem keypti hann á þriðja áratug síðustu aldar þegar hann var í algerri niðurníðslu og gerði hann upp.“

Rithöfundurinn eyddi miklum tíma í rannsóknarvinnu um stríðið og skærurnar á Ítalíu undir lok seinni heimsstyrjaldarinnar. „Þetta var mjög merkileg styrjöld, þarna var barist í þorpum og þetta var hálfgerður miðaldahernaður, mjög ofbeldisfullt. Það kom mér á óvart þegar ég gekk eða hjólaði um sveitirnar þarna hversu stutt var raunar síðan þarna voru blóðug átök og óeirðir í þessum friðsælu sveitum. Ég man að ég hjó mjög mikið eftir því.“ Umsvif Þjóðverja í málverkabransanum í seinna stríði komu Ólafi líka í opna skjöldu. „Þeir voru mjög stórtækir, bæði Hitler og Göring. Þeir voru með umboðsmenn úti um allt og uppgrip þeirra voru mikil.“

### Heilmikið grúsk og rannsóknarvinna

Fimm ár eru liðin frá því að sagnasafnið Aldingarðurinn kom út, en Ólafur fékk Íslensku bókmenntaverðlaunin fyrir hana. Hann nefnir enga eina ástæðu fyrir því af hverju svona langt er um liðið. „Náttúrulega fyrir utan þá augljósu; að það er farið að hægja svona á heilastarfseminni,“ segir hann og hlær. Hann bætir því síðan við að á bak við bókina liggi mikið sagnfræðigrúsk og rannsóknarvinna. „Inn í þetta blandast málaralist og viðgerðir á málverkum og það tók sinn tíma að kynna sér þetta.“

Ofan á þetta bætist síðan ánægjan sem Ólafur fékk út úr því að skrifa bókina. „Ég hafði mikla ánægju af þessari vinnu og ég vildi alls ekki sleppa henni fljótt. Um leið og maður klárar svona verkefni kemur alltaf tómahljóð í skrokkinn þannig að maður var kannski að forðast það. Svo var bókin líka gerð á allt öðru tempói. Ég lét hana aðeins liggja og tók mér eiginlega allan þann tíma sem mér fannst ég þurfa.“

Viltu miklu hraðara Internet?
Á siminn.is sérðu hvort Ljósnetið er komið til þín.

Síminn býður upp á hraðar og öruggar áskriftarleiðir þar sem þú getur fylgst með notkuninni og breytt áskriftinni eftir þínum þörfum með einum músarsmelli.

Hringdu núna í 800 7000 og veldu þína leið – með Netvara og Sjónvarpi Símans.

Vinsælasta leiðin

| Leið 1 | Leið 2 | Leið 3 | Leið 4 |
|---|---|---|---|
| 12Mb • 10GB | 12Mb • 40GB | 12Mb • 80GB | 16Mb • 140GB |
| 10GB | 40GB | 80GB | 140GB |
| Mánaðarverð 4.490 kr. | Mánaðarverð 5.490 kr. | Mánaðarverð 6.490 kr. | Mánaðarverð 7.690 kr. |

Síminn




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| DRIVE | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | L |
| DRIVE LUXUS VIP | kl. 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 6 - 6:30 - 8:30 | 2D | 16 |
| FRIGHT NIGHT - 3D | kl. 10:30 | 3D | VIP |
| CRAZY, STUPID, LOVE | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 2D | 7 |
| LARRY CROWNE | kl. 8 | 2D | 7 |
| GREEN LANTERN | kl. 10.10 | 2D | 12 |
| HORRIBLE BOSSES | kl. 5:50 (vip) - 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| BÍLAR 2 M/ ísl. Tali | kl. 5:30 | 2D | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| DRIVE | kl. 8 | 2D | 16 |
| ALGJÖR SVEPPI m/ísl tali | kl. 8 | 2D | L |
| FRIGHT NIGHT | kl. 10:10 | 3D | 16 |
| ONE DAY | kl. 10:10 | 2D | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| ALGJÖR SVEPPI OG TÖFRASKÁPURINN | kl. 6 - 8 | 2D | L |
| DRIVE | kl. 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| BÍLAR 2 m/ísl tali | kl. 6 | 2D | L |
| FRIGHT NIGHT | kl. 10:10 | 3D | 16 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| DRIVE | kl. 5:30 - 7 - 8 - -9:15 - 10:20 | 2D | 16 |
| ALGJÖR SVEPPI m/ísl tali | kl. 5 | 2D | L |
| CRAZY, STUPID, LOVE | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | 7 |
| FRIGHT NIGHT | kl. 8 | 3D | 16 |
| BÍLAR 2 m/ísl tali | kl. 5 | 2D | L |
| FINAL DESTINATION 5 | kl. 10:30 | 3D | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| DRIVE | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 6 | 2D | L |
| CRAZY, STUPID, LOVE | kl. 8 | 2D | 7 |
| FRIGHT NIGHT - 3D | kl. 10:20 | 3D | 16 |

Kvikmyndahátíð Auka sýningar vegna mikla eftirspurna

| | | |
|---|---|---|
| THE TREE OF LIFE Ótextuð | kl. 6 | 10 |
| RED CLIFF enskur texti | kl. 9 | 14 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is




SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| I DON´T KNOW HOW SHE DOES IT | KL. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| I DON´T KNOW HOW... Í LÚXUS | KL. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| WARRIOR | KL. 8 - 10.50 | 16 |
| SPY KIDS 4D | KL. 3.30 - 5.50 | L |
| OUR IDIOT BROTHER | KL. 8 - 10.10 | 14 |
| STRUMPARNIR 2D | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| STRUMPARNIR 3D | KL. 3.30 - 5.40 | L |
| 30 MINUTES OR LESS | KL. 8 - 10 | 14 |

HÁSKÓLABÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| I DON´T KNOW HOW SHE DOS IT | KL. 8 - 10.10 | L |
| MELANCHOLIA | KL. 6 - 9 | 12 |
| Á ANNAN VEG | KL. 6 | 10 |

BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| I DON´T KNOW HOW SHE DOS IT | KL. 6 - 8 - 10 | L |
| COLOMBIANA | KL. 6 - 8 - 10 | 16 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075




LAUGARÁSBÍÓ — Sýningartímar

| | |
|---|---|
| COLOMBIANA | 8 og 10.15(POWER) |
| WARRIOR | 7 og 10 |
| THE DEVILS DOUBLE | 10.15 |
| CHANGE UP | 5.50 og 8 |
| STRUMPARNIR - 2D | 6 - ISL TAL |




# Magni táraðist á Twenty

**Aðdáendur Pearl Jam flykktust í Háskólabíó á þriðjudagskvöld til að sjá heimildarmyndina Twenty sem fjallar um tuttugu ára feril bandarísku grönssveitarinnar. Rokkarinn Magni Ásgeirsson var einn þeirra.**

Twenty er eftir Óskarsverðlaunaleikstjórann Cameron Crowe og var gerð í tilefni tuttugu ára starfsafmælis Pearl Jam. Myndin var sýnd samtímis í vel völdum kvikmyndahúsum um allan heim og hér á Íslandi varð Háskólabíó fyrir valinu fyrir tilstuðlan Græna ljóssins.

Rokkarinn Magni Ásgeirsson mætti á sýninguna ásamt konu sinni og félögum úr tónlistarbransanum og skemmti sér konunglega. „Mig langaði að gráta en ég kunni ekki við það. Þetta eru trúarbrögð fyrir mér. Þetta var yndislegt,“ segir hann. „Maður táraðist nokkrum sinnum.“

Eftir sýninguna dreif Magni sig á Gauk á Stöng og söng með Pearl Jam-heiðurssveitinni við góðar undirtektir. „Við fórum bara niður á Gauk og tókum einhvern einn og hálfan tíma. Kristó [Kristófer Jensson] söng nokkur lög. Þetta var alveg klikkað.“

Spurður hvort þeir hafi ekki verið í hörkuformi, svona rétt eftir að hafa séð Twenty, sagði hann léttur: „Við vorum alveg hörmulegir eftir myndina. Það fyrsta sem Stebbi [Stefán Þórhallsson] sagði á sviðinu var: „Við erum ekkert að fara að spila á eftir þessu.“ Nei annars, þetta var mjög gaman.“

freyr@frettabladid.is



**SÁU TWENTY** Frá vinstri: Haraldur V. Sveinbjörnsson, Franz Gunnarsson, Biggi Kára, Magni Ásgeirsson, Eyrún Huld Haraldsdóttir og Stefán Þórhallsson. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Eftirvæntingin skein úr andlitum Justins og Adda fyrir sýninguna.



Finni Jóhannsson kvikmyndagerðarmaður og kona hans Blær Guðmundsdóttir voru hress í Háskólabíói.



Grönsararnir Gunnar Valdimarsson og Sindri Arinbjarnarson voru á meðal gesta.



Pearl Jam-aðdáendurnir Kristján Guðmundsson og Hákon Garðar létu sig ekki vanta á heimildarmyndina.

# Sorgir og sigrar gröns-goðsagna

Kvikmyndir ★★★★

**Twenty Pearl Jam**

Háskólabíó 20. september

Háskólabíó var yfirfullt af íslenskum grönsurum og Pearl Jam-aðdáendum á þriðjudagskvöld þegar heimildarmyndin Twenty var þar sýnd í fyrsta og eina skiptið. Blandað var saman myndefni frá tuttugu ára ferli sveitarinnar, þar á meðal tónleikaupptökum og viðtölum við hljómsveitarmeðlimi.

Pearl Jam var stofnuð af fyrrverandi meðlimum Mother Love Bone. Sú sveit hætti eftir fráfall söngvarans Andrews Wood en hinn feimni Eddie Vedder, plagaður af föðurmissi, hljóp í skarðið og meistaraverkið Ten varð að veruleika. Sorginni í kringum dauða Woods og undrasnöggum uppgangi Pearl Jam innan grönssenunnar í Seattle voru gerð góð skil í fyrri hluta myndarinnar, sem var töluvert skemmtilegri en sá síðari. Seinni parturinn var fínn en snerist um ráðsettu rokkarana í Pearl Jam, baráttu þeirra við Ticketmaster, harmleikinn á Hróarskelduhátíðinni og hvernig þeir reyndu að draga sig út úr sviðsljósinu og gera hlutina á eigin forsendum án nokkurra málamiðlana. Hápunktur síðari hlutans og kannski myndarinnar var tilfinningaríkur og snilldarlega samanklipptur „samsöngur“ Vedders og Woods í Crown of Thorns, lagi Mother Love Bone. Wood var einn af mörgum grönsurum sem urðu fíkninni að bráð langt fyrir aldur fram á meðan Vedder hefur, þrátt fyrir lífshættulega klifurtilburði sína á tónleikum, staðið allt af sér og stendur nú uppi sem einn virtasti rokksöngvari samtímans.

Freyr Bjarnason

**Niðurstaða:** Áhugaverð og vel gerð heimildarmynd um sorgir og sigra merkrar rokksveitar.


Reykjavík International Film Festival
22. SEPT – 2. OKT.

## FIMMTUDAGURINN 22. SEPTEMBER

| | | |
|---|---|---|
| 16:00 | Sonurinn góði | BÍÓ PARADÍS 1 |
| 16:00 | Buck | BÍÓ PARADÍS 2 |
| 16:00 | Við þurfum að ræða um Kevin | BÍÓ PARADÍS 3 |
| 18:00 | Tónleikar frú Carey | HÁSKÓLABÍÓ 2 |
| 18:00 | Myllan og krossinn | HÁSKÓLABÍÓ 3 |
| 18:00 | Leikur | BÍÓ PARADÍS 1 |
| 18:00 | Skáldið og Li | BÍÓ PARADÍS 2 |
| 18.15 | Megi England skjálfa | BÍÓ PARADÍS 3 |
| 18:00 | Óttumst ei meir / Babylon | BÍÓ PARADÍS 4 |
| 18:00 | Flamengó: Leið gegnum lífið | NORRÆNA HÚSIÐ |
| 20:00 | Grínari | HÁSKÓLABÍÓ 2 |
| 20:00 | **Kötturinn hverfur** (Ath. Endurreisn fellur niður) | HÁSKÓLABÍÓ 3 |
| 20:15 | Alparnir | BÍÓ PARADÍS 1 |
| 20:00 | Utan | BÍÓ PARADÍS 2 |
| 20:00 | Rigningin líka | BÍÓ PARADÍS 3 |
| 20:00 | Veiðimaðurinn | BÍÓ PARADÍS 4 |
| 20:00 | **Þjóðgarðaverkefnið Q&A** | NORRÆNA HÚSIÐ |
| 22:15 | Mynd í ljósaskiptum | HÁSKÓLABÍÓ 2 |
| 22:00 | Einu sinni var í Anatólíu | HÁSKÓLABÍÓ 3 |
| 22:15 | Hráefni | BÍÓ PARADÍS 1 |
| 22:00 | Til heljar og heim | BÍÓ PARADÍS 2 |
| 22:15 | Líf og dauði Celso... / Skorað á ómöguleikann | BÍÓ PARADÍS 3 |
| 22:30 | Auðsveipni | BÍÓ PARADÍS 4 |
| 21:45 | Einu sinni var eyja | NORRÆNA HÚSIÐ |
| 22:30 | Inni | NASA |



## INNI

Inni er önnur tónleikamynd Sigur Rósar. Hún er naumhyggjuleg og svart/hvít, og kemur á beinu sambandi milli áhorfanda og hljómsveitar. Rafmagnað andrúmsloft tónleikanna er magnað með því að endurmynda tónleikana í gegnum prisma og aðra hluti til að gefa myndinni fortíðarblæ

*Ath. því miður fellur fyrirhuguð sýning á* Endurreisn *Restoration í Háskólabíó kl. 20:00 niður vegna óviðráðanlegra aðstæðna.t*

DHL Iceland Express Síminn CENTER HOTELS

BÍÓ ★ PARADÍS
HEIMILI RIFF 2011
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS / CAFÉ OG BAR OPIÐ 11:30-23:00 / www.bioparadis.is / midi.is

Reykjavík International Film Festival Sept. 22 - Oct. 2 2011

VELKOMIN Á HEIMILI RIFF: ■ OPIÐ FRÁ 11:30 ■ LÉTTIR RÉTTIR Í HÁDEGINU ■ EÐALKAFFI OG MEÐLÆTI ■ LÉTTVÍN OG BJÓR ■ HANDHAFAR RIFF KORTA FÁ GÓÐAN AFSLÁTT ■ "HAPPY HOUR" 17-19 ■ ÓKEYPIS Á RIFF FYRIR ATVINNULAUSA KL. 14 ALLA DAGANA. ■ EKKI ÞARF AÐ KAUPA MIÐA (NEMA ÞÚ ÆTLIR Í BÍÓ)


DÁÐASTI ROKKSÖNGVARI SÖGUNNAR
FREDDIE MERCURY LÉST 24. NÓVEMBER 1991
NÚ 20 ÁRUM SÍÐAR HEIÐRUM VIÐ MINNINGU HANS
MEÐ STÓRTÓNLEIKUM Í HÖRPU
MIÐASALA HEFST
Í DAG KL. 12:00!!!
FREDDIE
MERCURY
HEIÐURSTÓNLEIKAR
Í HÖRPU
SILFURBERGI
24.NÓVEMBER KL. 20:00
SÖNGUR EIRÍKUR HAUKSSON - MAGNI- FRIÐRIK ÓMAR
EYÞÓR INGI - MATTHÍAS MATTHÍASSON
GESTASÖNGKONA HULDA BJÖRK GARÐARSDÓTTIR ÓPERUDÍVA
ÁSAMT 12 MANNA ROKKHLJÓMSVEIT OG RADDSVEIT
UNDIR STJÓRN ÞÓRIS ÚLFARSSONAR
MIÐASALA HEFST Í DAG FIMMTUDAGINN 22. SEPTEMBER KL. 12:00 Á WWW.HARPA.IS OG
Í MIÐASÖLU HÖRPU Í SÍMA 528-5050. TRYGGIÐ YKKUR MIÐA! MIÐAVERÐ 6.400.-

# sport

sport@frettabladid.is



**ÍSLENSKA KVENNALANDSLIÐIÐ** var búið að vinna tólf leiki í röð í undankeppni EM eða HM á móti liðum sem voru neðar en Ísland á styrkleikalista FIFA. Íslenska liðinu mistókst síðast að vinna þjóð neðar á listanum þegar liðið tapaði 1-2 úti í Slóveníu 26. ágúst 2007. Síðan hafði liðið unnið tíu leiki í röð á móti „minni þjóðum" með markatölunni 55-0.

**Ísland 0-0 Belgía**

Laugardalsvöllur, áhorf.: 2968 Christine Beck, Þýskal.

### TÖLFRÆÐIN

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 19–7 (4–3) |
| Varin skot | Þóra 3 - Broos 4 |
| Horn | 11–3 |
| Aukaspyrnur fengnar | 8–15 |
| Rangstöður | 1–2 |

### ÍSLAND 4–3–3

| | |
|---|---|
| Þóra Björg Helgadóttir | 7 |
| Ólína Guðbjörg Viðarsdóttir | 6 |
| (89., Þórunn Helga Jónsdóttir | -) |
| ***Sif Atladóttir** | **7** |
| Katrín Jónsdóttir | 6 |
| Hallbera Guðný Gísladóttir | 5 |
| Katrín Ómarsdóttir | 4 |
| (64., Laufey Ólafsdóttir | 5) |
| Sara Björk Gunnarsdóttir | 7 |
| Dóra María Lárusdóttir | 5 |
| (64., Guðný Björk Óðinsdóttir | 5) |
| Fanndís Friðriksdóttir | 6 |
| Hólmfríður Magnúsdóttir | 4 |
| Margrét Lára Viðarsdóttir | 7 |

**Maður leiksins*

### STAÐAN Í RIÐLINUM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Ísland** | **3** | **2** | **1** | **0** | **9-1** | **7** |
| Belgía | 2 | 1 | 1 | 0 | 2-1 | 4 |
| **Noregur** | **2** | **1** | **0** | **1** | **7-3** | **3** |
| Norður-Írland | 0 | 0 | 0 | 0 | 0-0 | 0 |
| **Búlgaría** | **1** | **0** | **0** | **1** | **0-6** | **0** |
| Ungverjaland | 2 | 0 | 0 | 2 | 1-8 | 0 |



**OWEN HARGREAVES** Fagnaði því, að ná að spila meira en tíu mínútur í fyrsta sinn í þrjú ár, með því að koma Manchester City í 1-0 með þrumuskoti fyrir utan teig. MYND/NORDIC PHOTOS/GETTY

## ÚRSLIT Í GÆR

*Lengjubikar kvenna*

**A-RIÐILL**

Snæfell-Keflavík 71-75 (36-37)

**Stigahæstar:** Hildur Sigurðardóttir 22 (9 fráköst), Shannon McKaver 19(9 fráköst), Berglind Gunnarsdóttir 9, Alda Leif Jónsdóttir 8 (8 fráköst/5 stoðsendingar), Hildur Björg Kjartansdóttir 7 (11 fráköst) - Birna Valgarðsdóttir 17 (9 fráköst), Thelma Tryggvadóttir 12, Helga Hallgrímsdóttir 11, Jaleesa Butler 11 (9 fráköst/6 stolnir), Sara Rún Hinriksdóttir 11, Pálína Gunnlaugsdóttir 7 (11 fráköst/7 stoðsendingar).

**B-RIÐILL**

Haukar-Njarðvík 82-61 (46-38)

**Stigahæstar:** Jence Ann Rhoads 27 (10 fráköst), Margrét Rósa Hálfdánardótir 16, Íris Sverrisdóttir 14, Gunnhildur Gunnarsdóttir 14 - Lele Hardy 12 (9 fráköst/6 stoðsendingar), Eyrún Líf Sigurðardóttir 11, Shanae Baker 7 (4 fráköst), Petrúnella Skúladóttir 7.

Valur-Stjarnan 73-62 (36-29)

**Stigahæstar:** María Ben Erlingsdóttir 12, Kristrún Sigurjónsdóttir 12, Guðbjörg Sverrisdóttir 9, Þórunn Bjarnadóttir 7, María Björnsdóttir 7 (10 fráköst), Kristín Óladóttir 7, Hallveig Jónsdóttir 7 - Bára Fanney Hálfdanard.14, Heiðrún Ósp Hauksdóttir 14, Bryndís Hreinsdóttir 11 (8 frák.).

*Enski deildarbikarinn*

Brighton & Hove Albion-Liverpool 1-2

0-1 Craig Bellamy (7.), 0-2 Dirk Kuyt (81.), 1-2 Ashley Barnes, víti (90.)

Cardiff-Leicester 2-2 (7-6 í vítak.)

1-0 Don Cowie (33.), 1-1 Steve Howard (40.), 1-2 Lloyd Dyer (66.), 2-2 Rudy Gestede (82.)

Chelsea - Fulham 0-0 (4-3 í vítakeppni)

Manchester City - Birmingham 2-0

1-0 Owen Hargreaves (17.), 2-0 Mario Balotelli (38.)

Southampton - Preston North End 2-1

1-0 Jos Hooiveld (27.), 1-1 Adam Barton (51.), 2-1 Adam Lallana (70.)

Everton - West Bromwich 2-1 (1-1, framl.)

0-1 Chris Brunt (57.), 1-1 Marouane Fellaini (89.), 2-1 Phil Neville (103.)

Wolves, Aldershot, Arsenal, Burnley, Manchester United, Newcastle, Bolton, Stoke, Blackburn og Crystal Palace komust áfram í 4. umferðina í fyrrakvöld.



**FJÖLDI FÆRA EN EKKERT MARK** Margrét Lára Viðarsdóttir reynir hér hjólhestaspyrnu í leiknum í gær en eins og í öllum færum íslensku stelpnanna í gær þá vildi boltinn ekki í markið.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Sárgrætilegt og svekkjandi jafntefli

**Stelpunum okkar var í gær skellt snarlega aftur niður á jörðina eftir sigurinn góða á Noregi um helgina. Liðið gerði markalaust jafntefli gegn Belgíu þrátt fyrir mýgrút góðra marktækifæra og yfirburði í leiknum.**

**FÓTBOLTI** Vonir Íslands um að sigra sinn riðil í undankeppni EM 2013 og komast þannig beint í úrslitakeppnina í Svíþjóð minnkuðu í gær eftir að stelpurnar okkar gerðu markalaust jafntefli við Belgíu á heimavelli. Úrslitin eru sérlega svekkjandi í ljósi þess að Ísland var mun sterkari aðilinn í leiknum og skapaði sér fullt af góðum færum í leiknum sem þó tókst ekki að nýta.

„Það er erfitt að vera sóknarmaður í dag og við sem vorum í fremstu víglínu tökum ábyrgð á þessu," sagði Margrét Lára Viðarsdóttir eftir leikinn. Hún gerði margt vel í leiknum og skapaði fullt af færum en aldrei vildi boltinn inn. Tölfræði leiksins segir allt sem segja þarf – fullt af skotum en sárafá á markið.

„Við höfum oft „slúttað" betur en við eigum okkar slæmu daga líka. Því miður fór þetta svona núna en við verðum að líta á þetta á réttan hátt og koma sterkar til baka," sagði Margrét Lára.

Eftir erfiðar fyrstu 20 mínútur í leiknum gekk Íslandi betur að opna vörn gestanna og á sex mínútna kafla komu þrjú mjög góð færi sem stelpurnar hefðu átt að nýta.

Það átti eftir að koma í ljós að þessi mistök áttu eftir að reynast dýrkeypt því eftir því sem leið á leikinn kom meira óðagot á leik íslenska liðsins. Stelpurnar voru miklu mun meira með boltann en Belgarnir vörðust afar fimlega og voru sérstaklega duglegar að fjölmenna í eigin vítateig og bægja allri hættu frá. Sést það einna best á því að Ísland fékk ellefu hornspyrnur í leiknum en nánast kom aldrei neitt úr því.

Ísland fékk þó líka sín færi í seinni hálfleik en í hvert einasta skiptið hæfði boltinn ekki markið. Skipti engu þó svo að stelpurnar fengu frítt skot af góðu færi – allt var yfir og fram hjá.

Sigurður Ragnar Eyjólfsson, landsliðsþjálfari, var vitanlega hundsvekktur með niðurstöðuna.

„Ég veit hreinlega ekki hvernig við fórum að því að klúðra þessum færum því ég var svo oft búinn að sjá boltann inni. En þegar maður nýtir ekki færin þá endar maður með núll á töflunni. Sem betur fer var þannig líka hjá þeim og við fengum eitt stig. Belgar vörðust vel og þær eru með hávaxna miðherja sem skölluðu allt frá úr teignum. Það er erfitt að brjóta niður svona lið," sagði Sigurður Ragnar.

„Eftir því sem þú klúðrar fleiri færum og líður lengur á leikinn þá kemur kannski meiri óþolinmæði og örvænting. Við verðum bara að fara yfir það sem miður fór til að geta bætt okkur fyrir næstu leiki."

Ísland vann um helgina frábæran 3-1 sigur á sterku liði Noregs en óneitanlega draga úrslitin úr þessum leik úr þeirri gleði. Margrét Lára reyndi þó hvað hún gat til að sjá jákvæðu hliðina við þessi úrslit. „Svona er fótboltinn. Þetta er það góða við hann," sagði hún. „Það getur allt gerst. Þetta var bara stöngin út í dag."

eirikur@frettabladid.is

Katrín Jónsdóttir og Margrét Lára Viðarsdóttir eftir leikinn gegn Belgíu á Laugardalsvelli í gær:

# Líður eins og við hefðum tapað leiknum

**FÓTBOLTI** „Það er eiginlega ekki hægt að lýsa tilfinningunni. Mér líður eins og að ég hafi tapað þessum leik," sagði landsliðsfyrirliðinn Katrín Jónsdóttir eftir markalausa jafnteflið gegn Belgíu í gær. „Mér finnst við með betra lið og það er ljóst að við eigum mikið inni eftir þennan leik."

Ísland er enn taplaust í riðlinum en það eru enn margir leikir eftir og ljóst að stelpurnar mega ekki við því að tapa mörgum stigum til viðbótar ætli þær sér að sigra riðilinn og komast beint í úrslitakeppni EM 2013.

„Þetta eru léleg úrslit fyrir okkur og við erum búnar að gera okkur erfiðara fyrir. En við leiðum enn þennan riðill og við eigum enn séns á að vinna hann. Við stefnum enn hiklaust á það."

Hún segir að stelpurnar hafi undirbúið sig nákvæmlega eins fyrir þennan leik eins og alla aðra og því hafi ekki verið um neitt vanmat að ræða eða neitt af þeim toga. „Ég hef eiginlega ekki útskýringu á því hvað gerðist. Við ræddum sérstaklega um það að við erum ekki lið sem hefur efni á að vanmeta einn né neinn. Við sköpuðum okkur mörg færi í leiknum en nýttum þau því miður ekki. Þetta var bara þannig dagur í dag. Belgía spilaði vel í dag og þær gerðu okkur verri en við eigum að vera."





**EKKERT GEKK UPP** Katrín Jónsdóttir (til vinstri) og Margrét Lára (fyrir ofan) í leiknum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Margrét Lára Viðarsdóttir segir að það hafi verið erfitt að spila gegn þéttum varnarleik Belga og fyrir það beri að hrósa þeim. „Þær voru greinilega búnar að fara vel yfir okkar leik á töflufundi," sagði hún. „Það var okkar að stjórna leiknum og opna þær svolítið. Mér fannst við þó fara erfiðu leiðina í kvöld. Við vorum til að mynda ekki að halda breiddinni nægilega vel og toga þær þannig út úr vörninni." Margrét Lára tekur undir orð fyrirliðans og segir að tilfinningin sé eins og eftir tapleik. Hún segir að það eigi sér eðlilegar skýringar. „Við erum með flott lið og við gerum miklar kröfur til okkur."

- esá

# RAFVÖRU MARKAÐURINN

## ÚTILJÓSAÚRVAL

**VIÐ FELLSMÚLA** - REYKJAVÍK




**RAFVÖRU MARKAÐURINN**

VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888

**OPIÐ ALLA DAGA**
Mán. til fös. kl. 9 - 18
Laugard. kl. 10 - 16
Sunnud. kl. 12 - 16

# Var gaurinn sem gaf aldrei boltann

**Kjartan Henry Finnbogason er leikmaður 20. umferðar Pepsi-deildarinnar hjá Fréttablaðinu. Kjartan tryggði KR mikilvægt stig í Eyjum eftir að hafa farið úr axlarlið. Framherjinn segist hafa þroskast mikið sem leikmaður. Kjartan mun spila með KR gegn Keflavík í kvöld þó svo að hann sé slæmur í öxlinni.**




**MIKIÐ Á SIG LAGT** Kjartan Henry fór úr axlarlið í leiknum gegn ÍBV en hann kláraði samt leikinn og tryggði KR afar mikilvægt stig. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

**FÓTBOLTI** KR-ingurinn Kjartan Henry Finnbogason sýndi af sér einstaka karlmennsku í leiknum gegn ÍBV á mánudag. Hann fór þá úr axlarlið í leiknum. Hann lét kippa öxlinni aftur í liðinn, kom inn á völlinn og kláraði leikinn. Það sem meira er; hann spilaði vel og tryggði KR gríðarlega mikilvægt stig með laglegu skallamarki.

„Ég fer til sjúkraþjálfara þrisvar á dag. Það er allt gert til þess að koma sér í stand fyrir leikinn. Ég er miklu verri í dag [í gær] en ég var á þriðjudag. Þetta er eins og harðsperrur. Þetta er verst tveimur dögum eftir átak,“ segir Kjartan Henry.

KR á gríðarlega mikilvægan leik í kvöld gegn Keflavík. Leik sem KR hefur átt inni lengi. Sigur þar kemur KR-ingum í ansi vænlega stöðu í baráttu um Íslandsmeistaratitilinn.

„Ég verð að vera klár í leikinn. Það er svo lítið eftir að ég verð að klára það sem ég byrjaði á. Það er ekkert tæpt að ég verði með. Ég ætla að vera með. Ég er búinn að leggja of mikið á mig til þess að missa af leik núna,“ segir Kjartan, en hann verður síðan í leikbanni á sunnudag er KR spilar gegn Fylki.

Kjartan Henry hefur ekki bara verið að glíma við axlarmeiðsli því hann fékk kinnholusýkingu í aðdraganda ÍBV-leiksins. Var settur á sýklalyf og gat ekkert æft fyrir stórleikinn í Eyjum.

„Ég hef ekkert getað tekið verkjatöflur út af sýklalyfjunum. Ég fékk sýklalyf í æð þrisvar á dag í þrjá daga fyrir ÍBV-leikinn. Ég kannski geymi verkjatöfluna þangað til fyrir leikinn. Þá kannski tek ég eina sterka,“ segir Kjartan léttur, en hann tekur ekki í mál að missa af einni einustu mínútu sem er enn í boði í sumar.

„Það er búið að tala mikið um þennan Keflavíkurleik. Við eigum hann ekkert inni og hvað þá stigin. Við höfum ekki náð góðum úrslitum upp á síðkastið og búumst við mjög erfiðum leik gegn Keflavík. Það er aldrei neitt gefins gegn Willum. Þetta er mikilvægur leikur fyrir stórleikinn bæði lið og verður vonandi besta skemmtun,“ segir Kjartan, en KR getur í fyrsta skipti í langan tíma stillt upp sínu sterkasta liði í kvöld.

### Er að þroskast sem leikmaður

Kjartan Henry er næstmarkahæstur í deildinni með tólf mörk, einu marki minna en Stjörnumaðurinn Garðar Jóhannsson.

„Ég er mjög sáttur við sumarið. Hef fengið að spila alla leikina og það er gott að fá traust frá þjálfaranum. Ég hef aðeins verið að spila út úr stöðu á kantinum og það hefur gengið ágætlega og hentað liðinu vel. Mér finnst líka orðið skemmtilegt að leggja upp mörk. Hef átt nokkra fína bolta fyrir. Ég er samt svekktur að vera ekki búinn að skora meira. Ég ætti að vera kominn með fleiri mörk,“ segir Kjartan, en hann telur sig vera að þroskast sem leikmann.

„Ég var alltaf þekktur fyrir að vera gaurinn sem vildi aldrei gefa boltann. Ég vildi frekar skora sjálfur. Það hefur aðeins breyst og ég er farinn að hugsa meira um liðið. Það var kominn tími til.“

henry@frettabladid.is

### Mörkin hans Kjartans

**Kjartan Henry hefur skorað 12 mörk í sumar og þau hafa reynst KR dýrmæt.**

| | |
|---|---|
| Breiðablik-KR | 2-3 |
| Skoraði tvö mörk. | |
| Stjarnan-KR | 1-1 |
| Jafnar leikinn fyrir KR | |
| Fram-KR | 1-2 |
| Skorar fyrsta mark leiksins. | |
| Grindavík-KR | 0-3 |
| Skorar þriðja markið. | |
| KR-Breiðablik | 4-0 |
| Skorar fjórða markið úr víti. | |
| KR-Víkingur | 3-2 |
| Skorar tvö mörk og þar af sigurmarkið á 90. mínútu. | |
| Þór-KR | 1-2 |
| Jafnar leikinn úr víti. | |
| KR-Fram | 2-1 |
| Kemur KR yfir með marki úr víti. | |
| FH-KR | 2-1 |
| Minnkaði muninn í 2-1. | |
| ÍBV-KR | 1-1 |
| Jafnaði leikinn. | |

### Lið umferðarinnar:

| | |
|---|---|
| Abel Dhaira | ÍBV |
| Dofri Snorrason | KR |
| Rasmus Christiansen | ÍBV |
| Tommy Nielsen | FH |
| Tony Mawejje | ÍBV |
| Aron Elís Þrándarson | Víkingur |
| Rúnar Már Sigurjónsson | Valur |
| Sam Hewson | Fram |
| Björgólfur Takefusa | Víkingur |
| Kjartan Henry Finnbogason | KR |
| Garðar Jóhannsson | Stjarnan |



**FYRSTA MARKIÐ** Eiður Smári opnaði markareikning sinn hjá AEK í gær.

Eiður Smári Guðjohnsen:

## Gerði mikið á stuttum tíma

**FÓTBOLTI** Eiður Smári Guðjohnsen var settur á bekkinn hjá AEK Aþenu í leiknum á móti Skoda Xanthi í grísku úrvalsdeildinni í gær en gerði mikið á þeim rúmu fimmtán mínútum sem hann fékk undir lokin. AEK vann leikinn 4-3 á útivelli og er áfram með fullt hús.

Eiður Smári kom inn á á 75. mínútu og var búinn að skora sitt fyrsta mark fyrir félagið mínútu síðar. Eiður skoraði markið af stuttu færi eftir góðan undirbúning frá Kamerúnmanninum Steve Leo Beleck. Eiður Smári lagði einnig upp síðasta mark AEK í leiknum og fékk líka gult spjald fyrir að tefja leikinn.

Eiður Smári hafði ekki náð að skora í fjórum fyrstu opinberu leikjum sínum með AEK-liðinu en þar á meðal var 1-0 sigur liðsins á Diethnis Enosis Ergotelis í fyrsta leik liðsins í grísku deildinni. AEK hefur unnið tvo fyrstu leiki sína í grísku úrvalsdeildinni og er í öðru sæti á eftir Panathinaikos sem hefur leikið einum leik meira. - óój



**BIRKIR MÁR SÆVARSSON** Getur unnið sinn fyrsta titil með Brann. MYND/AFP

Norski bikarinn í fótbolta:

## Birkir Már í bikaúrslitin

**FÓTBOLTI** Birkir Már Sævarsson og félagar hans í Brann tryggðu sér sæti í bikarúrslitaleiknum í Noregi með því að vinna 2-0 sigur á Fredrikstad á útivelli í undanúrslitaleiknum í gærkvöldi. Í kvöld geta Haraldur Freyr Guðmundsson og félagar í Start komist þangað líka þegar þeir mæta Aalesund í hinum undanúrslitaleiknum.

Diego Guastavino skoraði fyrra mark Brann á 71. mínútu og Kim Ojo innsiglaði sigurinn á 85. mínútu. Birkir Már lék allan leikinn í hægri bakverðinum.

Þetta verður fyrsti bikarúrslitaleikur Brann í sjö ár eða síðan liðið vann 4-1 sigur á Lyn í bikarúrslitaleiknum árið 2004. - óój




Íslandsmeistarar FH og Vals munu verja titla sína í handboltanum samkvæmt árlegri spá forráðamanna:

# Sex sterk og jöfn lið í karlaboltanum í vetur



**STUÐ Í STÚKUNNI** Stuðningsmenn FH fóru mikinn síðasta vetur og það verður áfram veisla í Krikanum ef eitthvað mark er takandi á spá forráðamanna. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

**HANDBOLTI** Karlalið FH og kvennalið Vals verða Íslandsmeistarar árið 2012 samkvæmt árlegri spá þjálfara, fyrirliða og forráðamanna sem birt var á kynningarfundi N1-deildanna. Þessi lið urðu meistarar á síðustu leiktíð og munu því verja titla sína samkvæmt spánni.

„Ég átti von á því að okkur yrði spáð einu af þrem efstu sætunum. Hvort okkur yrði spáð titli er annað mál. Ég bjóst líka við því að Fram yrði nær okkur. Ég held annars að deildin verði jafnari en í fyrra,“ segir Kristján Arason, þjálfari FH, en spáin kom honum aðeins á óvart.

Fastlega er búist við því að sex lið muni berjast um sætin fjögur í úrslitakeppninni og markmið liðanna núna er því að tryggja sér sæti í úrslitakeppninni.

Miklar breytingar hafa orðið á meistaraliði FH. Sterkir leikmenn á borð við Ólaf Guðmundsson, Loga Geirsson, Pálmar Pétursson og Sigurgeir Árna Ægisson eru horfnir á braut. Í þeirra stað hefur FH fengið Andra Berg Haraldsson, Ragnar Jóhannsson og Hjalta Þór Pálmason.

„Það hefur verið basl að púsla liðinu saman. Mér finnst við ekki vera komnir nema svona 70-80 prósent á leið. Við eigum töluvert inni. Menn eru enn að læra inn á hver annan,“ segir Kristján en hans lið ætlar, þrátt fyrir breytingarnar, að setja stefnuna á titilinn.

Einar Jónsson mun halda um stjórnartauminn hjá bæði karla- og kvennaliði Fram. Kvennaliðinu er spáð öðru sæti eins og svo oft áður en karlaliðinu fjórða til fimma sæti.

„Það er svo sem ekkert í þessari spá sem kemur mér á óvart. Það búast margir við sex liða baráttu karlamegin. Ég held það verði erfitt að spá fyrir um hvernig þetta verður,“ segir Einar sem býst við erfiðum bardaga kvennamegin enda sé Valur með algjört yfirburðalið í deildinni að hans mati.

„Við erum með mikið breytt lið enda misst leikmenn og fengið aðra í staðinn. Þar erum við að þróa liðið. Við horfum á framfarirnar í vetur. Markmiðið er að halda öðru sætinu sem okkur er spáð og svo reyna að veita Val einhverja keppni. Valur er með langbesta liðið eins og staðan er í dag,“ segir Einar en hvað með markmiðin hjá körlunum? „Karlamegin er markmiðið að komast í úrslitakeppnina.“ - hbg

### Spáin

**N1-deild karla:**

| | |
|---|---|
| 1. FH | 202 stig |
| 2. Akureyri | 198 |
| 3. HK | 192 |
| 4.-5. Fram | 162 |
| 4.-5. Haukar | 162 |
| 6. Valur | 159 |
| 7. Afturelding | 94 |
| 8. Grótta | 79 |

**N1-deild kvenna:**

| | |
|---|---|
| 1. Valur | 298 stig |
| 2. Fram | 264 |
| 3. HK | 223 |
| 4. Stjarnan | 216 |
| 5. ÍBV | 159 |
| 6. Fylkir | 137 |
| 7. Haukar | 134 |
| 9. KA/Þór | 70 |
| 10. Grótta | 55 |

# BYKO Kauptúni
# lokar á sunnudag!
## Síðustu dagar rýmingarsölunnar




BYKO

# Enn meiri afsláttur!

## 10% aukaafsláttur
af öllu á rýmingarsölu*

## 20% aukaafsláttur
af öllu í Outlet hluta

# Allt á að seljast!

*Afslátturinn gildir ekki á timbri og pípulagningaefni.

golfogveidi@frettabladid.is



**1.350** **LAXAR** voru komnir á land í Breiðdalsá um síðustu helgi og er það met í ánni. Veiðum í ánni lýkur 29. september.

**125** **FISKAR** komu á land í fjögurra daga holli sem lauk veiðum í Laxá í Kjós 19. september. Breskir veiðimenn náðu 103 löxum og 22 sjóbirtingum.

Blöndulón af yfirfalli:

## Veiði tók við sér efst í Blöndu

Góð veiði mun hafa verið síðustu veiðidagana á efsta svæðinu í Blöndu. Á vef Lax-á segir að lækkað hafi í Blöndulóni og að það sé hætt á yfirfalli eftir að kólnaði í veðri.

„Frá síðustu helgi hafa verið að veiðast hátt í tíu laxar á dag þrátt fyrir að vera illa selt, en veiðisvæðið er víst pakkað af laxi,“ segir á lax-a.is.

Síðasti veiðidagurinn í Blöndu var á þriðjudag og segir leigutakinn ljóst að Blanda hafi farið yfir tvö þúsund laxa múrinn. - gar



**SÁ GULI** Þorskurinn sem Weiss veiddi reyndist 134 sentímetrar að lengd og 87 sentímetrar að ummáli. MYND/RÓBERT SCHMIDT

Golþorskur á sjóstöng:

## Setti í 28 kílóa þungan þorsk

**Þýski sjóstangveiðimaðurinn Thilo Weiss hélt að stórlúða hefði bitið á hjá sér þegar hann setti í þennan golþorsk um helgina. Þorskurinn djöflaðist og reif út línu hvað eftir annað, en náðist að lokum um borð.**

**Flykkið reyndist 134 sentimetrar að lengd og ummálið var heilir 87 sentimetrar. Hann vó 28 kíló og er þyngsti þorskur liðinnar sjóstangveiðivertíðar Hvíldarkletts, en fyrirtækið starfar á Suðureyri og Flateyri. Þorskurinn veiddist fáeinar mílur út frá Sauðanesi við Súgandafjörð á 50 metra dýpi. Róbert Schmidt er leiðsögumaður fyrirtækisins og tók þessa mynd.** - kóp

# Gæsin seinna á ferð í ár

**Ótíð og sumarhret gera það að verkum að gæsin er um mánuði seinna að hópa sig en í eðlilegu árferði. Enn var mikið af ungum í upphafi tímabilsins í ágúst. Nóg er af fugli og kornþresking dregur hann að sér.**

Gæsin er um það bil mánuði seinna á ferð en venjulega í hefðbundnum haustundirbúningi sínum. Veiðitímabilið hófst 20. ágúst en þá var enn mikið af ungum á heiðum og gæsin var lítið farin að hópa sig niður á láglendið.

Róbert Schmidt veiðimaður segir að gæsin sé farin að koma niður á láglendið núna, bæði í tún og kornakra. Búast megi við að menn fari að veiða í kornið í lok september. Þrátt fyrir rólega byrjun megi búast við að tímabilið verði svipað í ár og í fyrra, nóg sé af fugli.

> Ef hann liggur að norðan er heiðagæsin snögg að fara. Grágæsin hangir lengur á því.
>
> **RÓBERT SCHMIDT** VEIÐIMAÐUR

„Gæsin er byrjuð að koma af fjöllum og niður í tún og kornakra, þar sem þresking er hafin. Um leið og fer að kólna kemur hún niður. Veiðin hefur víða síðustu árin verið alveg fram í desember, þannig að nægur tími er til stefnu.“

Róbert segir að kreppan hafi áhrif á veiðimenn líkt og aðra. Menn séu farnir að fara færri ferðir en áður. „Menn spara skotin og halda að sér höndum. Það er líka dýrt að ferðast og eldsneytisverðið hefur sitt að segja,“ segir Róbert. Hann segir óvenju hljótt hafa verið um gæsaveiðina í ár, sem skýrist kannski af því hve seint hún fór af stað.

Gæsaveiðitímabilið stendur til 15. mars, en þegar kólnar hópar fuglinn sig saman og heldur af landi brott. „Ef hann liggur að norðan er heiðagæsin snögg að fara. Grágæsin hangir lengur á því. Að auki er mjög stór stofn sem er hér allan veturinn á Suðurlandinu.“

Andaveiðin hófst 1. september og Róbert segir að öndin sé öll að koma til. Róbert gerir út sjóstangveiðibáta frá Súgandafirði og segir mikið af bústnum fugli fyrir vestan. Menn séu rétt farnir að kroppa í öndina, en hún sé þó ekki komin í hentugan búning og erfitt sé að reyta hana núna.

kolbeinn@frettabladid.is



**NÓG AF SKARFI** Róbert segir nóg af skarfi á Vestfjörðum og þannig verði það í vetur. Hann var að veiðum í Súgandafirði í gær og náði í tvo dílaskarfa og fimm toppskarfa. MYND/RÓBERT SCHMIDT



**VIÐ ÖLLU BÚINN** Róbert er þaulvanur veiðimaður og veit að miklu skiptir að vera rétt útbúinn. Á túnveiði verður veiðimaðurinn að falla inn í umhverfið, annars sest gæsin ekki. MYND/RÓBERT SCHMIDT

### Ákvörðun um rjúpu í þessum mánuði



**SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR**

Róbert er gagnrýninn á það að ekki hafi enn verið gefið út hvernig rjúpnaveiðum verður háttað í ár. Árið 2009 var ákveðið að næstu þrjú árin yrði tímabilið frá 27. október til 6. desember og aðeins væri leyft að veiða föstudaga, laugardaga og sunnudaga. Róbert telur að halda eigi þeirri áætlun í ár. Hann segir dráttinn á ákvörðun plagandi, menn þurfi undirbúning til ferðanna. „Þetta er vanvirðing við skotveiðimenn og ferðaþjónustuna. Ég á von á dönskum ritstjórum frá veiðitímariti en get ekkert sagt þeim um hvort hér verður veiði. Það er ekki einu sinni hægt að bóka flug.“

Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra mun funda með Náttúrufræðistofnun og Umhverfisstofnun á næstu dögum og fulltrúum skotveiðimanna í framhaldinu. „Ég legg áherslu á að ljúka þessu núna sem allra fyrst og helst fyrir mánaðamót.“

Náttúrufræðistofnun lagði til þrjá kosti um fyrirkomulag veiðanna; að halda þeim óbreyttum, skerða tímabilið eða banna veiði.






Leyndinni loks létt af stærsta laxi sem veiðst hefur í sumar:

# Mynd af stórlaxinum í Kjarrá

Nú síðsumars birtust fregnir á ýmsum vefmiðlum um að 116 sentimetra lax hefði veiðst í Kjarrá í lok sumars. Fréttunum fylgdi hins vegar alltaf sú saga að veiðimaðurinn vildi ekki birta mynd af laxinum. Fréttablaðið hefur nú náð tali af manninum, sem vildi ekki láta nafns síns getið að svo stöddu. Hann gaf þó góðfúslega leyfi til birtingar á myndinni.

Fiskurinn veiddist á veiðistaðnum Efra-Potti og tók hann Arndilly Fancy þríkrækju númer 16. Veiðimanninum tókst að landa þessum stórlaxi á Guideline LeCie einhendu fyrir línu númer sjö, sem verður að teljast gott afrek. Fiskurinn er sannkallaður risi. Þegar hann var lagður við hlið stangarinnar teygði hann sig rétt fram fyrir aðra lykkju. Það þýðir að hann hefur verið einhvers staðar á bilinu 114-116 sentimetrar. Samkvæmt staðlaðri töflu Veiðimálastofnunar, sem gefur til kynna samband lengdar og þyngdar á laxi, þá hefur laxinn verið 32 til 34 pund.



**RISALAX** Myndin var tekin á farsíma og gæðin því ekki með besta móti. Hún sýnir hins vegar vel hversu risavaxinn fiskurinn er.

Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst veiddi Nils Jörgensen næststærsta lax sumarsins. Sá mældist 108 sentimetrar og veiddist í Vatnsdalsá í byrjun mánaðarins. Samkvæmt töflu Veiðimálastofnunar vó hann um 27 pund. Líklegt er þó að hann hafi verið enn þyngri því hann var gríðarlega sver og vel haldinn.

trausti@frettabladid.is

# MAX ÚTSALA

## ALLT Á LÁGMAX VERÐI

Takmarkað magn

Brauðristar
Frá 1.989

Brauðvélar
Frá 12.989

1400sn þvottavélar
Frá 69.989

Heimabíó
Frá 24.989

Vöfflujárn
25% afsl.

Ryksugur
20% afsl.

Sléttu- og krullujárn
30% afsl.

Rakvélar
20% afsl.

Saumavélar
25% afsl.

Heyrnartól
30% afsl.

Fartölvutöskur
35% afsl.

Tökuvélar
20% afsl.

Fartölvur
15% afsl.

Hljómborð
20% afsl.

Sjónaukar
25% afsl.

Sjónvörp
Frá 34.989

**Mikið af SÍÐUSTU EINTÖKUM af sjónvörpum, kæliskápum, ofnum og mörgu fleira á ótrúlegu verði.**

MAX RAFTÆKI

Opið mán. - fös. kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18

MAX Kauptúni 1 - Garðabæ
Sími 412 2200 - www.max.is

> **Josh Duhamel**

„Mér líður bara eins og venjulegum gaur sem hefur verið ótrúlega heppinn."

***Josh Duhamel leikur í rómantísku gamanmyndinni When in Rome, sem segir frá ungri framakonu sem er afar óheppin í ástum. Í brúðkaupi systur sinnar í Róm stelur hún peningum úr óskabrunni ástarinnar og verður fyrir vikið elt af nokkrum ástsjúkum mönnum. Myndin er sýnd á Stöð 2 Bíói kl. 22.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ JÓN AÐALSTEINN BERGSVEINSSON HORFIR Á ÞÆTTI UM LÍFIÐ

# *Gamall maður situr eftir í rykinu með pöddu*

Ég hef stöku sinnum séð brot af sjónvarpsþættinum Undur sólkerfisins á RÚV og náði að sjá heilan þátt í fyrsta sinn á mánudag. Því miður var þetta lokaþáttur. Ég fann til depurðar. Þáttastjórnandinn Brian Cox virtist nefnilega kunna sitt fag og vel það; í hvert sinn sem hann kom á skjáinn lýsti hann viðfangsefninu af þvílíkri tilfinningasemi að það virtist eiga engan sinn líka í gervallri veröldinni (ókei – þetta er kannski ofsögum sagt: ég ætla ekki að reyna að sannfæra einhvern um að hringi Satúrnusar megi líka finna nálægt Stokkseyri). Mig dauðlangaði að sjá fleiri þætti.

Það er ekki nema von að Brian Cox sé ógurlega vinsæll þáttastjórnandi í Bretlandi. Eins og skýrt var tekið fram í hverjum þætti er hann eðlisfræðingur og því fróður um náttúruna og lögmálin flest hver sem stýra því ótrúlega kraftaverki sem sköpunin hefur alið af sér (ég reyni hér að grípa til orðfæris Cox en kemst ekki með tærnar þar sem hann hefur hælana). Ekki spillir fyrir að hann er tiltölulega ungur – rétt rúmlega fertugur – og lætur aðdáendur hins hægláta Sir Davids Attenborough finnast eins og eitthvað nýtt sé loksins að gerast í tilverunni. Honum dugar ekki að sýna okkur hæsta fjall jarðar, eldfjallið Mauna Kea á Havaí (það er tíu kílómetra hátt – mælt frá sjávarbotni) heldur fer hann langt út fyrir sporbaug og setur það í samhengi við hæsta fjall sólkerfisins, Olympus Mons á Mars sem er þrisvar sinnum hærra – og þar er enginn sjór til að trufla. Geri aðrir betur.



Já, gott ef Brian Cox minnir ekki á bestu augnablikunum á sjónvarpskokkinn Nigellu Lawson á góðri stundu með hendur á kafi í góðri möffins. Þegar slíkum hápunkti er náð hreinlega fræsir hann fram úr kollega sínum í kröftugum lýsingum og flottu sérensku áherslunum á lífríkinu, skilur þann gamla eftir með göngugrindina í rykinu með svo viðkvæmum pöddum að maður þorir ekki annað en að hvísla svo þau einfaldlega molni ekki undan álaginu.

## RÚV

**16.00 Kiljan** (e)
**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Gurra grís** (11:26)
**17.25 Sögustund með Mömmu Marsibil** (13:52)
**17.40 Einmitt þannig sögur** (9:10)
**17.55 Geymslan**
**18.25 Táknmálsfréttir**
**18.35 Melissa og Joey** (4:30)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Nigella í eldhúsinu** (3:13) (Nigella: Kitchen) Í þessari bresku matreiðsluþáttaröð eldar Nigella Lawson dýrindis krásir af ýmsum toga.
**20.40 Ísþjóðin með Ragnhildi Steinunni** (4:8) (Gunnar Nelson) Þáttaröð um ungt og áhugavert fólk. Í þessum þætti er skyggnst inn í líf Gunnars Nelson bardagakappa. Atriði í þessum þætti eru ekki við hæfi ungra barna.
**21.10 Kingdom lögmaður** (5:6) (Kingdom III)
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.25 Glæpahneigð** (95:114) (Criminal Minds V) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.10 Lífverðirnir** (Livvagterne) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna. (e)
**00.10 Kastljós** (e)
**00.35 Fréttir**
**00.45 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 The Darwin Awards**
**10.00 Something's Gotta Give**
**12.05 Beethoven's Big Break**
**14.00 The Darwin Awards**
**16.00 Something's Gotta Give**
**18.05 Beethoven's Big Break**
**20.00 Waterboy**
**22.00 When In Rome**
**00.00 Pledge This!**
**02.00 Even Money**
**04.00 When In Rome**
**06.00 Funny People**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (38:175)
**10.15 Sjálfstætt fólk**
**11.00 The Mentalist** (14:23)
**11.45 Gilmore Girls** (13:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Friends** (2:24)
**14.50 Ameríski draumurinn** (4:6)
**15.35 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (9:22)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (21:24)
**19.45 Modern Family** (12:24)
**20.10 Heimsréttir Rikku** (5:8) Nýr og glæsilegur matreiðsluþáttur með Rikku þar sem hún fetar nýjar slóðir í íslenskri matreiðsluþáttagerð með því að helga hvern þátt matargerð þjóðar sem á sér ríkulega matarhefð. Hún fræðir okkur um uppruna þeirra og kennir okkur að matreiða þá á einfaldan og aðgengilegan hátt.
**20.40 The Closer** (9:15) Sjötta serían af þessum hörkuspennandi þætti sem er einn af allra vinsælustu þáttunum á kapalstöðvunum í Bandaríkjunum. Kyra Sedgwick hefur verið tilnefnd til Golden Globe verðlauna sex ár í röð fyrir túlkun sína á yfirlögreglukonunni Brendu Leigh Johnsons.
**21.25 The Good Guys** (9:20) Nýir þættir sem bæði eru hlaðnir spennu og gríni um löggu af gamla skólanum, Jack, og nútímalega lögreglumanninn, Dan. Jack fer alltaf eftir bókinni og er af þeim sökum fastur í vonlausri stöðu hjá lögreglunni.
**22.10 Sons of Anarchy** (9:13)
**22.55 Harry's Law** (3:12)
**23.40 The Whole Truth** (13:13)
**00.25 Game of Thrones** (5:10)
**01.20 Day of Wrath**
**03.10 The Hitcher**
**05.55 The Simpsons** (9:22)

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Enski deildarbikarinn: Brighton - Liverpool** Útsending frá leik Brighton og Liverpool í enska deildarbikarnum.
**18.00 Enski deildarbikarinn: Brighton - Liverpool** Útsending frá leik Brighton og Liverpool í enska deildarbikarnum.
**19.45 Spænski boltinn: Racing - Real Madrid** Útsending frá leik Racing Santander - Real Madrid í spænsku úrvalsdeildinni í knattspyrnu.
**21.30 Spænski boltinn: Valencia - Barcelona** Útsending frá leik Valencia og Barcelona í spænsku úrvalsdeildinni í knattspyrnu.
**23.15 ÍBV - KR** Útsending frá leik ÍBV og KR í Pepsi-deild karla í knattspyrnu.
**01.05 Pepsi-mörkin** Skemmtilegur þáttur þar sem farið er yfir öll mörkin og umdeildu atvikin í Pepsi-deild karla í knattspyrnu. Umsjónarmaður er Hörður Magnússon.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.20 Tottenham - Liverpool** Útsending frá leik Tottenham Hotspur og Liverpool í ensku úrvalsdeildinni.
**18.10 Aston Villa - Newcastle** Útsending frá leik Aston Villa og Newcastle United í ensku úrvalsdeildinni.
**20.00 Premier League World** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegu hliðum.
**20.30 Premier League Review 2011/12** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**21.25 Season Highlights 2010/2011** Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.
**22.20 Football League Show** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
**22.50 Swansea - WBA** Útsending frá leik Swansea City og West Bromwich Albion í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.30 Nýtt útlit** (2:12) (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Nýtt útlit** (2:12) (e)
**12.30 Pepsi MAX tónlist**
**15.55 Life Unexpected** (3:13) (e)
**16.40 Friday Night Lights** (5:13) (e)
**17.30 Rachael Ray**
**18.15 Real Housewives of Orange County** (12:17)
**19.00 Game Tíví - OPIÐ** (2:14)
**19.30 Being Erica - OPIÐ** (5:12) Skemmtileg þáttaröð um unga konu sem hefur ekki staðið undir eigin væntingum í lífinu en fær óvænt tækifæri til að breyta því sem aflaga hefur farið.
**20.10 Rules of Engagement** (21:26) Bandarísk gamanþáttaröð um skrautlegan vinahóp.
**20.35 30 Rock** (4:23) Bandarísk gamanþáttaröð sem hlotið hefur einróma lof gagnrýnenda.
**21.00 House** (3:23) Bandarísk þáttaröð um skapstirða lækninn dr. Gregory House og samstarfsfólk hans. Barnabókahöfundur á í tilvistarkreppu en um leið eru líkamlegir kvillar sem hrjá hann. House reynir að komast að hinu sanna.
**21.50 Leverage** (13:16) Spennandi þáttaröð um þjófahóp sem rænir þá sem misnota vald sitt og ríkidæmi.
**22.35 Dexter** (12:12) (e)
**23.25 In Plain Sight** (12:13) (e)
**00.10 Whose Line is it Anyway?**
**00.35 Smash Cuts** (32:52) (e)
**00.55 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**08.10 BMW Championship** (3:4)
**11.10 Golfing World**
**12.00 Golfing World**
**12.50 BMW Championship** (4:4)
**16.35 Inside the PGA Tour** (38:45)
**17.00 The Tour Championship** (1:4)
**22.00 Golfing World**
**22.50 US Open 2009 - Official Film**
**23.50 ESPN America**

## EXTRA

**19.50 The Doctors**
**20.35 In Treatment** (48:78) Athyglisverð þáttaröð frá HBO sem fjallar um sálfræðinginn Paul Weston sem sálgreinir skjólstæðinga sína og hlustar þolinmóður þar sem þeir lýsa sínum dýpstu tilfinningum, vandamálum og sláandi leyndarmálum.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Borgarilmur** (5:8) Matur, kaffi, ást, tungumál og erkitýpur eru meðal viðfangsefna Ilmar í heimsókn sinni til Parísar. Ilmur eldar á minnsta veitingastað Parísarborgar, lærir að haga sér eins og frönsk dama og prófar hátísku, með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.
**22.25 Hot In Cleveland** (10:10) Frábærir gamanþættir sem fjalla um þrjár frábærar vinkonur frá Los Angeles. Líf þeirra breytist til frambúðar þegar flugvélin þeirra, sem var á leið til Parísar, stoppar óvænt í Cleveland og vinkonurnar ákveða að dvelja þar um tíma og hefja nýtt líf.
**22.50 Cougar Town** (10:22)
**23.15 Hawthorne** (3:10)
**00.00 True Blood** (9:12)
**01.00 Satisfaction** (2:10)
**01.50 Týnda kynslóðin** (5:40)
**02.20 In Treatment** (48:78)
**02.45 The Doctors** (118:175)
**03.30 Fréttir Stöðvar 2**
**04.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Að norðan** Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Bergur Elías Ágústsson, sveitastjóri Norðurþings.
**21.00 Einar Kristinn og sjávarútvegur** Ráðherrann fyrrverandi gerþekkir málaflokkinn, fjórtándi þáttur.
**21.30 Kolgeitin** Sigtryggur Bogomil Font Baldursson og gestagangur.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |


LYFJA
– Lifið heil

Klár fyrir veturinn?

+15% afsláttur Hóstamixtúrur og Paratabs




Gildir til 20. október

www.lyfja.is

Lægra verð í Lyfju

ÍSLENSKA/SIA.IS/LYF 56364 09/11

## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 20.10**
**Heimsréttir Rikku**

Það er komið að fimmta þættinum með Rikku og að þessu sinni er sænsk matargerð í aðalhlutverki. Á matseðlinum er graflax, kartöflur í dilluppstúfi, hinar einu sönnu sænsku kjötbollur með kartöflumús og brúnni sósu og kladdkaka.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Landið sem rís **14.00** Fréttir **14.03** Inn og út um gluggann **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Ennislokkur einvaldsins **15.25** Skurðgrafan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Sinfóníukvöld - Á leið í tónleikasal **19.30** Sinfóníutónleikar **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Útvarpsperla: Goðsögn í lifanda lífi **23.15** Hnapparatið **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## BBC entertainment

**10.45** Keeping Up Appearances **11.15** Fawlty Towers **11.45** 'Allo 'Allo! **12.20** 'Allo 'Allo! **12.50** The Inspector Lynley Mysteries **13.40** The Inspector Lynley Mysteries **14.25** Keeping Up Appearances **14.55** Keeping Up Appearances **15.25** 'Allo 'Allo! **15.55** 'Allo 'Allo! **16.30** Fawlty Towers **17.00** Fawlty Towers **17.30** The Inspector Lynley Mysteries **18.20** The Inspector Lynley Mysteries **19.10** Top Gear **20.00** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **20.45** QI **21.15** How Not to Live Your Life **21.45** My Family

## DR 1

**11.35** Aftenshowet **12.30** Bonderøven **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Kommissær Wycliffe **14.00** Benjamin Bjørn **14.15** Stor & Lille **14.30** Fandango **14.50** Livet i Fagervik **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Kongerigets Kager **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Gintberg på kanten **18.30** Fuld af ungdom **19.00** TV Avisen **19.25** Jersild Live **19.50** SportNyt **20.00** Kæft, trit og knus **20.30** Unge på druk **21.00** Elskerinder **21.50** Lisa goes to Hollywood **04.00** Molly Monster **04.05** Chiro

## NRK 1

**11.35** Urix **12.00** Nyheter **12.05** Bondi Beach **12.30** Folk **13.00** Nyheter **13.10** Dallas **14.00** Nyheter **14.10** Semenya - for rask til å være kvinne? **15.00** Nyheter **15.10** Snakkis **15.25** Verdensarven **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.45** Schrödingers katt **18.15** Solgt! **18.45** Glimt: Med film til folket **18.55** Distriktsnyheter **19.35** Debatten **20.35** Prinsesse Märtha Louise - midt i livet **21.05** Kveldsnytt **21.20** Sigrid søker selskap **21.50** Trygdekontoret

## svt1

**10.50** Tack för musiken **11.50** Niklas Mat **12.20** Inuti Isabelle **12.35** Minnenas television **13.30** Skattjägarna **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.30** Landet Brunsås **15.00** Hübinette **15.30** Sverige idag **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Niklas Mat **18.30** Mitt i naturen **19.00** En andra chans **19.30** Hundra procent bonde **20.00** Debatt **20.45** Livet som hund **21.30** En komikers arbetslivserfarenhet











# STÓRLAXARNIR ERU Á VEIÐIVÍSI

Á Veiðivísi, nýjum veiðivef Vísis, getur þú nálgast helstu fréttir, ítarlega umfjöllun og gagnlegar upplýsingar um veiði, hvort heldur sem er stangveiði eða skotveiði. Fylgstu með í sumar og nýttu þér allt sem Vísir hefur upp á að bjóða.

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval.
Þú færð meira af öllu á Vísi.

**Meiri Vísir.**

vísir

## MORGUNMATURINN



*„Ég fæ mér beyglu með eggi, beikonosti og grænmetis ranch-sósu eða mæjó og gulu sinnepi.“*

Tómas Magnússon, tónlistarmaður.

# Kvikmyndahús slást um klassíska tónlist

„Þetta er enginn risamarkaður heldur mjög tryggur hópur og við sjáum oft sömu andlitin,“ segir Alfreð Árnason, framkvæmdastjóri Sambíóanna. Kvikmyndafélagið Sena tilkynnti í gær að það hygðist hefja beinar útsendingar frá óperum og ballettsýningum Royal Opera House í Háskólabíói. Fyrsta sýningin verður Faust miðvikudaginn 28. september.

Og það er kannski ekkert skrýtið að Sena skuli hefja innreið sína inn á þennan markað því þetta hefur mælst ákaflega vel fyrir hjá Sambíóunum. Þrjátíu þúsund gestir hafa séð sýningar Sambíóanna síðastliðin þrjú ár. „Það er mjög stór og tryggur hópur sem kaupir sér miða á allt tímabilið og þeir hafa allir verið mjög ánægðir. Það er yfirleitt uppselt á frumsýningarnar og svo er bætt við aukasýningum ef áhuginn er fyrir hendi,“ segir Alfreð.

„Okkur bauðst samstarf við Royal Opera House og þær sýningar voru einfaldlega of góðar til að sleppa þeim. Og þetta er jafnframt hluti af því sem kvikmyndahús úti í heimi eru í sífellt meiri mæli að skoða,“ segir Steinþór Helgi Arnsteinsson hjá Senu. Hann segir að Sena hafi viljað nýta Háskólabíó fyrir beinar útsendingar frá menningarviðburðum eftir að Sinfóníuhljómsveitin flutti yfir í Hörpu. „Við ætlum að vera með sýningarskrá og láta fólki líða eins og það sé að mæta á tónleika með sinfóníunni.“ Steinþór telur greinilegt að það sé markaður fyrir svona viðburði, hann finni í það minnsta strax fyrir mikilli eftirspurn. **- fgg**



**SAMKEPPNI UM ÓPERUR OG BALLETT** Kvikmyndahús úti um allan heim eru nú með beinar útsendingar frá menningarviðburðum; óperum og leik- og ballettsýningum. Bæði Sena og Sambíóin ætla að bjóða upp á hámenningu í vetur.


## ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

551 1200 | www.leikhusid.is | midasala@leikhusid.is





## ÁSDÍS RÁN GUNNARSDÓTTIR: ÞETTA ER JÓLAGJÖFIN Í ÁR

# Ísdrottningin framleiðir eggjandi undirföt og olíur

„Þetta er klárlega jólagjöfin í ár,“ segir Ásdís Rán fyrirsæta um undirfatalínu sem kemur á markað í lok nóvember.

Ásdís, sem hefur verið að hanna og selja kjóla fyrir verslanir Hagkaupa undir merkinu Ice Queen, er nú að stækka við línuna og bæta við vörum.

„Þetta eru súperheit undirföt sem ég hef verið að hanna undanfarna mánuði og læt búa til fyrir mig í Búlgaríu,“ segir Ásdís og Sigríður Gröndal, innkaupastjóri hjá Hagkaupum, tekur í sama streng. „Þetta eru mjög skemmtileg og flott undirföt hjá henni,“ segir hún, en mikil ánægja er með fatalínur Ásdísar hjá verslanakeðjunni. „Við höfum verið með kjóla frá henni sem seldust upp og viðskiptavinir voru ánægðir, þá helst ungar konur.“

Ásdís hefur í nógu að snúast þessa dagana því ásamt því að koma undirfatalínunni heim og saman er hún að bæta ilmandi baðsápum og olíum við Ice Queen-línuna sína. „Þetta eru ótrúlega flottar vörur sem eru væntanlegar í búðir á Íslandi á næstu vikum. Ég stefni ótrauð áfram með Ice Queen-merkið og ætla mér að bæta inn fleiri vörum í línuna á næsta ári.“

Það eru ekki einungis Íslendingar sem eiga kost á að kaupa föt úr Ice Queen-fatalínunni því fatnaðurinn fer í sölu í Búlgaríu á næstu vikum. Verða fötin seld í sér deildum í verslunum. Ásdís segir að mikill áhugi sé meðal verslunarfólks í Búlgaríu að taka vörurnar í sölu hjá sér. „Ég kalla deildirnar íshellinn, því þannig er útlitið utan um fatnaðinn í búðum,“ segir Ásdís, en tvær búðir í Sofiu með Ice Queen-vörur verða opnaðar á næstu mánuðum.

„Það er aldrei að vita nema ég opni Ice Queen-búð á Íslandi innan skamms,“ segir Ásdís, en þegar Fréttablaðið náði af henni tali var hún á leiðinni aftur til Sofiu eftir fjölskyldufrí við Svartahafið. „Það er stutt að keyra á milli og við slöppuðum af í 27 stiga hita, sem var yndislegt.“

Þrátt fyrir mikinn uppgang í Ice Queen-vörumerkinu er Ásdís ekki hætt að sitja fyrir, en hún birtist nýlega á forsíðu ítalska tímaritsins Life&Style. „Það er viðtal inni í blaðinu við mig en þeir hafa viljað fá mig á forsíðuna í smá tíma og voru hrifnir af þessari mynd. Síðan verð ég á forsíðunni á kanadísku tímariti sem heitir Summum magazine og kemur út í næsta mánuði.“ **alfrun@frettabladid.is**



**NÓG AÐ GERA** Ásdís Rán er með mörg járn í eldinum, en ásamt því að vera að kynna Ice Queen-vörurnar fyrir Búlgara er hún að bæta undirfötum og baðsápum við merkið. MYND/ARNOLD







## ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

551 1200 | www.leikhusid.is | midasala@leikhusid.is

**Listaverkið** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 29.9. Kl. 19:30 Frums. U | Lau 8.10. Kl. 16:00 6. sýn. Ö | Lau 15.10. Kl. 19:30 11. sýn. U |
| Lau 1.10. Kl. 16:00 2. sýn. Ö | Lau 8.10. Kl. 19:30 7. sýn. Ö | Lau 22.10. Kl. 16:00 12. sýn. |
| Lau 1.10. Kl. 19:30 3. sýn. Ö | Sun 9.10. Kl. 19:30 8. sýn. Ö | Lau 22.10. Kl. 19:30 13. sýn. Ö |
| Sun 2.10. Kl. 19:30 4. sýn. Ö | Fim 13.10. Kl. 19:30 1. sérst. aukasýn. Ö | Sun 23.10. Kl. 19:30 14. sýn. |
| Fim 6.10. Kl. 19:30 1. aukasýn. Ö | Fös 14.10. Kl. 19:30 9. sýn. U | Lau 29.10. Kl. 16:00 15. sýn. |
| Fös 7.10. Kl. 19:30 5. sýn. U | Fös 14.10. Kl. 22:00 3. aukasýn. | Lau 29.10. Kl. 19:30 16. sýn. |
| Fös 7.10. Kl. 22:00 2. aukasýn. | Lau 15.10. Kl. 16:00 10. sýn. | |

**Hreinsun** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 20.10. Kl. 19:30 Frums. U | Fim 3.11. Kl. 19:30 5. sýn. Ö | Fim 24.11. Kl. 19:30 9. sýn. Ö |
| Fös 21.10. Kl. 19:30 2. sýn. Ö | Fös 4.11. Kl. 19:30 6. sýn. Ö | Fös 25.11. Kl. 19:30 10. sýn. Ö |
| Fim 27.10. Kl. 19:30 3. sýn. Ö | Mið 9.11. Kl. 19:30 7. sýn. Ö | Fös 2.12. Kl. 19:30 11. sýn. |
| Fös 28.10. Kl. 19:30 4. sýn. Ö | Lau 19.11. Kl. 19:30 8. sýn. | Lau 3.12. Kl. 19:30 12. sýn. |

**Svartur hundur prestsins** (Kassinn)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 17.9. Kl. 19:30 Frums. U | Lau 1.10. Kl. 19:30 7. sýn. Ö | Lau 15.10. Kl. 19:30 13. sýn. |
| Sun 18.9. Kl. 19:30 2. sýn. U | Sun 2.10. Kl. 19:30 8. sýn. Ö | Fös 21.10. Kl. 19:30 14. sýn. |
| Fös 23.9. Kl. 19:30 3. sýn. U | Fös 7.10. Kl. 19:30 9. sýn. U | Lau 22.10. Kl. 19:30 15. sýn. |
| Lau 24.9. Kl. 19:30 4. sýn. U | Lau 8.10. Kl. 19:30 10. sýn. U | Fös 28.10. Kl. 19:30 16. sýn. |
| Sun 25.9. Kl. 19:30 5. sýn. | Sun 9.10. Kl. 19:30 11. sýn. Ö | Lau 29.10. Kl. 19:30 17. sýn. |
| Fös 30.9. Kl. 19:30 6. sýn. | Fös 14.10. Kl. 19:30 12. sýn. U | |

**Ballið á Bessastöðum** (Stóra sviðið)

| | |
|---|---|
| Sun 25.9. Kl. 14:00 35. sýn. | Sun 9.10. Kl. 14:00 37. sýn. |
| Sun 2.10. Kl. 14:00 36. sýn. | Sun 16.10. Kl. 14:00 38. sýn. |

**Bjart með köflum** (Stóra sviðið)

| | |
|---|---|
| Fös 23.9. Kl. 19:30 22. sýn. | Fös 30.9. Kl. 19:30 24. sýn. |
| Lau 24.9. Kl. 19:30 23. sýn. | |

**Judy Garland** (Þjóðleikhúskjallarinn)

| | |
|---|---|
| Sun 16.10. Kl. 21:00 Frums. | Lau 22.10. Kl. 22:00 3. sýn. U |
| Fös 21.10. Kl. 22:00 2. sýn. | |

**Uppnám** (Þjóðleikhúskjallarinn)

| | |
|---|---|
| Fös 23.9. Kl. 22:00 | Fös 30.9. Kl. 22:00 4. sýn. |

**Hvílíkt snilldarverk er maðurinn** (Þjóðleikhúskjallarinn)

| | |
|---|---|
| Sun 2.10. Kl. 19:30 Frums. | Lau 8.10. Kl. 19:30 3. sýn. |
| Fös 7.10. Kl. 19:30 2. sýn. | Fös 14.10. Kl. 19:30 4. sýn. |

33% LÆGRA MIÐAVERÐ MEÐ LEIKHÚSKORTI

Sími í miðasölu 5511200


# Eurovision-kynnir yfirgefur RÚV

„Ég er orðinn 35 ára og það var kominn tími til að fá mér alvöru vinnu,“ segir Guðmundur Gunnarsson. Hann er hættur hjá RÚV eftir að hafa sagt þar upp störfum.

Guðmundur sló í gegn hjá landsmönnum í síðustu Eurovision-keppni, þar sem hann var kynnir við hlið Ragnhildar Steinunnar. Keppnin varð ákaflega eftirminnileg þegar lag Sigurjóns Brink, Aftur heim, sigraði. Guðmundur var nokkuð áberandi í sjónvarpsdagskránni þar sem hann stýrði einnig sjónvarpsþættinum Á meðan ég man, en þar var hlaupið yfir sögu Ríkissjónvarpsins í máli og myndum auk Skólahreysti og fjármálaþáttarins Ferð til fjár.

Guðmundur er þessa dagana í fæðingarorlofi og hefur því í önnur horn að líta. „Þetta hefur verið góður tími en ég hef alltaf verið hálfgerður sumarstarfsmaður og verið á flakki milli deilda síðastliðin fimm ár og ég mat þetta þannig að þetta væri orðið gott,“ segir Guðmundur, en hann kveðst aðeins vera farinn að líta í kringum sig. „Nei, nú er maður bara að hugsa um bleyjuskipti.“ **- fgg**



**HÆTTUR** Guðmundur Gunnarsson er horfinn af skjánum og sinnir skyldum sínum sem faðir í fæðingarorlofi. Hann segist ætla að finna sér alvöru vinnu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ

# Fullt hús af nýjum vörum, dömu-, herra- og barnaföt



**Bolakjóll** Verð 6.590,-
Stærðir 16-26
**Harem buxur**- 2.999,-
Stærðir S/M, M/L og L/XL
**Skór** Verð 3.999

**Bolur og ermar saman**
Verð 7.490,- Stærðir 16-26
**Harem buxur** -2999,
Stærðir S/M, M/L og L/XL
**Skór** Verð 3.999

**Prjónuð peysa**
Verð 8.490,- Stærðir 16-26
**Kjóll**
Verð 7.990,- Stærðir 16-26

**Síðerma bolur**
Verð 4.490
Stærðir S/M og M/L

**Prjónuð golla**
Verð 8.490,-
Stærðir 16-26

**Peysukjóll**
Verð 14.990,-
Ein stærð
(12-16)



**Síðerma bolur**
**“hound”**
Verð 4.290 stærðir S-L
**Gallabuxur** Verð 4.999,-
**Skór** Verð 4.999,-

**Húfa** Verð 499
**Síðerma bolur**
Verð 2.590
**Gallabuxur** Verð 4.999
**Skór** Verð 3.999

**Síðerma bolur**
Verð 2.590
**Jogging buxur** 2.990
Stærðir 4-16 ára
**Skór** Verð 2.999

**Síðerma bolur**
Verð 2.590
**Jogging buxur**
Verð 2.990
Stærðir 4-16 ára

**Hettupeysa**
Verð 3.999
**Joggingbuxur**
Verð 2.999
Stærðir 4-16 ára

**Síðerma bolur**
Verð 3.590
**Gallabuxur**
Verð 4.999,-
**Skór** Verð 2.999,-

**Síðerma bolur**
Verð 3,590
Stærðir 4-14 ára





**Peysa** Verð 3.999
Stærðir 4-14 ára
**Gallabuxur** Verð 8.590
Stærðir 6-16 ára

**Síð hettupeysa**
Verð 1.999
Stærðir 7-13 ára








**Skyrta** Verð 4.490
Stærðir 4-14 ára
**Hermannabuxur**
Verð 2.999

**GULA HÚSIÐ**
**FAXAFENI 8**

Opið 11–19 alla daga vikunnar, nema sunnudaga 12–17 / Sími 534 4451

**ÓDÝRT & GOTT**

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



NOVA
LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland

**Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.**


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Auglýsing með Tom Brady

Fyrirtækið Snorri Brothers tók nýverið upp auglýsingu fyrir skólínuna UGG í Los Angeles. Á bak við myndavélina var auglýsingaleikstjórinn Eiður Snorri, sem er búsettur í borginni. Í auglýsingunni er bandaríski leikstjórnandinn **Tom Brady,** sem leikur með New England Patriots í amerísku NFL-boltanum, á gangi um Los Angeles og þurfti að loka nokkrum götum til að tökurnar gætu farið fram. Brady er kvæntur ofurfyrirsætunni Gisele Bündchen og saman mynda þau tekjuhæsta par afþreyingarbransans á síðasta ári, samkvæmt tímaritinu Forbes. Engum sögum fer af því hvað Brady fékk í vasann fyrir leik sinn í auglýsingunni en vafalítið hefur þóknunin verið í ríflegri kantinum.



### Of þungur fyrir sinn flokk

Bardagaíþróttakappinn **Gunnar Nelson** flaug til Englands í fyrradag þar sem hann er að fara keppa í uppgjafaglímu á ADCC-mótinu sem fram fer í Nottingham um helgina. Gunnar ætlaði upphaflega að keppa í -77 kílógrammaflokki en þar sem hann vó rétt rúm 80 kíló ákvað hann að fara í næsta þyngdarflokk fyrir ofan. Þjálfari Gunnars sem og pabbi hans reyndu að telja glímukappann ofan af því en án árangurs. Það verður því við ramman reip að draga hjá Gunnari því hann er ekki bara að fara etja kappi við allra bestu glímukappa heims heldur einnig mun þyngri keppendur en hann ætlaði sér í upphafi. **- fb, kh**



## Mest lesið | vísir

1. Nýtt Facebook kynnt á morgun - miklar breytingar í vændum
2. Kassastrákur kærði formann VR til jafnréttisnefndar
3. Kannast þú við tölurnar 2-9-16-17-38-42?
4. Faldar myndavélar á snyrtingum
5. Ísland vinsælt í hinsegin ritum





